Stjórnartíðindi
1889 - B-deild

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. IX og 10.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

ÍSLAND

árið 1889.

B-deildin.

Reykjavík.

Prentuð í prentsmiðju Ísafoldar,
1889.

Efnisyfirlit

Kaflar í efnisyfirlitinu.

Stjórnarbrjef, auglýsingar o. fl.
Verðlagsskrár.
Reikningar.
Amtsráðsfundaskýrslur.
Styrkur úr landssjóði.
Auglýsingar um útkomin lög o. fl.
Embættaskipun og sýslana (veiting og lausn).
Auglýsingar um óveitt embætti og sýslanir.
Heiðursgjafir.
Heiðursmerki.
Ferðaáætlanir.
Fiskiveiðasamþykkt.
Auglýsing um stjórnartíðindi.
Leiðrjetting.

Stjórnarbrjef, auglýsingar o. fl.

Skammstafanir: A. = auglýsing. — L. = landshöfðingjabrjef. — R. = ráðgjafabrjef.

Dag-setning. 1888.	Tala í B-deild.		Bls.
10. des.	35 L.	um fullnægingu dóma og og sætta í einkamálum, er ákveða sektir til landssjóðs, fátækrasjóða eða annara opinberra sjóða	50
1889			
4. jan.	6 L.	um borgun fyrir athugasemdir á veðbrjef . . .	5
12. —	4. R.	um svar konungs upp á ávarp Reykjavíkurbúa út af 25 ára stjórnarafmæli hans	4
12. —	7 L.	um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar o. fl.	5
14. —	16 R.	um greiðslu kostnaðar við flutning skipbrotsmanna af íslenzku skipi, til átthaga sinna í Noregi	22
19. —	5 A.	um póstmál (póstafgreiðsla flutt frá Breiðabólstað að Odda á Rangárvöllum)	5
24. —	8 L.	um ólögmæta prestkosningu	6
2. febr.	36 L.	um endurborgun sveitarstyrks (handa Eyjólfi Eyjólfssyni)	51
5. —	37 L.	um brot gegn verzlunar og siglingarlögunum . .	51
20. —	38 L.	um endurgjald á sveitarstyrk (handa Vigdísi Jónsdóttur)	52
20. —	39 L.	um endurgjald á sveitarstyrk (handa Friðrik Ólafssyni)	52
20. febr.	40 L.	um endurgjald á sveitarstyrk (handa Guðlaugu Guðmundsdóttur) . . .	53
23. —	41 L.	um uppbót prestakalls (Fjarðar í Mjóafirði) . .	55
23. —	29	Akvörðun um að samþykkt um hákarlaniðurskurð á opnum skipum í Barðastrandarsýslu frá 23. maí 1881 skuli úr gildi numin	40
23. —	23 A.	um póstmál (brjefhirðingar á Miklabæ í Blönduhlíð og á Sauðafelli) . . .	32
25. —	17. A.	um styrk til sýslufjelaga til eflingar búnaði . . .	23
25. —	51	Staðfesting konungs á reglugjörð fyrir gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Thorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur	60
28. —	42 L.	um tilkall Staðarkirkju í Steingrímsfirði til hvalreka á þjóðjörðinni Reykjanesi	55
28. —	43 L.	um endurgjald á 10 kr., er glatazt höfðu úr peningapóstsendingu	55
28. —	44 L.	um sveitfesti þurfalings (Solveigar S. Jóhannsd.)	56
18. marz	45 L.	um áreið á svo nefndan Almenning á Skaðaheiði og kostnað við áreiðargjörðina	57
19. —	46 L.	um skiptingu bráðabirgðauppbótar til fátækra prestakalla	58

Dagsetning. 1889.	Tala í B-deild		Bls.
20. marz	47 L.	um þóknun fyrir ritföng hreppstjóra	58
21. —	48 L.	um kröfu til álags úr landssjóði til handa Viðvíkurkirkju	59
25. —	49 L.	um sjerstakt manntalsþing fyrir Hafnahrepp	60
25. —	50 L.	um endurborgun á tolli af vínföngum, er lekið höfðu niður	60
29. —	61	Fiskiveiðasamþykkt um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á Skagafirði . . .	75
20. apríl	62 L.	um fjárveitingarvald sýslunefndar	76
30. —	53 A.	um útborgun á »bonus« til hluthafenda í líffjár- og framfærslustofnuninni í Kaupmannahöfn frá 1871	63
3. maí	63 L.	um áfrýjun sakamáls af hálfu hins dómfellda	77
3. —	64 L.	um flutning á Holtskirkju undir Eyjaföllum . . .	78
3. —	65 L.	um endurgjald úr fátækrasjóði á lækninga- og legukostnaði vinnukonu . .	78
4. —	66 L.	um lán handa Útskálaprestakalli til húsbyggingar	78
4. —	67 R.	um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1891	79
4. —	68 L.	um endurgjald sveitarstyrks (handa börnum Markúsar Þorsteinssonar)	79
16. —	71 R.	út af beiðni um fjárstyrk til að semja registur yfir afsals og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar .	81
24. —	69 L.	um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík	79
25. —	70 L.	um sveitfesti þurfalings (Björns Sigurðssonar) .	80
31. —	72 L.	um endurgjald sveitarstyrks (handa Guðmundi Magnússyni)	81
31. —	73 L.	um skylduna til að kaupa lausakaupmennskuleyfisbrjef samkvæmt lögum $\frac{2}{12}$ 1887	82
31. —	74 L.	um þingsköp fyrir bæjarstjórn Akureyrar og um erindisbrjef fyrir mann, er líta skuli eptir eldstóm o. fl. á Akureyri	83
1. júní	75 L.	um heimild til að reka verzlun á jörð í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar	83
5. júní	76 L.	um stofnun nýs prestakalls	84
6. —	77 L.	um leyfi til að taka lán handa Otrardals prestakalli	84
8. —	78 L.	um endurborgun á útflutningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl.	85
8. —	79 L.	um skaðabætur handa pósti út af slysum á póstferð	85
11. —	80 L.	um lán handa Reykjavíkurkaupstað til vegagjörðar	85
20. —	81 L.	um sveitfesti þurfalings (Jónasar Samsonarsonar)	86
6. júlí	91 L.	um lán handa Kirkjubæjarklausturs prestakalli	110
9. —	92 L.	um skyldu manns til að veita sonarbörnum sínum forsorgun	110
12. ág.	93 R.	um sölu á reka og veiðiítökum tilheyrandi prestakalli	110
28. —	94 L.	um gjald fyrir borgarabrjef til verzlunar . .	110
31. —	95 L.	um endurgjald á sveitarstyrk (handa Guðmundi Guðmundssyni) . . .	113
3. sept.	96 L.	um toll af skipsöli og Brama-lífs-elixír . . .	113
4. —	97 L.	um samband nokkurra sýslufjelaga um búnaðarskólahald á Hólum o. fl.	113
9. —	98 L.	um sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 23 4. des. 1886	114
21. —	99 L.	um skiptingu Vatnsleysustrandarhrepps	114
24. —	100 L.	um skaðabætur fyrir skemmdir á póstsendingu	115
26. —	101 L.	um kröfu til þóknunar fyrir að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá . . .	115
28. —	111 R.	um veitingu prestakalls og vanrækzlu sóknarnefndar á skyldum sínum samkvæmt prestakosningarlögunum	139
30. —	102 L.	um skipting jarðarafgjalda milli Efri Holtaþinga og Stóruvalla prestakalla .	116
4. nóv.	112 L.	um skilyrði fyrir því, að megaa annast fólksflutninga hjeðan af landi til Vesturheims	140

Dag-setning. 1889	Tala í B-deild.		Bls.
7. nóv.	113 L.	um toll af kaffi, sykri og tóbaki	140
16. —	114 A.	um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara	141
16. —	116 A.	um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnaskóla	144
17. des.	126 L.	um styrktarsjóð Eiríks Ólafssonar	160

VERÐLAGSSKRÁR
sem gilda frá miðju maímán. 1889 til sama tíma 1890.

12. febr.	27	fyrir Húnavatnssýslu	38
12. —	28	— Skagafjarðarsýslu	41
12. —	30	— Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	42
12. —	31	— Þingeyjarsýslu	43
16. —	12	— Dalasýslu	16
16. —	13	— Barðastrandarsýslu	18
20. —	14	— Snæfellsn.- og Hnappadalssýslu	19
20. —	15	— Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	21
20. —	18	— Strandasýslu	25
20. —	19	— Mýrasýslu	27
23. —	20	— Austur-Skaptafellssýslu	28
25. —	21	— Vestur-Skaptafellssýslu	30
26. —	22	— Rangárvallasýslu	31
26. —	32	— Norður-Múlasýslu	45
26. —	33	— Suður-Múlasýslu	47
4. marz	24	— Árnessýslu	33
5. —	25	— Kjósar- og Gullbringusýslu og Reykjavíkurkaupstað	35
5. —	26	— Borgarfjarðarsýslu	36
11. apríl	34	— Vestmannaeyjasýslu	49

REIKNINGAR.

I.

Sjóðir undir stjórn landshöfðingja:

3. jan.	2	Styrktarsjóður þeirra, er bíða tjón af jarðeldi, fyrir 1888	2
3. —	2	Gjafasjóður Hannesar prestaskólakennara Árnasonar 1889	2
27. júlí	89	Gjöf Jóns Sigurðssonar	101
1. okt.	103	Styrktarsjóður Kristjáns konungs hins níunda frá 1. sept. 1888 til 31. ágúst 1889	117

II.

Sjóðir undir stjórn stiptsyfirvaldanna.

31. maí	85	Thorkillii barnaskólasjóður árið 1888	93

III.

Sjóðir undir stjórn biskups.

3. jan.	3	Prestsekknasjóðurinn 1888	3
3. jan.	3	Gjafasjóður Guttorms Þorsteinssonar s. á.	3
3. —	4	Sjóður af árgjöldum brauða s. á.	3
3. —	4	Sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi, einkum í Hegranesþingi s. á.	4

IV.

Sjóðir undir stjórn eða umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

15. jan.	82	Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888	86
27. apríl	83	Búnaðarskólasjóður norður- og austuramtsins s. á.	89
27. —	83	Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins s. á.	90
27. —	83	Gjafasjóður Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar	90
27. —	83	Prentsmiðjusjóður norður- og austuramtsins s. á.	91
27. —	83	Gjafasjóður Guttorms próf. Þorsteinssonar s. á.	91
27. —	83	Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað s. á.	91
19. nóv.	124	Yfirlit yfir fjárhag sýsluvegasjóða í norður- og austuramtinu s. á.	157
19. —	125	Yfirlit yfir fjárhag sýslusjóða í norður- og austuramtinu s. á.	158

V.

Kirkjureikningar úr norður- og austuramtinu.

29. marz	59	Möðruvallaklausturskirkja fardagaárið 1887—1888	73
29. —	59	Munkaþverárkl.kirkja s. á.	74
29. —	59	Flateyjarkirkja s. á.	74

VI.

Sjóðir undir stjórn amtmannsins yfir norður- og austuramtinu og prófastsins í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

26. febr.	57	Legatsjóður Jóns Sigurðssonar 1888	70
26. —	57	Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar til Vallahrepps fardagaárið 1887—1888	71

VII.

Sjóður undir stjórn amtmannsins yfir norður- og austuramtinu og verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Húsavík.

8. jan.	60	Legatsjóður Örum & Wulffs 1888	75

Dag-setning. 1889.	Tala í B-deild.		Bls.
		VIII. *Sjóðir undir stjórn eða umsjón amtsráðsins í suðuramtinu.*	
1888.			
31. des.	56	Ágrip af sýslusjóðsreikningum í suðuramtinu 1886 .	67
1889.			
15. febr.	55	Jafnaðarsjóður suðuramtsins 1888	66
21. —	86	Búnaðarskólasjóður suðuramtsins s. á.	94
26. —	87	Styrktarsjóður verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í suðuramtinu s. á.	95
1. —	104	Eldgosasjóður suðuramtsins s. á.	117
		IX. *Sjóðir undir stjórn amtsráðsins í vesturamtinu.*	
1888.			
31. des. 1889	9	Ágrip af sýslusjóðsreikningum í vesturamtinu 1886 .	7
15. febr.	55	Jafnaðarsjóður vesturamtsins 1888	66
16. —	105	Búnaðarsjóður vesturamtsins s. á.	118
20. —	106	Búnaðarskólasjóður vesturamtsins s. á.	118
20. maí	107	Reikningur amtsbókasafnsins í Stykkishólmi s. á. .	121
		X. *Sjóðir prestaskólans.*	
18. febr.	58	Prestaskólasjóðurinn 1888	72
18. —	58	Gjöf Halldórs Andrjessonar s. á.	73
		XI. *Landsbankareikningar.*	
31. jan.	10	Ágrip af reikningi landsbankans 1. okt. til 31. des. 1888	10
10. apríl	52	Ágrip af reikningi landsbankans 1. janúar til 31. marz 1889	62
9. júlí	84	Ágrip af reikningi landsbankans 1. apríl til 30. júní 1889	92
12. okt.	108	Ágrip af reikningi landsbankans 1. júlí til 30. sept. 1889	121
16. des.	123	Úrskurðaður reikningur landsbankans fyrir árið 1888	153
		XII. *Söfnunarsjóðsreikningur.*	
25. jan.	54	Reikningur yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Islands árið 1888	65

AMTSRÁÐSFUNDASKÝRSLUR.

A.

Aukafundur amtsráðsins í suðuramtinu 10. okt. 1888.

Tala í B-deild.		Bls.
1	1. 200 kr. þóknun veitt úr jafnaðarsjóði fyrir að hafa alið upp og kennt munaðarlausum heyrnar- og málleysingja	1
	2. 100 kr. styrkur veittur úr jafnaðarsjóði sjera Oddi V. Gíslasyni til að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, er snertir fiskiveiðar og sjómennsku	1
	3. Amtsráðið neitar að greiða kvennaskólanum í Reykjavík styrk af jafnaðarsjóði, nema fullnægt sje skilyrðum þeim, er amtsráðið hafði sett á síðasta aðalfundi . . .	1
	4. Um stofnun búnaðarskóla fyrir suðuramtið; um kaup á Hvanneyri og um lántöku til að koma þar á fót búnaðarskóla	1

B.

Aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—5. júní 1889.

110	1. Framlagðir og endurskoðaðir reikningar fyrir 1888 yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins	126
	2. Styrkur veittur úr búnaðarsjóði amtsins Guðmundi Hjaltasyni fyrir túnasljettun 50 kr. og Hólaskóla 150 kr.	127
	3. Jafnaðarsjóðsreikningur 1888 framlagður og endurskoðaður . . .	127
	4. Samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1890 . .	127
	5. Framlagður og endurskoðaður reikningur amtsbókasafns norður- og austuramtsins; bókasafninu veittar 200 kr. úr jafnaðarsjóði . . .	129
	6. Kvennaskólanum á Ytri-Ey veittar 300 kr. úr jafnaðarsjóði. Skólanum gjört að skyldu að senda amtsráðinu framvegis skýrslu um skólann og reikning yfir tekjur hans og gjöld. Kvennaskólanum á Laugalandi sömuleiðis veittar 300 kr. Skýrsla framlögð, reikningur heimtaður	129
	7. Veittar 50 kr. á ári fyrst um sinn úr jafnaðarsjóði til að útvega bóluefni	129
	8. Útaf kæru frá hreppsnefnd yfir	

Tala í B.-deild. Bls.

því að sýslunefnd hefði felllt úr gildi úrskurði um sveitarútsvör, ljet amtsráðið í ljósi, að það lægi fyrir utan verksvið sýslunefnda, að kveða á um, hvort menn væru skyldir til að greiða sveitarútsvör eða ekki 129
9. Útaf kæru frá hreppsnefnd yfir úrskurðum sýslunefndar, felldi amtsráðið þann úrskurð, að engin lög væru fyrir því, að greiða prests- og kirkjugjöld þurfalinga úr sveitarsjóði og að hreppsnefnd gæti gengið að oddvita sínum með endurborgun á fje, sem hann án heimildar nefndarinnar hefði greitt úr hreppssjóði 130
10. Samþykktar nýjar reglugjörðir fyrir kvennaskólana á Laugalandi og Ytri-Ey 131
11. Yfirsetukvenna-umdæmum í Suður-Múlasýslu fjölgað um 1 . . . 131
12. Þóknun úr sýslusjóði handa yfirsetukonu 131
13. Hreppsnefnd kærir sýslunefnd fyrir að hafa tekið til greina útsvarskæru, er of seint var fram komin, en amtsráðið úrskurðar, að við svo búið megi standa 131
14. Tillögur um bætur á aðalpóstvegum 132
15. Styrkur handa búnaðarfjelögum og Eyðaskóla af fjenu til eflingar búnaði 132
16. Reikningar búnaðarskólans á Eyðum endurskoðaðir og úrskurðaðir 133
17. Reikningar búnaðarskólans á Hólum endurskoðaðir og úrskurðaðir 133
18. Framlögð og yfirfarin eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda . . . 134
19. Framlagðir og úrskurðaðir sýslusjóðsreikningar 1888 135
20. Framlagðir og úrskurðaðir sýsluvegasjóðsreikningar 1888 . . . 136
21. Um sameining Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna við Eyjafjarðar- Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur um búnaðarskólann á Hólum 138

C.

Aðalfundur amtsráðsins í vesturamtinu 15.—18. júní 1889.

88 1. a, Jafnaðarsjóðsreikningur vesturamtsins 1888 lagður fram og endurskoðaður 96
b, Búnaðarskólasjóðsreikningur amtsins s. á. sömuleiðis . . 96

Tala í B.-deild. Bls.

c, Búnaðarsjóðsreikningur amtsins s. á. sömuleiðis 96
d, Reikningur amtsbókasafnsins í Stykkishólmi s. á. sömuleiðis . 96
2. Sýslusjóðsreikningar framlagðir og yfirskoðaðir 96
3. Eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda framlögð og yfirskoðuð . 96
4. Samþykkt að greiða af jafnaðarsjóði, kennslukaup mállausrar stúlku, ef slík kennsla yrði útveguð hjer á landi 97
5. Samþykkt breyting á takmörkum á 6. og 7. yfirsetukvennahjeraði í Barðastrandarsýslu eptir uppást. sýslunefndar 97
6. Samþykkt að veita Magnfríði Gísladóttur í Höfðadal 20 kr. styrk úr sýslusjóði fyrir yfirsetukvennastörf 97
7. Beiðni Ásgeirs Guðmundssonar á Arngerðareyri um styrk úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. veitt meðmæli 97
8. Hafnað tillögu sýslunefndar Ísafjarðarsýslu um breyting á reglugjörð Ólafsdalsskólans 98
9. Sýslunefnd Ísafjarðarsýslu leyft að taka 4000 kr. lán til gufubátskaupa 98
10. Vegur yfir Botnsheiði numinn úr tölu sýsluvega 98
11. Veittur 100 kr. styrkur af jafnaðarsjóði til kvennaskólans í Reykjavík 98
12. Veittar 100 kr. úr jafnaðarsjóði til borgunar á ógreiddu varðkaupi 1 manns á Botnsvogaverði 1878 til varnar gegn útbreiðslu fjárkláðans 98
13. Framlagðar og samþykktar tillögur sýslunefnda um, hvar aðalpóstleiðir skuli liggja 98
14. Framlagðar tillögur sýslunefnda um sýsluvegi (sbr. lög 10. nóv. 1887) 98
15. Samþykkt að verja styrk þeim af gullbrúðkaups-legati Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans, sem vesturamtið fær 1889—91, til vegagjörðar á Arnarstapavegi í Mýrasýslu 90
16. Neitað beiðni landlæknisins um 50 kr. af jafnaðarsjóði fyrir bólusefni 99

Tala í B-deild. 1889. Bls.

17. Framlögð bónarbrjef búnaðarfjelaga um styrk af fje því, sem veitt er í fjárl. 10. gr. C. 4. c. . . . 99
18. Kæru Th. Amlie yfir sveitar-útsvari eigi veitt áheyrn 99
19. Samþykkt að sækja um 5000 kr. lán handa æðarræktarfjelaginu á Breiðafirði, samkvæmt beiðni þess 99
20. Samþykkt breyting á vargeyðingarreglum æðarræktarfjelagsins á Breiðafirði 99
21. Ólafsdalsskólinn. Kostnaður við hann 99
22. Samþykkt beiðni sýslunefndar um að mega jafna niður þriðjungi hærra gjaldi til sýslusjóðs en undanfarin ár 100
23. Rædd og samþykkt áætlun yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs 1890 100

D.

Fundur amtsráðsins í suðuramtinu 27.—29. júní 1889.

109 1. Jafnaðarsjóðsreikningur 1888, búnaðarskólagjaldsreikningur s. á. og leiguliðasjóðsreikningur s. á. framlagðir og endurskoðaðir 122
2. Sýslusjóðsreikningar fram lagðir og endurskoðaðir 123
3. Endurrit af gjörðabókum sýslunefnda framlögð 123
4. Tillögur amtsráðsins um styrk til búnaðarfjelaga 124
5. Um styrk til fangaklefabyggingar á Eyrarbakka 124
6. Beðið um staðfestingu amtsráðs á reglugjörð um notkun afrjetta, rjettaföld o. fl. 124
7. Framlagðar og samþykktar tillögur sýslunefnda um hvar sýslvegir skuli vera 125
8. Framlagðar og samþykktar tillögur sýslunefnda um, hvar aðalpóstleið skuli liggja 125
9. Framlagðar skýrslur sýslunefnda um torfærur á aðalpóstvegunum 125
10. Skýrt frá, að landshöfðingi hafi fellt úr gildi styrkveitingu úr sýslusjóði til Flensborgarskólans . . 125
11. Amtsráðið mælir með beiðni um styrk til framhalds vegagjörð á aðalpóstvegi 125
12. Kvennaskólanum í Reykjavík veittur 100 kr. styrkur 125
13. Amtsráðið álítur ekki þörf á að veita fje úr jafnaðarsjóði til að kaupa bóluefni 125

Tala í B.-deild 1889.

14. Sjera Oddi V. Gíslasyni veittur 300 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði fyrir ferðalög og störf til að leiðbeina sjómönnum 125
15. Samin og samþykkt reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hvanneyri 125
16. Um viðleitni til að útvega fje til árlegs viðhalds og kostnaðar við sæluhúsið á Kolviðarhóli . . . 126
17. Veittur 100 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli og ákveðið að semja við hann um kaup á bæ hans til viðbótar við sæluhúsið 126
18. Áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1890 126

Styrkur úr landssjóði.

A. Til eflingar búnaði.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889, 10. gr. C. 4. c. og d.

Kjósar- og Gullbringusýslu til að kaupa 2 ljósker handa vörðuvitum á Ásláksstaðatanga og Garðaholti 8
Rangárvallasýslu handa tveim búnaðarfjelögum, til framskurðar á Kaldárholtsmýri og handa búfræðingi til framhalds vatnsveitingastörfum 8
Austur-Skaptafellssýslu til ferðabúfræðings 102
Vestur-Skaptafellssýslu til framhalds vatnsveitinga á sandana milli Skaptár og Geitlandsár 102
Vestmannaeyjasýslu til verðlauna fyrir dugnað í búnaði 102
Rangárvallasýslu til vatnsveitingamanns og til þriggja búnaðar- og framfarafjelaga 102
Árnessýslu til tveggja búfræðinga og til þess að hlaða garð fyrir árennsli úr Hvítá 102
Kjósar- og Gullbringusýslu til þess að halda búfræðing, til nýs ljóskers á Brekkuhól og til þess að láta smíða þrjú skip með sjerstaklegu lagi . . 102
Borgarfjarðarsýslu til búnaðarfjelaga og til verðlauna fyrir góða meðferð á búfjenaði 102
Mýrasýslu til búfræðinga 102
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til búnaðarfjelaga, jarðyrkjumanns og verkfærakaupa 102
Dalasýslu til búnaðarfjelaga 103
Barðastrandarsýslu til búnaðarfjelaga og til verðlauna fyrir unnar jarðabætur . 103

Bls.

Isafjarðarsýslu til búnaðarfjelaga og búfræðinga og til verðlauna fyrir jarðabætur og dugnað í búnaði 103
Strandasýslu til búnaðarfjelaga . . . 103
Húnavatnssýslu til búnaðarfjelaga . . 103
Skagafjarðarsýslu til fullkomnunar þófaramylnu og til að koma upp æðarvarpi 103
Eyjafjarðarsýslu til ferðabúfræðinga . . 103
Suður-Þingeyjarsýslu til ferðabúfræðinga 103
Norður-Múlasýslu til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla 103
Suður-Múlasýslu til verðlauna fyrir jarðabætur 103
Til búnaðarfjelaga og til að koma upp matjurtagarði 104
Tti 3 búnaðarfjelaga 144
Til 53 búnaðar- og framfarafjelaga . . 101
Til Eyðaskóla 101

B. Til vegabóta.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889, 10. gr. C. 5.

b. Á aðalpóstleiðum.

Til vegagjörðar frá Fóelluvötnum áleiðis til Reykjavíkur 8
Til vegagjörðar og viðhalds á jökulvegi yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi . 8, 144
Til vegagjörðar á Lónsheiði 8
Til viðhalds veginum yfir Svínahraun . 24
Til kostnaðar við Öxnadalsheiðarveginn 24
Til aðgjörðar á aðalpóstveginum á Mýrdalssandi 24
Til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni í Stafholtstungum 56
Til aðgjörðar á aðalpóstveginum frá Hafursá austur yfir Steigarháls í Skaptafellssýslu 88
Til aðgjörðar á aðalpóstveginum í Kjósarhreppi 88
Til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni fram með Esjunni 104
Til að ljúka við aðgerð á veginum yfir Lónsheiði 104
Til endurbóta á aðalpóstleiðinni um Hvalfjarðarstrandarhrepp 104
Til vegabóta á Þyrilshlíð 119
Til aðgjörðar á veginum yfir Vatnsskarð 119
Til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni um Seiluhrepp 144
Til aðgjörðar á brú á aðalpóstleiðinni um Mosfellssveit 144

c. Á öðrum vegum.

Til aðgjörðar á veginum yfir Vestdalsheiði 56

Bls.

C. Til prestakalla, uppgjafapresta og prestsekkna.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889, 13. gr. A. b. 2. og 5.

Úthlutun á bráðabirgðaruppbótarfje til fátækra prestakalla 58
Til uppgjafapresta og prestsekkna . . 111

D. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum og til sveitakennara.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og og 1889 13. gr. B. V. a. c. og e.

Til barnaskólans í Ólafsvík 56
— —— - Rosmhvalaneshreppi 119
— —— - Seltjarnarneshreppi . 119
— —— - Garðahreppi . . . 119
— —— - Hnífsdal 119
— —— - Hólshreppi 119
— —— - Bessastaðahreppi . . 119
— —— - Ólafsvík 119
— —— á Sandi 119
— —— - Skipaskaga 119
— —— - Vopnafirði . . . 119
— —— í Gaulverjabæ . . . 119
— —— - Vestmannaeyjum . . 119
— barnaskólanna - Stokkseyrarhreppi . 119
— —— - Vatnsleysustr.hreppi 119
— 45 sveitakennara 127

——

Auglýsingar um útkomin lög o. fl. 1, 57, 73, 89, 97, 113, 137.

——

Embættaskipun og sýslana (veiting og laun) 8, 24, 56, 64, 72, 80, 88, 104, 112, 120, 136, 144

——

Auglýsingar um óveitt embætti og sýslanir . . 8, 56, 64, 80, 104, 120, 128

——

Heiðursgjafir 120

——

Heiðursmerki 24, 64

——

Ferða-áætlanir.

Um 5.—8. ferð landpóstanna 1889 . . 12
— 9.—12. — —— 1889 og 1.—4. — 1890 105
— ferðir póstgufuskipanna 1890 . . . 142

——

Fiskiveiðasamþykkt 75

——

Auglýsing um Stjórnartíðindi . . . 160
Leiðrjettingar 112, 120

Registur

nafna og orða.

A Á.

Aðalpóstleið, styrkur til vegagjörðar á a., sjá Styrkur úr landssjóði í Efnisyfirlitinu.
Akureyri, um þingsköp fyrir bæjarstjórnina þar o. fl. 83; amtsbókasafnið þar 129.
Almenningur á Skagaheiði, kostnaður við áreiðargjörð á A. 57.
Alþýðuskóli, í Hljeskógum, 151.
Amtsbókasafn, í Stykkishólmi, 121; á Akureyri, 129.
Amtsráðsfundir, sjá Amtsráðsfundaskýrslur í Efnisyfirlitinu.
Arnljótur Ólafsson, prestur, 120.
Auglýsing, um útkomin lög o. fl. sjá Auglýsingar í Efnisyfirlitinu; um póstmál, 5, 32; um úthlutun styrks til eflingar búnaði, 23; um útborgun á. »bonus«, 63; um skilyrði fyrir styrkveitingu til sveitakennara, 141; um skilyrði fyrir styrkveitingu til barnaskóla, 144; um Stjórnartíðindi, 160.
Áreiðargjörð, kostnaður við á. 57.
Árni Sigurðsson, vatnsveitingamaður, 8.
Ásólfsskáli, um flutning kirkju þangað frá Holti, 5.
Ásláksstaðatangi á Vatnsleysuströnd, ljósker á vitavörðu þar, 8.
Áætlun, um sumarferðir landspóstanna 1889, 12; um 9—12. ferð landspóstanna 1889 og 1.—4. ferð 1890, 105; um póstgufuskipa-ferðir 1890, 142.

B.

Barnaskólar, styrkur til þeirra sjá Styrkur úr landssjóði í Efnisyfirlitinu; skilyrði fyrir styrkveiting til þeirra, 144.
Benedikt Kristjánsson, præp. hon., 104.
Bergstaða prestakall, 80, 120.
Bjarni Þorsteinsson, amtmaður, gullbrúðkaupslegat hans og konu hans, 60, 98.
Bjarni Þorsteinsson, prestur 56.
Bjarni Þórarinsson, prófastur, 8.
Björn Jónsson, prestur, 80.
»Bonus«-útborgun, auglýsing um það, 63.
Borgarabrjef, gjald fyrir b. til verzlunar, 110.
Botnsheiði, vegur yfir B., 98.
Bókasöfn, 114.
Bóluefni, 99, 125, 129.
Brama-lífs-elixír, um toll af B., 113.
Brauð, sjá Prestaköll.
Bráðabirgðaruppbót handa prestaköllum, 58.
Breiðabólstaðar prestakall í Fljótshlíð, 8, 104.
Brjefhirðingar, í Odda, 5; á Miklabæ í Blönduhlíð 32; Sauðafelli í Dalasýslu 32.
Brynjúlfur Gunnarsson, prestur 72.
Búnaðarfjelög, styrkur til þeirra, sjá Styrkur úr landssjóði í Efnisyfirlitinu.
Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888, 90; vesturamtsins 1888, 118.
Búnaðarskólasjóður norður- og austuramtsins 1888, 89; suðuramtsins 1888, 94; vesturamtsins 1888, 118.
Búnaðarskóli, á Hvanneyri 1, 125; í Ólafsdal, 98, 99; á Hólum 113, 127, 133, 138; á Eyðum, 133.
Bægisár prestakall, 128.

D.

Dómar, fullnæging d. og sætta í einkamálum, er ákveða sektir til opinberra sjóða, 50.
Dybdal, Anders, stjórnardeildarforstjóri, 80.

E.

Efri-Holtaþinga prestakall, 116.
Eggert Pálsson, prestur, 104.
Einar Ásmundsson, umboðsmaður, amtsráðsmaður, 126.
Einar Guðmundsson, bóndi, 120.
Einar Jónsson, prestur, 8.
Einar Þ. Thorlacius, prestur 120.
Eiríks Ólafssonar styrktarsjóður, 160.
Eldgosasjóður suðuramtsins 1888, 117.
Esja, aðalpóstleiðin fram með E., 104.
Eyða-búnaðarskóli 133.
Eyrarbakki, fangaklefi þar, 124.

F.

Fangaklefi, 124.
Fischer, W., styrktarsjóður hans 147.
Fiskiveiðar, samþykkt um f. á opnum skipum á Skagafirði, 75.
Fjarðar prestakall í Mjóafirði, 54.
Fjárveitingarvald sýslunefndar 76.
Flateyjarkirkju reikningar 1887—88, 74.
Flensborgarskólinn, 125.
Forsorgun, skylda til að veita sonarbörnum f., 110.
Fóelluvötn, vegur þaðan áleiðis til Reykjavíkur, 8.
Fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, 79.

G.

Garðaholt, ljósker á vitavörðu þar, 8.
Gjafasjóður, Hannesar prestaskólakennara Árnasonar 1888,

2; Guttorms Þorsteinssonar 1888, 3; Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar 1888, 90; Guttorms prófasts Þorsteinssonar 1888, 91; Jóns Sigurðssonar til Vallnahrepps 1887—1888, 71.
Gjöf Halldórs Andrjessonar 1888, 73.
Gjöf Jóns Sigurðssonar, 100.
Guðlaug Þorvarðardóttir, ekkja 1.
Guðmundur Guðmundsson, prestur, 120.
Guðmundur Helgason, prestur, 120.
Guðmundur Hjaltason, kennari, 127.
Guðmundur Ingimundsson, bóndi, 120.
Gufubátskaup, lántökuleyfi til g., 98.
Gufudals prestakall, 120.
Gullbrúðkaupslegat Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, 60, 98.

H.

Hafnahreppur, sjerstakt manntalsþing fyrir H., 60.
Hafursá, vegur þaðan austur yfir Steigarháls, 88.
Hallgrímur Sveinsson, biskup, 64.
Hannes Hafstein, landritari, 122, 144.
Havsteen J, amtmaður, 126.
Heiðursgjafir, 120.
Helga Bjarnadóttir, yfirsetukona, 131.
Heydalaprestakall, 120.
Hjálmur Pjetursson, amtsráðsmaður, 95.
Hljeskóga-alþýðuskóli 151.
Hofs prestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, 88.
Holt undir Eyjafjöllum, lán handa prestakallinu, 5; flutningur kirkju frá Holti að Ásólfsskóla, 5, 78.
Hóla-búnaðarskóli, 113, 127, 133, 138.
Hreppstjóri, þóknun fyrir ritföng handa h., 58.
Hvalfjarðarstrandarhreppur, endurbót á aðalpóstveginum þar, 104.
Hvamms prestakall, 120.
Hvanneyrar-búnaðarskóli 1,125.
Hvanneyrar prestakall, 56.

I. Í.

Ísleifur Gíslason, prestur, amtsráðsmaður, 1, 122.
Ítök, sala á í., 110.

J.

Jafnaðarsjóður, vesturamtsins 1888, 66; suðuramtsins 1888, 66; norður- og austuramtsins 1888, 86.
Jónassen, E. Th., amtmaður, 95.
Jón Jensson, yfirdómari, 64, 104.
Jón Jónsson, prestur, 88.
Jón Pjetursson, justitiarius, 64.
Jökulsá á Breiðamerkursandi, jökulvegur yfir J., 8, 144.
Jökulvegur, 8, 144.

K.

Kaffi, um toll af kaffi, sykri og tóbaki, 140.
Kálfholts prestakall, 120.
Kirkja, lán til kirkjubyggingar, 5; flutningur k., 5, 78; tilkall k. til hvalreka á þjóðjörð, 55; álag úr landssjóði handa k., 59; k.-reikningar úr norður- og austuramtinu 1887—88, 73.
Kirkjubæjarklausturs prestakall, 110.
Kirkjubær í Hróarstungu, ólögmæti prestskosningar þar, 6; veiting prestakallsins, 8.
Kjalarnesþing, stofnun þess prestakalls á ný, 84.
Kjósarhreppur, aðalpóstvegur þar, 88.
Kolviðarhóll, sæluhúsið og sæluhúsvörðurinn þar, 126.
Konungsstaðfesting á reglugjörð fyrir gullbrúðkaups-legati, 60.
Kvennaskóli, í Reykjavík, 1, 98, 125; á Laugalandi, 129, 131; á Ytri-Ey, 129, 131.

L.

Landpóstar, áætlun um ferðir l., 12, 105.
Landritaraembættið, 104, 112.
Landsbankinn, reikningar hans, 10, 62, 92, 121, 153.
Laugalands-kvennaskóli, 129, 131.
Lausakaupmennsku-leyfisbrjef, 82.
Lán, til kirkjubyggingar, 5; til prestakalls, 78, 84, 110; til vegagjörðar handa kaupstað, 85.
Lárus E. Sveinbjörnsson, justitiarius, 64.
Legatsjóður Jóns Sigurðssonar 1888, 70; Örum & Wulffs 1888, 75.
Ljósker, á vitavörður, 8.
Lónsheiði, vegagjörð þar, 8, 104, 125.
Lundaveiði, um samþykkt um l. í Vestmannaevjum, 151.
Lærði skólinn, um rjett kvenna til að ganga þar undir próf, 79.

M.

Magnfríður Gísladóttir, yfirsetukona, 97.
Magnús Bergsson, prestur, 120.
Magnús Brynjúlfsson, hreppstjóri, dannebrogsmaður, 24.
Magnús Magnússon, bóndi, dannebrogsmaður, 24.
Manntalsþing, sjerstakt m. handa Hafnahreppi, 60.
Málleysingi, um kennslu m., 97.
»Miaca«, greiðsla kostnaðar við heimsending skipbrotsmanna af M., 22.
Miklabæjar prestakall í Blönduhlíð, 8, 80.
Mosfellssveit, aðalpóstleið þar, 144.
Munkaþverárklausturs-kirkjureikningar 1887—1888, 74.
Mýrdalssandur, vegur yfir M., 24.
Möðruvallaklausturs-kirkjureikningar 1887—1888, 73.

N.

Norðursýslu- og Reykjadalsjarða umboð, 120.
Noregur, greiðsla kostnaðar við heimsending skipbrotsmanna til N., 22.

O. Ó.

Oddgeir Guðmundsen, prestur, 120.

Oddur V. Gíslason, prestur, 1, 125.
Otrardals prestakall, lán handa því, 84.
Ólafsdals-búnaðarskóli, 98, 99.
Ólafur Briem, umboðsmaður, vara-amtsráðsmaður, 126.
Ólafur Halldórsson, skrifstofustjóri, 80.
Ólafur Petersen, prestur, 24.
Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður, dannebrogsmaður, 24.

P.

P. Pjetursson, dr. theol., biskup, 64.
Póstgufuskip, ferðaáætlun póstgufuskipanna, 1890, 142; samningur um póstgufuskipaferðir 145.
Póstmál, auglýsing um p., 5, 32; um endurgjald á peningapóstsendingu, 55; um skaðabætur fyrir slys á póstferð 85; um skaðabætur fyrir skemmdir á póstsendingu, 115; áætlun um ferðir landpóstanna, 12, 105; póstgufuskipanna, 142; samningur um póstgufuskipaferðir, 145.
Prentsmiðjusjóður norður- og austuramtsins 1888, 91.
Prestaköll, lán handa p., 5, 78, 84, 110; um uppbót handa p., 54; bráðabirgðauppbót handa fátækum p., 58; um endurreisn p., 84; sala á ítökum undan p., 110; skipting jarðarafgjalds milli tveggja p., 116.
Prestar, ólögmæti prestskosningar, 6; vanrækzla sóknarnefndar við prestskosning, 139.
Prestaskólasjóðurinn 1888, 72.
Prestsekkjur, 111.
Prestsekknasjóðurinn 1888, 3.

R.

Reglugjörð, fyrir gullbrúðkaupslegati, 61; um notkun afrjetta o. fl., 124.
Reykjavík, kvennaskóli þar, 1, 98, 125; svar konungs til R.-búa upp á ávarp þeirra, 4; vegur þangað frá Fóelluvöllum, 8; R.-prestakall, 80, 136; um registur yfir afsals- og veðmálabækur R., 81; um heimild til að reka verzlun á jörð í umdæmi R., 83; lán handa R. til vegagjörðar, 85.

S.

Sakamál, um áfrýjun s. af hálfu dómfellda, 77.
Sampykkt, um fiskiveiðar á opnum skipum á Skagafirði, 75.
Sauðaness prestakall, 24, 120.
Seiluhreppur, aðalpóstleiðin þar, 144.
Sektir, fullnæging dóma og sætta í einkamálum, er ákveða s. til opinberra sjóða, 50.
S. E. Sverrisen, sýslumaður, amtsráðsmaður, 95.
Sigfús Jónsson, prestur, 120.
Siglingar- og verzlunarlög, brot gegn þeim, 51.
Sjóður af árgjöldum brauða 1888, 4; fátækra ekkna í Norðurlandi 1888, 4.
Skaðabætur, fyrir slys á póstferð, 85; fyrir skemmdir á póstsendingu, 115.
Skagaheiði, kostnaður við áreiðargjörð á Almenning á S., 57.
Skipbrotsmenn, greiðsla kostnaður við heimsending s., til Noregs, 22.
Skipsöl, um toll af s., 113.
Skipulagsskrá, fyrir styrktarsjóði W. Fischers, 147.
Sonarbörn, forsorgun s., 110.
Sóknarnefnd, vanrækzla s. við prestskosning, 139.
Staðastaðar prestakall, 120, 128.
Staðfesting konungs á reglugjörð fyrir gullbrúðkaupslegati, 60; á skipalagsskrá fyrir styrktarsjóði W. Fischers, 147.
Stafholtstungur, aðalpóstleiðin þar, 56.
Steigarháls, vegur yfir S., 88.
Stóruvalla prestakall, 116, 120.
Stykkishólmur, amtsbókasafnið þar, 121.
Styrktarsjóður, þeirra er bíða tjón af jarðeldi 1888, 2; fátækra ekkna og munaðarlausrabarna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupst. 1888, 91; verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í suðuramtinu 1888, 95; Kristjáns konungs níunda $\frac{1}{9}$ 1888—$\frac{31}{6}$ 1889, 117; W. Fischers, 147; Eiríks Ólafssonar 160.
Styrkur úr landsjóði, sjá Efnisyfirlitið.
Svalbarðs-prestakall, 24.
Svar konungs upp á ávarp Reykjavíkurbúa út af 25 ára stjórnarafmæli hans, 4.
Sveitakennarar, 127, 141.
Sveitarstyrkur, endurgjald á s. 51, 52, 53, 79, 81, 113.
Sveitfesti þurfalings, 56, 80, 86, 152.
Svínahraunsvegur, 8, 24.
Syðri-Þverá, 115.
Sykur, um toll af kaffi, sykri og tóbaki, 140.
Sýslunefnd, fjárveitingavald s. 76.
Sýslusjóðir, ágrip af s—reikningum, í vesturamtinu 1886, 7; í suðuramtinu 1886, 67; í norður- og austuramtinu 1888 158.
Sýsluvegasjóðir, yfirlit yfir fjárhag s. í norður- og austur amtinu 1888, 157.
Sæluhús á Kolviðarhóli, 126.
Sæluhúsvörður, 126.
Sæmundur Jónsson, prófastur, vara-amtsráðs-maður, 122.
Sættir, fullnæging s. og dóma í einkamálum, er ákveða sektir til opinb. sjóða, 50.
Söfnunarsjóðurinn, reikningur hans fyrir 1888, 65.

T.

Tollar, endurborgun á t. af vínföngum, er lekið höfðu niður 60; um t. af skipsöli og Brama-lífs-elixír, 113; um t. af kaffi, sykri og tóbaki, 140.
Thorkillii barnaskólasjóður 1888, 93.
Torfi Bjarnason, skólastjóri, amtsráðsmaður, 95.
Tóbak, um toll af kaffi, sykri og t., 140.

U. Ú.

Umboð, Norðursýslu, Reykjadalsjarða og $\frac{3}{4}$ Flateyjar, 120.
Uppgjafaprestar, 111.
Útflutningsgjald, endurborgun á ú., 85.

Utflutningar, um skilyrði fyrir því, að mega annast ú., 140.
Útskála prestakall, lán handa því, 78.
Útsvar, kæra yfir ú., 99, 129, 131.

V.

Varnargarður, um þóknun fyrir að hlaða v., 115.
Vatnsleysustrandarhreppur, skipting hans, 114.
Vatnsskarð, vegabætur þar, 119.
Veðbrjef, um borgun fyrir athugasemdir á v., 5.
Vegabætur, styrkur til þeirra, sjá Styrkur úr landssjóði í Efnisyfirlitinu.
Verðlagsskrár, sjá Efnisyfirlitið.
Verzlunar- og siglingalög, brot gegn þeim, 51.
Vestdalsheiði, vegurinn yfir V., 56.
Vestmannaeyja prestakall, 56, 72, 120.
Vestmannaeyjar, um samþykkt viðvíkjandi lundaveiði þar, 151.
Vesturfarir, um skilyrði fyrir því, að mega annast v., 140.
Viðvíkurkirkja, 59.
Vinnukona, lækninga- og legukostnaður v., 78.
Vitavarða, ljósker á v., 8.

Y.

Yfirdómurinn, 64.
Yfirsetukvenna-umdæmi í norður- og austuramtinu, 149.
Ytri - Eyjar - kvennskóli, 129, 131.

Þ.

Þjóðjörð, um greiðslu kostnaðar fyrir að hlaða varnargarð á. þ., 115.
Þorlákur Guðmundsson, alþingismaður, amtsráðsmaður, 1.
Þorkell Eyjólfsson, prestur, 120.
Þórhallur Bjarnarson, prestaskólakennari, settur dómkirkjuprestur, 136.
Þurfamaður, sveitfesti þ., 56, 80, 86, 152.
Þyrilshlíð, vegabætur þar, 119.

Æ.

Æðarræktarfjelag, 99.

Ö.

Örum & Wulffs legatsjóður 1888, 75.
Öxnadalsheiði, vegurinn yfir Ö., 24.

Nýútkomið í A-deild.

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1889, undirskrifað af konungi 5. jan. 1889 (A. nr. 1, bls. 2—3).

Skýrsla

1

um aukafund amtsráðsins í Suðuramtinu 10. okt. 1888.

10. okt.

Ár 1888 h. 10. okt. átti amtsráðið í Suðuramtinu aukafund með sjer á skrifstofu amtmannsins. Á fundinum voru auk amtmannsins í Suðuramtinu amtsráðsmaður síra Ísleifur Gíslason og vara-amtsráðsmaður Þorlákur Guðmundsson alþingismaður.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram bónarbrjef frá ekkjunni Guðlaugu Þorvarðardóttur á Dalbæ í Hrunamannahreppi innan Árnessýslu, dags. 11. júní þ. á. til landshöfðingjans, þar sem hún sækir um styrk af opinberu fje fyrir að hafa upp alið og kennt til fermingar piltinum Jóni Jónssyni, sem er munaðarlaus mái- og heyrnarleysingi; hafði landshöfðinginn með brjefi dags. 28. júlí þ. á. lagt málefni þetta undir úrslit amtsráðsins. Amtsráðið samþykkti að veita tjeðri ekkju úr jafnaðarsjóði fyrir uppeldi og kennslu þessa greinda mállausa og heyrnarlausa pilts 200 kr.
2. Amtsráðið veitti síra Oddi V. Gíslasyni samkvæmt þarum gerðri beiðni hans 100kr. úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins til þess í haust að halda áfram ferð kringum Faxaflóa og í fiskiverum austanfjalls í því skyni að leiðbeina mönnum með ýmislegt viðkomandi fiskiveiðum, og í því er lýtur að eflingu sjómennsku og til tryggingar sjómennsku.
3. Forseti lagði fram erindi frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, dags. 31. ágúst þ. á., þar sem nefndin neitar að fallast á þau skilyrði, er amtsráðið hafði sett á aðalfundi sínum í vor fyrir veitingu á 200 kr. úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins til kvennaskólans.

   Eptir að hafa yfirvegað málefni þetta, komst amtsráðið að nýju að þeirri niðurstöðu, að gefa nefndinni til vitundar, að tjeð fjárveiting fyrir yfirstandandi ár sje bundin því, að forstöðunefnd kvennaskólans fallizt á skilyrði þau, er amtsráðið á aðalfundi sínum í sumar setti fyrir greindri fjárveitingu, ella verði ekkert fje úr jafnaðarsjóði veitt til skólans.
4. Því næst var tekið til umræðu málið um stofnun búnaðarskóla fyrir Suðuramtið (sjá fund 29. júní þ. á. nr. 15), á jörðinni Hvanneyri í Borgarfirði og kaup á þessari jörðu í því skyni af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrir allt að 16,000 kr., og, ef unnt er, í viðbót við hið árlega búnaðarskólagjald og vexti af búnaðarskólasjóði suðuramtsins, að fá nægilegt peningalán, að setja þar á stofn að vori komandi búnaðarskóla; felur amtsráðið forseta sínum að semja um kaup jarðarinnar við sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu, og að taka lán þau, er nauðsynleg eru fyrirtæki þessu til framkvæmdar, og veðsetja fyrir þessum lánum veðskuldabrjef búnaðarskólasjóðs suðuramtsins, og að gera aðrar nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir málinu til framkvæmdar.

Reykjavík, h. 14. desember 1888.

E. Th. Jónassen.

2. dag febrúarmán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

Reikningar

sjóða er standa undir stjórn landshöfðingja.

Styrktarsjóður þeirra, er bíða tjón af jarðeldi, fyrir 1888.

Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Sjóður við árs byrjun (Stjtíð. 1888, 2. bls.):		
a, innritunarskírteini Ltra A fol. 102	30100,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	2548,45	32648,45
2. Vextir:		
a, af innritunarskírteini til 11/6 og 11/12 1888 á 3½% . . .	1053,50	
b, af fje í landsbankanum til 31/12 '88 . í	76,59	1130,09
	Samtals kr.	33778,54

Útgjöld.		
1. Styrkur veittur búnaðarskólanum á Eyðum		884,00
2. Sjóður í árslok:		
a, innritunarskírteini Ltr. A fol. 102	30100,00	
b, lán gegn fasteignarveði	1100,00	
c, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	1694,54	32894,54
	Samtals kr.	33778,54

Reykjavík 3. janúar 1889.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen. *Jón Jensson.*

Gjafasjóður Hannesar prestaskólakennara Árnasonar, 1888.

Tekjur.		
1. Sjóður við ársbyrjun 1888 (Stj.tíð. 1888, 2. bls.):		
a, innritunarskírteini Ltr. A, fol. 103	34000.00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	3197,05	37197,05
2. Ársvextir:		
a, af innritunarskírteini á 3½%	1190,00	
b, af fje í landsbankanum	91,98	1281,98
	Samtals kr.	38479,03

Útgjöld.		
1. Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans, 11. júní og 11. desember 1888		400,00
2. Sjóður við árslok:		
a, innritunarskírteini Ltr. A, fol. 103	34000,00	
b, lán gegn fasteignarveði	3000,00	
c, í landsbankanum med sparisjóðskjörum	1079,03	38079,03
	Samtals kr.	38479,03

Reykjavík 3. janúar 1889.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen. *Jón Jensson.*

Ágrip

af reikningum nokkurra sjóða, sem eru undir umsjón biskupsins yfir Íslandi, árið 1888.

I. Prestsekknasjóðurinn.

Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Sjóður við árslok 1887		17111,31
2. Árstillag Daníels prófasts Halldórssonar á Hólmum		4,00
3. Ársgjöf undirskrifaðs		20,00
4. Vextir á árinu:		
a, af skuldabrjefum einstakra manna	596,62	
b, af innritunarskírteini	56,00	
c, af innstæðu í landsbankanum	7,66	
d, greiddir útistandandi vextir frá f. á.	28,00	688,28
5. Ágóði af hugvekjum eptir ýmsa presta frá undirskrifuðum		300,00
	Samtals kr.	18123,59

Gjöld.		
1. Úthlutað fátækum prestsekkjum á synodus 1888.		400,00
2. Móti tekjulið 4 d færist til jafnaðar		28,00
3. Töpuð 200 kr. veðskuld í dánarbúi með vöxtum frá 11/6 1885 til 11/6 1887		216,00
4. Sjóður við árslok:		
a, veðskuldabrjef	14828,00	
b, innritunarskírteini	1600,00	
c, innstæða í landsbankanum	724,97	
d, í peningum hjá undirskrifuðum	326,62.	17479,59
	Samtals kr.	18123.59

II. Gjafasjóður Guttorms prófasts Þorsteinssonar.

Tekjur.		
1. Sjóður við árslok 1887		2123,11
2. Vextir á árinu:		
a, af skuldabrjefum einstakra manna	42,49	
b, ríkisskuldabrjefum	21,00	
c, af innstæðu í landsbankanum	16,42	79,91
3. Skuld til undirskrifads		0,13
	Samtals kr.	2203,15

Gjöld.		
1. Sjóður við árslok 1888:		
a, veðskuldabrjef	1000,00	
b, ríkisskuldabrjef	600,00	
c, í landsbankanum	603,15	2203,15
	Samtals kr.	2203,15

3 *III. Sjóður af árgjöldum brauða.*

Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Sjóður við árslok 1887		2066,50
2. Vextir á árinu:		
a, af veðskuldabrjefi	74,40	
b, af ríkisskuldabrjefi	7,00	81,40
	Samtals kr.	2147,90

Gjöld.		
1. Úthlutað á synodus 1888 uppgjafaprestum og prestsekkjum		87,90
2. Sjóður við árslok 1888:		
a, veðskuldabrjef	1860,00	
b, ríkisskuldabrjef	200,00	2060,00
	Samtals kr.	2147,90

IV. Sjóður fátækra ekkna í Norðurlandi, einkum Hegranesþingi.

Tekjur.		
1. Sjóður við árslok 1887		1628,75
2. Vextir á árinu:		
a, af veðskuldabrjefum	28,00	
b, af ríkisskuldabrjefi	11,04	
c, af innstæðu í landsbankanum	21,07	
d, ógreiddir vextir frá f. á.	12,00	72,11
3. Skuld til undirskrifaðs		8,96
	Samtals kr(	1709,82

Gjöld.		
1. Úthlutað 2 fátækum ekkjum í Hegranesþingi		60,00
2. Móti tekjulið 2 d færist til jafnaðar		12,00
3. Sjóður við árslok 1888:		
a, veðskuldabref	1300,00	
b, ríkisskuldabrjef	276,00	
c, innstæða í landsbankanum	61,82	1637,82
	Samtals kr.	1709,82

Skrifstofu biskupsins yfir Íslandi, Reykjavík 3. janúar 1889.
P. Pjetursson.

4 12. jan. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um svar h. h. konungsins upp á allraþegnsamlegast ávarp Reykjavíkurbúa út af 25 ára stjórnarafmæli h. h. konungsins.**

Eptir að borið hefur verið upp fyrir hans hátign konunginum allraþegnsamlegast ávarp það frá Reykjavíkurbúum, er þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 20, okt. f. á., og þar sem þeir fyrir hönd sjálfra sín og í nafni annara landsmanna sinna bera fram allraþegnsamlegastar heillaóskir út af stjórnarafmæli hans hátignar konungsins, hefur hans hátign lagt fyrir mig, að tjá þeim, er ávarpið sendu, að hans hátign hafi verið einkar kært, að fá á stjórnarafmælisdeginum einnig þessa kveðju frá mönnum á Íslandi, og að hans hátign hafi með heitu og einlægu

þakklæti fundið til þeirrar hollustu og ástar til konungs og konungsættar, er ávarpið 4
lýsir. 12. jan.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að gjöra ofanskráð allrahæst svar kunnugt hlutaðeigendum.

Auglýsing 5

um póstmál.

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir að póstafgreiðslan í Rangárvallasýslu skuli flutt frá Breiðabólstað í Fljótshlíð að Odda á Rangárvöllum.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 19. jan. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður og vesturamtinu* **um borgun fyrir athugasemdir á veðbrjef.** 6
4. jan.

Með þóknanlegu brjefi 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrlausnar erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann beiðist leiðbeiningar amtsins og úrskurðar, út af því að landsbankastjórnin hefur neitað að greiða gjald í landssjóð fyrir athugasemdir er hann hefur gjört á 3 veðskuldabrjef til bankans, er þinglesin hafa verið á bæjarþingi Reykjavíkur, og hefur bankinn fært til þá ástæðu fyrir neitun sinni, að »öll hin umræddu veð (húseignir í Reykjavík) voru síðastliðið vor boðin upp til lúkningar hinum umræddu gömlu skuldum, sem þar með eru fallnar burtu« og hafi því verið þýðingarlaust að gjöra athugasemdirnar á hin nýju veðbrjef.

Fyrir því skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um, að þar sem höpt þau á veðeignunum, sem athugasemdirnar ræða um, virðast enn vera óafmáð úr afsals- og veðmálabókunum, og bæjarfógetanum ber eigi skylda til að afmá úr bókunum ex officio slík höpt, þó þau kunni að vera fallin burtu við sölu á nauðungaruppboði, þá hafi það verið skylda bæjarfógetans að gjöra hinar umræddu athugasemdir og heimta gjald fyrir þær til landssjóðs samkvæmt 31. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar o. fl.** 7
12. jan.

Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá settum prófasti í Rangárvallaprófastsdæmi, sjera Kjartani Einarssyni í Holti, þar sem hann í fyrsta lagi fer fram á að jeg veiti sem fyrst leyfi til að kirkjan verði flutt frá Holti að jörðinni Ásólfsskála, og í öðru lagi

7 sækir um 2000 kr. styrk úr landssjóði til kirkjubyggingarinnar, með þeim kjörum,
12. jan. er næsta alþingi ákveði, og hafa stiptsyfirvöldin mælt með beiðni þessari.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg vil veita Holtsprestakalli undir Eyjafjöllum 2000 kr. lán úr landssjóði til kirkjubyggingar með þeim kjörum, sem alþingi 1889 ákveður, og verður upphæð lánsins eða nokkur hluti hennar, eptir þörfum, ávísuð prestinum, þegar hann fer þess á leit; en að því, er snertir flutning kirkjunnar frá Holti að Ásólfsskála, hefur málið enn eigi fengið þann undirbúning, að slíkur flutningur geti orðið leyfður, og verður kirkjuflutningsleyfið eigi veitt, nema málið sje á ný borið upp á hjeraðsfundi, samkvæmt 12. gr. laga nr. 5 frá 27. febr. 1880 og meiri hluti allra hjeraðsnefndarmanna samþykki á fundinum kirkjuflutninginn, og biskup síðan leggi með honum.

8 **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins yfir Íslandi* **um ólögmæta prestskosningu**
24. jan. Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra biskup sent mjer skýrslu um prestskosningu þá, sem fram hefur farið í Kirkjubæjarprestakalli í Hróarstungu 31. október þ. á., og ber skýrsla þessi með sjer, að af 78 kjósendum sem voru á kjörskrá, hafa 51 greitt atkvæði, og hafa þau fallið þannig, að sjera Halldór Bjarnarson á Presthólum hefur fengið 26 atkvæði, kandídat Eggert Pálsson 22 atkvæði og sjera Einar Jónsson á Miklabæ í Blönduhlíð 3 atkvæði. Með umgetinni skýrslu fylgdu auk ýmsra annara fylgiskjala 2 kærur yfir kosningunni, sumpart út af því, að menn hafi staðið á kjörskrá, og kosið, sem ekki höfðu talið fram neitt tíundbært fje á vorhreppaskilaþingi næsta á undan kosningunni og því ekki goldið til prests og kirkju, sumpart út af því, að mönnum hafi verið bætt inn á kjörskrá eptir að hún hafði legið frammi.

Að því, er snertir hið fyrra kæruatriðið, þá hefur kjörstjórnin í álitsskjali sínu um kærurnar kannast við, að einn nafngreindur kjósandi og »nokkrir fleiri« hafi ekki talið fram til tíundar á hreppaskilaþingi í vor er leið, en hafi gjört það eða þeim verið gjörð tíund á hreppaskilaþinginu í haust, en þar við athugast, að skilyrðið fyrir kosningarrjetti til prests, er ekki það að tíunda, heldur að gjalda til prests og kirkju, og þó maður telji fram eða honum sje gjörð tíund á hausthreppaskilaþingi fáum dögum fyrir kosningu, þá er það engin sönnun fyrir, að hann gjaldi til prests og kirkju það ár, er kosningin fer fram. Kjörstjórnin hefur einnig kannast við í álitsskjali sínu, að mönnum hafi verið bætt inn á kjörskrá, eptir að hún hafði verið lögð fram, og vill rjettlæta það með fyrirmælum 5. greinar í lögum 8. janúar 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, en eptir fyrirmælum þessarar greinar má ekki bæta neinum manni inn á kjörskrá eptir að hún hefur verið lögð fram, nema hann kæri yfir, að sjer hafi verið sleppt og kjörstjórnin síðan leggi úrskurð á kæruna, en í kosningargjörðunum segir, að engar mótbárur hafi komið fram gegn hinni framlögðu kjörskrá, og var því engin heimild til að bæta neinum manni inn á kjörskrána, eptir að hún hafði verið lögð fram.

		Í peningum Kr.	Í peningum Aur.	Hundrað á Kr.	Hundrað á Aur.	Alin. Aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr. 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum á	90	»	90	»	75
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar í fardögum ..... hver á	9	»	54	»	45
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti..... — -	14	25	85	50	71
4.	— 8 — tvævetrir..... - — ..... — -	9	50	76	»	63
5.	— 12 — veturgamlir... - — ..... — -	7	»	84	»	70
6.	— 8 ær geldar..... - — ..... — -	9	50	76	»	63
7.	— 10 — mylkar ..... - — ..... — -	6	»	60	»	50
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum ..... á	»	»	»	»	»
9.	— $1\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri ..... hver -	40	»	53	33	44
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr. 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, pundið á	»	55	66	»	55
11.	— 120 — af mislitri ullu, vel þveginni — -	»	40	48	»	40
12.	— 120 — af smjöri, vel verkuðu ..... — -	»	55	66	»	55
13.	— 120 — af tólg, vel bræddri..... — -	»	35	42	»	35
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr. 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið -	»	»	»	»	»
16.	— 30 — tvíbands-gjaldsokka ..... — -	1	»	30	»	25
17.	— 180 — sjóvetlinga .... — -	»	25	45	»	38
18.	— 20 eingirnispeysur..... hver -	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbands-gjaldpeysur ..... — -	»	»	»	»	»
20.	— 120 ál. gjaldvoðarvaðmáls, álnar breiðs, 1 alin -	»	95	114	»	95
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar - — -	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr. 6 vættir af saltfiski vel verkuðum, vættin á	9	50	57	»	48
23.	— 6 — — harðfiski — — — -	12	50	75	»	63
24.	— 6 — — þyrsklingi— — — -	7	50	45	»	38
25.	— 6 — — ýsu, hertri ..... — -	6	25	37	50	31
26.	— 6 — — hákarli, hertum ..... — -	6	»	36	»	30
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr. 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 — — — hákarlslýsis ... - — -	»	»	»	»	»
29.	— 1 — — — selslýsis ..... - — -	»	»	»	»	»
30.	— 1 — — — þorskalýsis .... - — -	1	20	18	»	15
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr. 4 fjórðungar nautskinns ..... 10 pund á	11	»	44	»	37
32.	— 6 — kýrskinns ..... — — -	»	»	»	»	»
33.	— 6 — hrossskinns ..... — — -	»	»	»	»	»

27. dag aprílmán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

34
11. apr.

		Ípeningum Kr.	Ípeningum Aur.	Hundrað á Kr.	Hundrað á Aur.	Álin. Aur.
34.	1 hndr. 8 fjórðungar sauðskinns, af tvævetrum og eldri ... 10 pund á	6	»	48	»	40
35.	— 12 — sauðskinns, af veturgömlum og ám . — — -	4	»	48	»	40
36.	— 6 — selskinns .... — — -	10	»	60	»	50
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ... hvert á	»	17	40	80	34
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	14	»	84	»	70
39.	— 40 — — — óhreinsuðum ... — -	»	»	»	»	»
40.	—120 — — fugláfiðri ..... 10 pund -	4	50	54	»	45
41.	—480 — — fjallagrösum ..... — — -	»	»	»	»	»
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir.....	2	50	60	»	50
43.	— 1 lambsfóður	3	50	84	»	70
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eptir A. eða í friðu			72	35	60
	— *B.* — *í ullu, smjöri og tólg*			55	50	46
	— *C.* — *í ullar-tóvöru*			63	»	53
	— *D.* — *í fiski*			50	10	42
	— *E.* — *í lýsi*			18	»	15
	— *F.* — *í skinna-vöru*			48	16	40
	En meðalverð allra landaura samantalið			307	11	256
	og skipt með 6, sýnir: **meðalverð allra meðalverða** . .			**51**	**19**	**43**

Reykjavík 11. dag aprílmán. 1889.

E. Th. Jónassen. *P. Pjetursson.*

35
1888
10. des.

Brjef landshöfðingja *til beggja amtmanna* **um fullnægingu dóma og sætta í einkamálum er ákveða sektir til landssjóðs, fátækrasjóða eða annara opinberra sjóða.** — Til þess að nauðsynlegt eptirlit geti orðið haft með því, að sektir, sem landssjóði eða öðrum opinberum sjóðum kunna að vera dæmdar í einkamálum, sjeu greiddar að svo miklu leyti, sem hlutaðeigendur kjósa ekki heldur að afplána þær, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla sýslumenn og bæjarfógeta, sem þjer eruð skipaður yfir, að senda yður eptirrit af niðurlagi þeirra dóma í einkamálum, sem eptirleiðis verða kveðnir upp í lögsagnarumdæmum þeirra og þar sem landssjóði, fátækrasjóðum eða öðrum opinberum sjóðum eru dæmdar sektir, og að afgreiða eptirritin af slíkum dómum til yðar með fyrsta pósti eptir að dómarnir eru kveðnir upp, en síðan ber yður að hafa eptirlit með, að dómunum verði fullnægt annaðhvort með borgun eða afplánun sektanna. Sömuleiðis vil jeg skora á yður að brýna fyrir tjeðum embættismönnum, að þeim beri ex officio, og án þess að bíða eptir sjerstakri skipun frá yður í hvert skipti, að hlutast um fullnustugjörð slíkra dóma á lögskipaðan hátt að því er umgetnar sektir snertir.

Að endingu skal jeg taka fram, að jeg vonast eptir að þjer, herra amtmaður, hafið eptirlit með því, að sáttanefndirnar í umdæmi yðar láti hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvitum í tje skýrlur þær, sem ræðir um í kansellíumburðarbrjefi 19. janúar 1799, viðvíkjandi sektum, er eptir sáttagjörningum eiga að renna til fátækra.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurborgun sveitarstyrks**[1]) — Eptir að jeg hefi með þóknanlegu brjefi yðar herra amtmaður, dags 30. f. m. meðtekið álit sýslumannsins í Strandasýslu um kröfu Nauteyrarhrepps í Ísafjarðarsýslu á hendur Hrófbergshreppi í Strandasýslu út af kostnaði við dvöl þurfamannsins Eyjólfs Eyjólfssonar og hyskis hans í Nauteyrarhreppi veturinn 1883—84, skal jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hreppsnefnd Hrófbergshrepps að greiða Nauteyrarhreppi ofannefndan kostnað með þeirri upphæð er sýslumaðurinn í Strandasýslu hefur samþykkt, eða með 243 kr. 72., því jeg verð að fallast á það álit sýslumannsins að borgunin fyrir hýsingu á Eyjólfi og hyski hans hjá Bjarna Gíslasyni hreppstjóra (1. liður a. í reikningi Nauteyrarhrepps) sje að ástæðulausu sett hærra en önnur hýsing á Eyjólfi og hyski hans, sem færð er til á reikningi Nauteyrarhrepps. Reikningur Nauteyrararhrepps og álit sýslumannsins í Strandasýslu um hann endursendast. **36** 2. febr.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **um brot gegn verzlunar- og siglingalögunum.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 14. nóv. f. á. hafið þjer, herra amtmaður út af því að það hafi komið fyrir tvívegis á síðastliðnu sumri að skip, sem komu beint frá útlöndum og ekki höfðu gjört grein fyrir sjer á neinu löggiltu kauptúni, lögðu upp vörur, annað í Hrísey og hitt á Hjalteyri, beiðst úrlausnar minnar um það, hvort þessi brot gegn verzlunar- og siglingalöggjöfinni beri að skoða sem brot gegn lögum 15. apríl 1854 eða gegn lögum nr. 28. 7. nóvbr. 1879, 3. gr., en að yðar áliti á þessi síðarnefnda lagaákvörðun að eins við, er verzlað er á hlutaðeigandi skipum. **37** 5. febr.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega að jeg álít að það komi undir lög um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, en eigi undir 3. eða 4. gr. sbr. 6. gr. fyrnefndra laga 7. nóvbr. 1879, er vörur eru lagðar á land og eins stendur á og að ofan er greint, ef eigi er fólgin nein verzlun í landflutningi varanna, þar sem þær eru lagðar á land.

---

1) Áður var í máli þessu með brjefi til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu 16 maí 1888 úrskurðað á þessa leið:

Með þóknanlegu brjefi dags 26. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað ýms skjöl snertandi kostnað við dvöl þurfamanns nokkurs Eyjólfs Eyjólfssonar og hyskis hans veturinn 1883—84 í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu, er það var á leið á fátækraflutningi til framfærsluhrepps Eyjólfs Hrófbergshrepps í Strandasýslu. Hafið þjer með brjefi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu 19. ágúst f. á. álitið, að kostnað þennan, sem talinn var 284 kr., en hreppsnefndin í Nauteyrarhreppi hefur samþykkt að færður verði niður í 256 kr. 12 a., beri að skoða sem annan fátækrastyrk, er endurborgast eigi af framfærsluhreppi Eyjólfs, Hrófbergshreppi, en eigi sem fátækraflutningskostnað, er jafna eigi niður á hreppa Ísafjarðarsýslu. En hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur ekki viljað sætta sig við nefnt álit yðar eða úrskurð, og því skotið spurningunni undir úrskurð minn.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg er yður samdóma um að kostnaðinn við ofannefnda dvöl greinds Eyjólfs Eyjólfssonar og hyskis hans í Nauteyrarhreppi beri að endurgjalda af framfærsluhreppi hans Hrófbergshreppi sem annan fátækrastyrk, en að því er snertir upphæð kostnaðar þessa, þá ber það undir sýslumanninn í Strandasýslu að úrskurða um það, hvort hún sje hæfileg, áður en til æðri úrskurðar geti komið um það efni.

38 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um**
20. febr. **endurgjald á sveitarstyrk.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 6. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Suðurfjarðahreppi, dags. 22. nóv. f. á., ásamt fleiri skjölum, og áfrýjar hreppsnefndin til mín í erindi þessu úrskurði yðar 20. ágúst f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu 7. sept. 1886, en með honum er ofannefndum hreppi gjört að skyldu að endurgjalda Barðastrandarhreppi sveitarstyrk að upphæð 36 kr., er Vigdísi nokkurri Jónsdóttur var lagður af síðarnefndum hreppi veturinn 1885 - 86.

Með því að jeg er samdóma yður um að ofannefndur úrskurður sýslumannsins í Barðastrandarsýslu sje á rökum byggður, staðfestist hann hjer með í öllum greinum[1], og bið jeg yður hlutast til um, að Suðurfjarðahreppur dragi eigi lengur að endurgjalda Barðastrandarhreppi hinar umþráttuðu 36 kr.

39 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um**
20. febr. **endurgjald á sveitarstyrk.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu, dags. 20. okt. f. á. ásamt brjefi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 14. nóv. f. á., og fleiri skjölum, og áfrýjar tjeð hreppsnefnd í greindu erindi til mín úrskurði yðar, dags. 22. ágúst 1887, er skyldar Nauteyrarhrepp til að greiða Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu styrk lagðan Friðriki nokkrum Ólafssyni, sveitlægum í Nauteyrarhreppi, að upphæð 216 kr.

Sveitarstyrkur sá, er þjer þannig hafið úrskurðað Hólshreppi endurgjald á, tjáist mestmegnis hafa gengið til að útvega Friðriki lögskipaða uppfræðslu, og þó að til-

---

1) Úrskurður sýslumannsins, dags. 7. sept. 1886, var svo hljóðandi:

„Eptir að hreppsnefnd Barðastrandarhrepps hafði 5. desember síðastl. veitt Vigdísi Jónsdóttur og 2 óskilgetnum börnum hennar bráðabirgðastyrk úr sveitarsjóði, að upphæð 36 kr., og síðan 2. janúar þ. á. hafði tilkynnt hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, þar sem nefnd Vigdís er sveitlæg, þetta, og skorað á hana að veita nefndri Vigdísi og börnum hennar móttöku. og að endurgjalda styrk þann, er hjer ræðir um, hefur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps neitað að endurgjalda nefndan bráðabirgðastyrk og hafa síðan báðir málspartar skotið til úrskurðar míns, hvort hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps beri að endurgjalda fyrnefndan bráðabirgðastyrk.

Af skjölum máls þessa sjest, að hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur neitað að endurgjalda hjernefndan fátækrastyrk vegna þess, að henni gafst eigi kostur á að játa hreppshelgi Vigdísar fyren ofannefnt brjef Barðstrendinga, dags. 2. janúar þ. á. barst nefndinni 19. febrúar næst á eptir, þó það væri innan handar að tilkynna henni það strax sem Vigdís þessi varð styrksþurfi. Á hinn bóginn hefur hreppsnefnd Barðastrandarhrepps upplýst, að Vigdís var þunguð og ól barn 25. desbr. síðastl., og var því ekki flutningsfær til sveitar sinnar.

Með því að bráðabirgðastyrkur sá, er hjer ræðir um, hefur verið veittur 5. desember síðastl., en þá var hjernefnd Vigdís nálega komin að barnsburði og því ekki flutningsfær. og með því að hreppsnefnd Barðastrandarhrepps skömmu eptir að barnið var alið, nefnilega 2. janúar þ. á. hefur gefið Suðfirðingum þetta til kynna, virðist hreppsnefnd Barðastrandarhrepps ekki að hafa vanrækt skyldu sína í því tilliti. þar sem hún sjálfsagt ekki gat gjört þetta áður en styrkurinn var veittur, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps beri að endurgjalda hreppsnefnd Barðastrandarhrepps bráðabirgðastyrk þann, 36 kr.. sem veittur hefur verið Vigdísi Jónsdóttur og börnum hennar úr sveitarsjóði Barðastrandarhrepps í síðastliðnum desembermánuði.

Er því hjermeð skorað á hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps að endurgjalda sem allrafyrst hreppsnefnd Barðastrandarhrepps optumræddan fátækrastyrk 36 kr.

raunir Hólshrepps í þessa átt virðist hafa orðið árangurslitlar, verður þó upphæð styrks- 39
ins eigi vefengd eptir því sem fram er komið í málinu. En þar sem nokkur hluti 20. febr.
styrksins eða 116 kr., stafar frá árunum 1882 og 1883, eptir því sem talið er í reikningi þeim frá Hólshreppi, er málinu fylgir, og hreppsnefndin þar eigi tilkynnti hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um styrkveitinguna fyr en með brjefi 26. febr. 1884, og hefur þó engar ástæður fært til, er rjettlæti þennan drátt, þá álít jeg rjett að taka til greina kröfu Nauteyrarhrepps um að hann þurfi eigi að endurgjalda þann hluta styrksins, er veittur hefur verið árin 1882 og 1883 eptir reikningnum eða 116 kr.

Er því úrskurði yðar, er að ofan er nefndur, breytt þannig, að Nauteyrarhreppi beri að endurgjalda Hólshreppi 100 kr. af sveitarstyrk veittum Friðriki Ólafssyni til þess er hann 1885 var fluttur á sveit sína, og skal þjónustusamlega skorað á yður að leggja fyrir hreppsnefnd Nauteyrarhrepps að greiða endurgjald þetta af hendi tafarlaust.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um** 40
endurgjald á sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi dags. 6. þ. m. hafið þjer, herra 20. febr.
amtmaður, sent hingað brjef sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, dags. 25. f. m., og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi, dags. 28. des. f. á., þarsem áfrýjað er til mín úrskurði yðar, dags. 29. okt. f. á., er skyldar tjeðan hrepp til að greiða Gnúpverjahreppi í Árnessýslu 508 kr. 76 a., sem endurgjald á sveitarstyrk veittum þar á árunum 1875—1886 fráskilinni konu Guðlaugu Guðmundsdóttur, sem viðurkennd er sveitlæg í Seltjarnarneshreppi. Sömuleiðis fylgdu nefndu brjefi yðar eldri skjöl málsins 25 að tölu.

Samkvæmt skjölum máls þessa hefur ofannefnd Guðlaug Guðmundsdóttir þegið styrk af fátækrafje Gnúpverjahrepps á árunum 1875—85 eða til fardaga 1885 að upphæð 448 kr. 76 a. Fardagaárið 1885—86 var henni lagt, eins og nokkur árin á undan hafði átt sjer stað, 5 fiskar um vikuna eða í peningum 75 kr. 40 a, og 1886—87 sömuleiðis 5 fiskar á viku eða 74 kr. 10 a.

Þjer hafið nú, herra amtmaður, álitið, að Gnúpverjahreppi bæri að endurgjalda fyrstnefnda upphæð, 448 kr. 76 a., og auk þess sem meðgjöf með Guðlaugu árið 1885—86 60 kr., en þá upphæð kvaðst hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í brjefi hennar til hreppsnefndarinnar í Gnúpverjahreppi, dags.5.desbr. 1885 hafa »ákveðið að leggja» Guðlaugu fardagaárið 1885—86, en fyrir árið 1886—87 skyldi Gnúpverjahreppur að áliti yðar ekkert endurgjald fá, með því að hann hefði eigi þrátt fyrir áskorun Seltjarnarneshrepps flutt Guðlaugu þangað vorið 1886 og vanrækt að sanna með læknisvottorði, að hún ekki hafi verið flutningsfær fyr en vorið 1887, þegar hún var flutt á hrepp sinn.

Jeg get ekki verið yður samdóma í úrslitum þeim, er málið þannig hefur fengið hjá yður. Í fyrsta lagi er það, að það sjest ekki neinn vottur þess í málinu, að hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hafi, þó Guðlaug væri farin að þiggja af sveit, gjört sjer far um að grennslast eptir, hver væri framfærsluhreppur hennar, til þess að geta tilkynnt honum um styrkveitingarnar, fyr en 24. maí 1883 að sýslumaður sjest hafa hafa haldið próf yfir Guðlaugu um verustaði hennar þangað til, en það sjest eigi hvenær hreppsnefndin hefur beiðst prófs þessa af sýslumanni. Þessi nærfellt 6 ára langi dráttur á að gjöra

40 skyldu sína til þess að framfærsluhreppurinn fengi vitneskju um hinn veitta styrk, og
20. febr. gæti haft hönd í bagga með um ráðstöfun Guðlaugar, hlýtur að hafa þá afleiðingu, að Gnúpverjahreppur missi samkvæmt kröfu Seltjarnarneshrepps tilkall til endurgjalds á þeim hluta styrksins, er veittur var áður en þetta fyrsta fótmál, sveitfestisprófið, var stigið til að geta gjört framfærsluhreppnum aðvart. Reyndar varð enn nokkur dráttur á málinu eptir þetta, og framfærsluhreppurinn fjekk fyrst tilkynningu um styrkinn sumarið 1885, en sá dráttur verður eigi kenndur hreppsnefndinni í Gnúpverjahreppi.

Hvað þar næst snertir styrk þann, er Guðlaugu var veittur 1885—86, verð jeg að vísu að vera yður samdóma um, að viðurkenningin af hendi Seltjarnarneshrepps muni hafa komið of seint til þess að þurfalingur þessi, sem var kominn á sjötugsaldur, yrði fluttur það ár á sveit sína, enda mun þá og hafa verið búið að ráðstafa honum fyrir allt árið, en verði þetta álitið, virðist einnig Gnúpverjahreppur eiga heimtingu á endurgjaldi alls þess styrks, er hann hafði í tje látið eða 75 kr. 40 a., án tillits til þess hvað hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps á áliðnu árinu »ákvað» að hún vildi leggja þurfalingnum. Fyrir árið 1886—87 virðist Gnúpverjahreppur einnig eiga tilkall til endurgjalds á meðgjöf með Guðlaugu, því að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps fór því alls eigi fram, að hún væri flutt það ár, en ljet það á hinn bóginn í ljósi í fyrnefndu brjefi 5. desbr. 1885, að hún (ɔ: hreppsnefndin) mundi eigi framvegis (ɔ: frá fardögum 1886) greiða meira meðlag með Guðlaugu en 60 kr. nema sannað væri með læknisvottorði, að hún væri ekki flutningsfær, og í brjefi 1. marz 1887 kvaðst sama hreppsnefnd heimta, að Guðlaug sje flutt á næsta vori, því hún greiði ekki meðlag með henni til Gnúpverjahrepps optar en þetta yfirstandandi ár. En endurgjald það, er Gnúpverjahreppur á heimting á fyrir 1886—87 verður þó, þar sem eigi hefur sannað verið, að Guðlaug hafi eigi verið flutningsfær það ár eigi sett hærra en 60 kr., eins og Seltjarnarneshreppur hefur samþykkt að leggja henni í Gnúpverjahreppi þetta ár.

Samkvæmt framangreindu skal úrskurði yðar í máli þessu breytt á þá leið, að Gnúpverjahreppur skal eigi eiga tilkall til endurgjalds á styrk þeim, er veittur hefur verið ofannefndri Guðlaugu Guðmundsdóttur til fardaga 1882. Aptur á móti endurgjaldi Seltjarnarneshreppur honum fyrir fardagaárið 1882—83: 2 kr. 80 a. (2 vikna meðlag)

fyrir fardagaárið	1883—84	74 kr.	10 a.
— ——	1884—85	80 —	60 —
— ——	1885—86	75 —	40 —
— ——	1886—87	60 —	» —
	Alls	292 —	90 —

og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast til um, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps greiði Gnúpverjahreppi tafarlaust þessa upphæð, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er gjört.

41 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um uppbót prestakalls.** — Eins og
23. febr. hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum er kunnugt, hefur Fjarðar prestakalli í Mjóafirði verið útlagðar jarðir frá Valþjófsstaðar- og Ásprestaköllum, samkvæmt ráðgjafabrjefi 3. júní 1887, upp í 500 kr. af 800 kr. tillaginu til brauðsins úr landssjóði. Nú hefur presturinn að Firði, sjera Þorsteinn Halldórsson með brjefi 28. nóvbr. f. á. farið þess á leit

við mig, að sjer verði endurgoldinn úr landssjóði tekjuhalli sá, sem hann kveðst bíða 41
fardagaárin 1887—88 og 1888—89, við það, að afgjöldin af jörðum þeim, sem út hafa 23. febr.
verið lögð Fjarðarprestakalli, nái eptir verðlagsskránum eigi 500 kr. upphæð, og telur hann tekjuhalla þennan fyrir bæði fardagaárin að viðbættum umboðskostnaði alls kr. 253,97.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, hjer með tilkynnt til þóknanlegrar birtingar fyrir prestinum að Firði í Mjóafirði, sjera Þorsteini Halldórssyni að umgetin ráðstöfun, að leggja Fjarðarprestakalli jarðir út upp í 500 kr. af tillaginu úr landssjóði, sje framkvæmd að boði ráðgjafans í ofannefndu brjefi að fengnum úrskurði konungs, sbr. ráðgjafabrjef 18. apríl 1887, enda sje slík ráðstöfun samkvæm tilætlun alþingis og 3. gr. prestakallalaganna 27. febrúar 1880; það liggi líka í augum uppi, að eins og presturinn geti beðið einhvern halla við það, að verðlagsskrár sjeu lágar og hin umræddu jarðarafgjöld þannig eigi nái 500 kr., eins geti líka hæglega farið svo, að verðlagsskrár verði svo háar, að jarðarafgjöldin fari fram úr 500 kr., og verður það þá ágóði prestsins. Af þessum ástæðum sjái eg enga ástæðu til að prestinum verði greiddur þessi tekjuhalli, en hann geti auðvitað, vilji hann eigi hlíta þessum úrslitum, snúið sjer beina leið til ráðgjafans.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um** 42
tilkall Staðarkirkju í Steingrímsfirði til hvalreka á þjóðjörðinni Reykjanesi. — 28. febr.
Síðastliðinn vetur rak hval á Þjóðjörðinni Reykjanesi í Árneshreppi, sem heyrir undir Strandasýslu-jarðir. Presturinn að Stað í Steingrímsfirði gjörði fyrir hönd Staðarkirkju, tilkall til helmings af hvalnum, en umboðsmanni þótti eigi tilkall hans á fullum rökum byggt og tók andvirði alls hvalsins í umboðssjóð. Með því nú að ofannefndur presur hefur með skilríkjum sannað rjett Staðarkirkju til hálfs reka á jörðinni Reykjanesi, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir umboðsmann Strandasýslujarða, að greiða prestinum að Stað í Steingrímsfirði úr umboðssjóði andvirði helmingsins af umræddum hval að frádregnum öllum kostnaði.

Brjef landshöfðingja *til póstmeistarans í Reykjavík* **um endurgjald á 10 kr.** 43
er glatast höfðu úr peningapóstsendingu. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef 28. febr.
yðar, herra póstmeistari, dags. 20. þ. m. þar sem þjer skýrið frá, að af peningasendingu frá Skúla sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen að upphæð kr. 34,65, sem hann sjálfur hafði farið með á póstafgreiðluna á Ísafirði og látið póstafgreiðslumanninn telja og fengið kvittun hans fyrir, hafi vantað 10 kr. þegar viðtakandi tók við peningasendingunni á brjefhirðingastaðnum Breiðabólsstað á Skógarströnd og opnaði hana í viðurvist brjefhirðingarmannsins þar — skal jeg þjónustusamlega skora á yður að greiða ofangreindum sendanda umgetnar 10 kr. úr póstsjóði og sömuleiðis hlutast til um, að póstafgreiðslumaðurinn á Ísafirði endurgjaldi póstsjóði þessar 10 kr., þar sem hann hefur gefið út póstkvittun fyrir að kr. 34,65 hafi verið rjett skilað á póstafgreiðsluna, svo að hinar vantandi 10 kr. hljóta að hafa runnið inn til hans eða tapast í vörslum hans.

44 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **um sveit-**
28. febr. **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. júlí f. á. senduð þjer mjer, herra amtmaður erindi hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 13. okt. 1887 er kveður svo á, að Solveig Sigurbjörg nokkur Jóhannsdóttir skuli álítast sveitlæg í nefndum hreppi, og eptir að jeg nú með brjefi yðar, dags. 4. f. m., hefi meðtekið ítarlegri skýrslu málinu viðvíkjandi, skal úrskurður lagður á það sem hjer segir:

Solveig Sigurbjörg sú, er ágreiningurinn er um í þessu máli hvar sveitlæg sje hefur eigi með dvöl áunnið sjer sjálf sveit í neinum hreppi, og ræður það því úrslitum málsins hvar álitið verði að hún eigi fæðingarhrepp.

Hún er fædd 15. júní 1861 á Strjúgsstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi og er skilgetin dóttir Jóhanns nokkurs Guðmundssonar. Voru foreldrar Solveigar fardagaárið 1860—61 á lausum kjala en á einmánuði 1861 kom Jóhann konu sinni óljettri fyrir á Strjúgsstöðum hjá bónda þeim er þar bjó til næstu fardaga, og þegar annar maður tók við jörðinni í fardögum fjekk Jóhann leyfi hans, til að kona hans dveldi hjá honum fyrst um sinn meðan Jóhann, sem hafði fengið leyfi til að byggja sjer kofa í landi jarðarinnar Móbergs í Engihlíðarhreppi, var að koma upp kofa þessum, og flutti Jóhann síðan í hann milli fráfærna og sláttar um sumarið, en á meðan hann var að byggja kofann hjelt hann ýmist til á Móbergi eða Hvammi, næstu bæjum við kofann, og var að eins stöku sinnum nótt og nótt á Strjúgsstöðum þar sem kona hans dvaldi. Eptir þessum atvikum málsins verð jeg að álíta, að Jóhann, faðir Solveigar hafi eigi átt neinstaðar fast löglegt heimili á þeim tíma, er Solveig fæddist, og að hún því samkvæmt niðurlagi 7. gr. í fátækrareglugjörð 8. janúar 1834 eigi framfærslu í Bólstaðarhlíðarhreppi þar sem hún fæddist. Skal því úrskurður yðar, er að ofan er nefndur standa óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.
samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.
10. gr, C. 5. b.

Veittar 119 kr. 50 a. til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni í Stafholtstungum, (milli Arnarholts og Hamarenda.).

10. gr. C. 5. c.

Veittar 87 kr. 67 a. uppí kostnað við aðgjörð á veginum yfir Vestdalsheiði.

13. gr. B. V. b. 1.

Veittar 40 kr. til barnaskólans í Ólafsvík.

EMBÆTTISSKIPUN.

18. marz veitti landshöfðingi settum presti í Hvanneyrarprestakalli og Kvíabekkjarprestakalli, sjera Bjarna Þorsteinssyni Hvanneyrar prestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá fardögum 1889, eptir ósk hlutaðeigandi safnaðar, er hafði afsalað sjer kosningarrjetti.

ÓVEITT PRESTAKALL,

veitt með þeim fyrirvara, að sá er það fær, verði að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þess, er leitt geti af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Vestmannaeyjar (Ofanleytissókn) í Rangárvallaprófastsdæmi. Prestsekkja er í brauðinu, auk þess nýtur önnur prestsekkja náðarársins fardagaárið 1889—90. Metið 1407 kr. 36 a. Auglýst 24. apríl 1889.

Ný-útkomið í A. deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing frá ráðgjafanum fyrir Ísland um að bólusótt gangi í Lissabon og gula sóttin á eyjunni Palma o. s. frv., dags. 16. apríl 1889 (A. nr. 2, bls. 4—5).

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **um áreið á svonefndan Almenning á Skagaheiði og kostnað við áreiðargjörðina.** — Í erindi, er jeg meðtók 22. nóvbr. f. á., en dagsett er 5. maí s. á. hefur hreppsnefndin í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu borið sig upp undan því að sýslunefndin í Húnavatnssýslu og amtsráðið í norður og austuramtinu hafa ályktað að sveitarsjóður Vindhælishrepps skuli greiða kostnað, að því leyti er Húnavatnssýslu snertir, við áreið á svonefndan Almenning á Skagaheiði, sem framfór sumarið 1885, að tilhlutun sýslunefndanna í Húnvatnssýslu og Skagafjarðarsýslu til þess að ákveða takmörk Almenningsins á allar hliðar og sömuleiðis sýsluskilin milli nefndra sýslna, og fer hreppsnefndin fram á það, að jeg felli áminnstar ályktanir sýslunefndar og amtsráðs úr gildi sem ólögmætar. Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 23. janúar þ. á. hefi jeg síðan meðtekið umsögn yðar um nefnt erindi og þau skjöl málinu viðvíkjandi, er þjer hafið álitið við þurfa því til skýringar. **45** 18. marz

Á fundi sýslunefndarinnar í Húnavatnsýslu 23. febrúar 1885 ályktaði sýslunefnd þessi eptir uppástungu sýslunefndarmannsins úr Vindhælishreppi að gjörð skyldi áreið á svo nefndan Almenning á Skagaheiði, sem liggur á sýslutakmörkum Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna og er hafður til upprekstur bæði úr Vindhælishreppi og úr Skefilsstaðahreppi (Skagafjarðarsýslumegin). Virðist áreiðin af sýslunefndinni hafa verið álitin nauðsynleg til að fullnægja fyrirmælum landamerkjalaganna, og átti því með henni að ákveða takmörk Almenningsins og aðliggjandi jarða báðum megin, en sumpart átti með áreiðinni að ákveða sýsluskilin á heiðinni. Skyldu oddvitar beggja sýslunefndanna, í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, nefna menn til áreiðarinnar, 3 menn hvor, og skyldu af áreiðarmönnunum úr Húnavatnssýslu 2 vera úr Vindhælishreppi en 1 utanhrepps, og allur kostnaðurinn við áreiðina skyldi, hvað Húnavatnssýslu snerti, greiðast úr sveitarsjóði Vindhælishrepps. Eptir að áreiðarmenn samkvæmt þessu höfðu verið útnefndir af hlutaðeigandi sýslumönnum, að því er virðist á manntalsþingum vorið eptir, og án nokkurrar tilhlutunar af hálfu hreppsnefndarinnar, fór áreiðin á heiðina fram í júlí 1885, en þegar sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu síðan sendi hreppsnefnd Vindhælishrepps reikninganna yfir kostnaðinn af áreiðinni «til þess hún segði álit sitt um þá» þá lýsti hreppsnefndin því yfir á fundi 8. jan. 1886 að sjer væri málið óviðkomandi, þareð áreiðin hefði verið gjörð án hennar samþykkis eða álits, en þar sem áreiðin myndi hafa verið gjörð til að ákveða sýsluskilin virtist það sennilegast að sýslusjóðurinn bæri kostnaðinn af henni. Eptir að sýslunefndin hafði síðar á fundi 22. febrúar 1886 lagt fyrir hreppsnefndina af nýju að greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði, skaut hreppsnefnin málinu til amtsráðsúrskurðar og krafðist þess að ályktun sýslunefndarinnar hjer að lútandi yrði felld úr gildi, eða ef það fengist ekki, að þá yrðu reikningar áreiðarmannanna færðir niður, en til stuðnings aðalkröfu sinni tók hreppsnefndin það fram, auk þess sem fram komið hafði á fundi hennar 8. jan. 1886 og áður um getur, að almenningurinn væri eingöngu í sameign þeirra, er ættu jarðir að honum, en að talsverður hluti sveitarinnar ætti engin lönd að honum og enga heimild til að hagnýta sjer hann. Amtsráðið lagði síðan þann

1. dag maímán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

45 úrskurð á málið á fundi sínum í júnímánuði 1887, að ákvörðun sýslunefndarinnar í
18. marz Húnavatnssýslu skyldi standa óröskuð að því leyti að áreiðarkostnaðinn skyldi greiða úr sveitarsjóði Vindhælishrepps, og virðist svo sem þjer, herra amtmaður í áðurnefndu brjefi yðar viljið einkanlega styðja þennan úrskurð með því, að hinn umræddi almenningur sje eign Vindhælishrepps alls til móts við Skefilsstaðahrepp, en eigi að eins einstakra jarða í honum, og að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi óbeinlínis samþykkt áreiðina, með því að fara fram á það við amtsráðið, að áreiðarkostnaðurinn væri færður niður.

Jeg get nú ekki fallist á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi á neinn hátt samþykkt áreiðina eða áreiðarkostnaðinn fyrir hönd sveitarsjóðsins, því slíkt samþykki verður hvorki leitt af því atviki, að sýslunefndarmaðurinn úr Vindhælishreppi bar málið upp á sýslufundi Húnavatnssýslu 23. febrúar 1885 nje af því, að hreppsnefndin fór til vara fram á það við amtsráðið að það færði niður áreiðarkostnaðarreikningana, enda hefur hreppsnefndin engin afskipti haft af áreiðinni. En þar sem málið liggur þannig fyrir, verð jeg að vera amtsráðinu samdóma um, sbr. brjef yðar til sýslumannsins í Húnavatnssýslu dagsett 18. júní 1887, að sýslunefndina hafi með öllu brostið heimild til, hvort sem optnefndur almenningur er eign einstakra jarða í Vindhælishreppi eða hreppsins alls, að hlutast til um áreið á merki á almenningnum og til að leggja kostnað af slíkri áreið á hreppssjóð. Skulu því hjerumræddar ályktanir amtráðs og sýslunefndar, að því leyti sem þeim er áfrýjað, úr gildi felldar.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

46 **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um skiptingu bráðabirgðaruppbótar til fá-**
19. marz **tækra prestakalla.** — Samkvæmt tillögum yðar háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. í gær, vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðaruppbót sú, fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1. Staður í Grindavík	300 kr.
2. Staður í Aðalvík	600 —
3. Tjörn á Vatnsnesi	300 —
4. Miðgarður í Grímsey	400 —
5. Höfði	100 —
6. Lundarbrekka	300 —
7. Sauðlauksdalur	250 —
8. Skarðsþing	250 —
9. Stafafell í Lóni	200 —
	2700 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði á venjulegan hátt.

47 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um þókn-**
20. marz **un fyrir ritföng hreppstjóra.** — Hreppstjórinn í Glæsibæjarhreppi í Eyjarfjarðarsýslu

hefur í erindi nokkru, dags. 27. jan. þ. á., er hann hefur sent hingað beina leið, 47
spurzt fyrir um það, 1. hvort sýslunefnd hafi eigi vald eða heimild til samkvæmt lands- 20. marz
höfðingjabrjefum 23. okt. 1880, 28. marz 1881 og 23. maí 1884, að veita hreppstjórum
hæfilega þóknun af sveitarsjóði fyrir ritföng, og 2. hvort hreppsnefnd, ef svo sje, eigi
sje skyld að greiða þóknunina, svo að beita megi, ef nauðsyn ber til, þvingunarsektum,
ef boðum sýslunefndarinnar er eigi hlýtt. En áður hefur hann fengið úrskurð amtsráðs-
ins í norður- og austuramtinu í þessu efni á fundi þess í júní f. á., út af kröfu er
hann hafði gjört um þóknun fyrir ritföng úr sveitarsjóði Glæsibæjarhrepps, en hann er eigi
ánægður með þann úrskurð.

Út af þessu læt jeg eigi hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður,
til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofannefndum hreppstjóra, að sýslunefnd-
ir hafa hvorki samkvæmt hinum tilvitnuðu landshöfðingjabrjefum nje öðrum ákvörðun-
um heimild til að skipa hreppsnefndum að greiða hreppstjórum þóknun fyrir ritföng úr
sveitarsjóði.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um kröfu til álags úr landssjóði** 48
til handa Viðvíkurkirkju. — Með þóknanlegu brjefi dags. 7. þ. m. hafið þjer, herra 21. marz
amtmaður og háæruverðugi herra sent hingað 2 brjef, annað frá prestinum að Viðvík til
stiptsyfirvaldanna og hitt frá prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi til biskups, og er
þess farið á leit í brjefum þessum, að stiptsyfirvöld og biskup komi því til leiðar, að
Viðvíkurkirkja fái greitt 400 kr. álag, er á hana hafi verið gjört með úttekt 30. júní
1862, þá er konungsjörðin Viðvík með kirkjunni var afhent til prestsseturs í Viðvíkur-
brauði samkvæmt konungsúrskurði 25. sept. 1854 og dómsmálastjórnarbrjefi 31. okt.
1861 í makaskiptum fyrir Hjaltastaði með hjáleigum, og leggið þjer það til út af nefnd-
um brjefum, að jeg hlutist til um að áminnst álagskrafa, 400 kr., verði tekin upp í
fjárlagafrumvarp það sem lagt verður fyrir næsta alþingi.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að í ofannefndum konungsúrskurði
25. sept. 1854, er ekkert minnst á álag á Viðvíkurkirkju eða að hana skyldi afhenda
eptir úttekt, og í ástæðunum fyrir úrskurðinum (Lovsamling for Island XV bls. 718)
segir að eins að kirkjan sje í góðu standi og eigi að fylgja með í kaupinu, en ekkert er
þar heldur minnst á neina úttekt eða álag. Það var því engin heimild til þess eptir
nefndum konungsúrskurði að afhenda kirkjuna eptir úttekt eða gjöra hið umkrafða álag
á hana. En auk þessa er úttekt sú er framfór á kirkjunni, þá er álagið var gjört,
byggð á alsendis röngum grundvelli, þar sem úttektarmennirnir gegn allri venju hafa
miðað álagið við það, að kirkjan, sem var torfkirkja, yrði byggð upp af nýju sem timb-
urkirkja, en á þennan galla á úttektinni benti hinn þáverandi biskup prófastinum í
Skagafjarðarprófastsdæmi, hinum sama sem nú er þar prófastur, með brjefi dags. 17. marz 1864,
er þjer, háæruverðugi herra hafið sent mjer eptirrit af eptir beiðni minni, og kvaðst
biskup þá eigi vegna þessa galla á úttektinni geta farið fram á við stjórnina að fá hið
gjörða álag, 200 rd., sem prófastur þá hafði mælzt til að yrði borgað.

48 Að svo vöxnu máli get jeg eigi sjeð neina ástæðu til að hlutast til um, sam-
21. marz kvæmt tillögu yðar, að hið umkrafða álag verði tekið upp á fjárlagafrumvarpið fyrir 1890 og 1891.

49 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um**
25. marz **sjerstakt manntalsþing fyrir Hafnahrepp.** — Eptir að jeg hefi meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 18. f. m., og þar með fylgjandi skjöl, vil jeg hjermeð samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Hafnahreppi og meðmælum sýslumanns og sýslunefndar í Kjósar og Gullbringusýslu veita samþykki mitt til að Hafnahreppur verði eptirleiðis sjerstök manntalsþinghá og þingstaður þar fyrst um sinn í Merkinesi, og er hreppsnefndin skyld til að sjá um, að ávallt sje til hæfilegt hús á þingstaðnum til þinghaldanna.

Þetta er yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

50 **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu* **um endurborg-**
25. marz **un á tolli af vínföngum, er lekið höfðu niður.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2. nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá Gísla kaupmanni Engilbertssyni á Vestmannaeyjum, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði endurgoldinn tollur af 133 pottum af 16° brennivíni, sem lekið hafi úr tunnu, er hann hafi meðtekið með skipinu «Sömanden», er kom til Vestmannaeyja frá Kaupmannahöfn 28. sept. f. á. Fylgdi erindi þessu útskript úr aukarjettarbók sýslunnar, innihaldandi skýrslu um rjettarhald 16. okt. f. á. þar sem yfirheyrðir voru eptir beiðni kaupmannsins 4 menn, er verið höfðu í vinnu við uppskipun úr «Sömanden» og báru 2 af þeim, að af alls 3 brennivínstunnum, sem fluttust til tjeðs kaupmanns með skipinu, hafi 1 verið alveg tóm að þeirra áliti.

Út af þessu undanfelli jeg ekki hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Gísla kaupmanni Engilbertssyni, að með því að hann hefur eigi farið svo að, sem fyrirskipað er í lögum nr. 10, 11. febr. 1876 3. gr. og kallað hlutaðeigandi lögreglustjóra til í tíma að rannsaka hina umræddu tunnu og gefa vottorð um að lekinn hafi í raun og veru átt sjer stað, þá geti krafa hans um endurgjald á tolli af ofanamgetnum 133 pottum af 16° brennivíni ekki orðið tekin til greina.

51 **Staðfesting konungs** að mandatum á reglugjörð fyrir gullbrúðkaupslegat
25. febr. Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur.

Vjer Christian hinn níundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Sórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

gjörum kunnugt: með því að allraþegnsamlegast hefur verið sótt og beðið um allrahæstu staðfestingu Vora á reglugjörð, sem búin hefur verið til af stjórn legats nokkurs, sem stofnað hefur verið út af gullbrúðkaupi Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans Þórunnar Hannesdóttur, fæddrar Finsen, og sem kallast gullbrúðkaupslegat Bjarna

amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur, en reglugjörð þessi 51
er í frumriti hept hjer við, þá höfum Vjer allranáðarsamlegast staðfest nefnda reglu- 25. febr.
gjörð, sem ráðgjafi vor fyrir Ísland geymir samhljóða og sannað eptirrit af, eins og Vjer og hjer með staðfestum hana.

Vjer fyrirbjóðum öllum og sjerhverjum að tálma því, sem að framan er skráð.

Ritað í aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn hinn 25. febrúarmán. 1889.

Undir: Vort konungs-innsigli.

Samkvæmt allranáðarsamlegastri skipun hans hátingar.

J. Nellemann.

REGLUGJÖRÐ

fyrir gullbrúðkaupslegat Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er myndaður af gjöfum einstakra manna til minningar um gullbrúðkaup amtmanns Bjarna Þorsteinssonar og konu hans Þórunnar Hannesdóttur 22. júlí 1871, og með því hann 31. desember 1888 að viðlögðum vöxtum 3113 kr. 36 aur. er, samkvæmt ákvörðun tjeðra hjóna í stofnunarskjali dags. 24. nóv. 1872, samin reglugjörð þessi fyrir sjóð þenna.

2. gr.

Höfuðstóli sjóðsins stýrir landshöfðingi eða æzta stjórnarvald, sem búsett er hjer á landi, samkvæmt reglum þeim, er gilda um fje almennra stofnana.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og ef honum bætast gjafir eða aðrar sjerstakar tekjur, skal þær ávallt leggja við höfuðstólinn, nema gefandi hafi annað áskilið.

4. gr.

Vöxtum sjóðsins skal verja sem styrk til þess að brýr verði lagðar yfir ár, fljót eða vötn, svo og til annara vegabóta yfir torfærur á almennings leið, allt svo framarlega sem hið opinbera ekki hefur beinlínis skyldu til að kosta slík verk eða ekki megnar það.

Til þess að styrkur sá, sem er veittur úr sjóðnum, verði að sem mestum mun, skal hvort amt njóta hans 3 ár samfellt í röð, þannig:

1. Vesturumdæmið 3 ár,
2. Suðurumdæmið 3 ár,
3. Norður og austurumdæmið 3 ár,

og fær þá hvert amt eptir sex ára tíma að njóta styrksins aptur í 3 ár.

5. gr.

Á hverjum 3 ára fresti ákveður landshöfðingi, hversu mikils styrks af vöxtunum umdæmi hvert geti orðið aðnjótandi á hinum næstu 3 árum, og ákveður, hvernig honum skuli varið, eptir að fengnar eru tillögur amtsráðs þess, er hlut á að máli. Við veitingu styrksins skal þess gætt, að hann megi verða til sem verulegastrar gagnsemi og til hvata fyrir landsbúa sjálfa til sem mestra framkvæmda af eigin rammleik.

Hinum veitta styrk skal varið á áskilinn hátt á þeim 3 ára tíma, sem styrkurinn er veittur á; en ef út af því bregður, rennur hann í höfuðstól sjóðsins eptir á-

51 kvörðun landshöfðingja. Þó getur landshöfðingi eptir sjerstökum atvikum veitt lengri
25. febr. frest til framkvæmdar hinu áskilda verki, þannig, að hlutaðeigendur geti orðið styrksins aðnjótandi, ef verkinu er lokið áður en hinn lengdi frestur er liðinn.

Reykjavík 27. desember 1888.

Stjórnendur sjóðsins:

Magnús Stephensen. S. Melsted. A. Thorsteinsson.

Tilkvaddir af landshöfðingja samkvæmt stofnunarskjalsins 5. gr.

E. Th. Jónassen Steingr. Thorsteinsson.

52

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. janúar til 31. marz 1889.

Tekjur.	Kr.	Kr.
1. Í sjóði 1. janúar 1889		122087,79
2. Borguð lán:		
a. Fasteignarveðslán	3338,14	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	2678,30	
c. Handveðslán	867,00	
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	595,00	7478,44
3. Innleystir víxlar		4041,00
4. Innleystar ávísanir		2145,53
5. Vextir af lánum		2942,15
6. Disconto		325,60
7. Provision og aðrar óvissar tekjur		230,06
8. Sparisjóðsinnlög		46661,19
9. Fasteign tilheyrandi bankanum seld		200,00
	Alls	186111,76

Gjöld.		
1. Lánað gegn:		
a. Fasteignarveði	2860,00	
b. Sjálfskuldarábyrgð	2420,00	
c. Handveði	5350,00	10630,00
2. Keyptir víxlar		13876,00
3. Keyptar ávísanir		1405,06
4. Keypt skuldabrjef Reykjavíkur		200,00
5. Útborgað af innlögum á hlaupareikning		103,92
6. a. Útborgað af sparisjóðsinnlögum	23747,77	
b. Dagvextir þar af	4,59	23752,36
7. Kostnaður við bankahaldið, laun o. fl.		1515,83
8. Ýmisleg útgjöld		99,87
9. Í sjóði 31. marz 1889		134527,92
	Alls	186111,76

52

Athugasemdir:

Hinn 31. marz 1889 átti bankinn:

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:		
	a. Fasteignarveðsskuldabrjef	611170,84	
	a. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabrjef	26538,08	
	c. Handveðsskuldabrjef	17885,00	
	d. Skuldabrjef gegn ábyrgð bæja- og sveitarfjelaga	9977,00	665570,92
2.	Önnur skuldabrjef:		
	a. Konungleg ríkisskuldabrjef	101200,00	
	b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar	1600,00	102800,00
3.	Víxlar		16025,00
4.	Ávísanir		1676,65
5.	Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð		3900,00
6.	Í sjóði 31. marz		134527,92
		Samtals	924500,49
	Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 31. marz 1889		430000,00
	Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1888		45289,81
	Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.		26231,13
	Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs bankans	19921,37	
	Að frá dregnum ýmisl. kostnaði 1. jan.—31. marz 1889	1620,29	18301,08
	Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 31. marz 1889		404678,47
		Samtals	924500,49

Stjórn landsbankans, Reykjavík 10. apríl 1889.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

Auglýsing

53

um útborgun á *„bonus“* (= uppbót) til hluthafenda í líffjár- og framfærslustofnuninni í Kaupmannahöfn frá 1871.

Það auglýsist hjer með embættismönnum þeim, er skyldir eru að lögum að tryggja konum sínum líffje eptir sinn dag í líffjár- og framfærslustofnuninni í Kaupmannahöfn frá 1871, að amtmönnunum hefur verið send til útbýtingar meðal þeirra auglýsing frá nefndri stofnun um reglur fyrir útborgun á bonus (uppbót) til hlutafenda í stofnuninni, og geta þeir, ef þeir æskja frekari upplýsinga en í auglýsingunni er að

53 fá, snúið sjer því viðvíkjandi til umboðsmanns stofnunarinnar í Reykjavík, hjeraðslækn-
is, dr. med. J. Jónassen, sem einnig getur, svo gilt sje, tekið á móti tilkynningum
þeim, sem lögin heimta í vissum tilfellum, sbr. atriðið d í auglýsingunni.

Reykjavík, 30. apríl 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

16. apríl var biskupi yfir Íslandi, dr. theol. Pjetri Pjeturssyni komm. af dbr. og dbrm. af hans hátign konunginum vetit lausn í náð frá tjeðu embætti með eptirlaunum frá 25. maí næstkomandi að telja.

S. d. var dómkirkjuprestur í Reykjavík sjera Hallgrímur Sveinsson r. af dbr. af hans hátign konunginum skipaður biskup yfir Íslandi frá 25. maí þ. á. að telja.

S. d. var forstjóra hins kgl. ísl. landsyfirrjettar Jóni Pjeturssyni r. af dbr. veitt af hans hátign konunginum lausn í náð frá embætti þessu með fullum launum í eptirlaun frá 1. maí þ. á. að telja.

S. d. var 1. meðdómandi í landsyfirrjettinum Lárus E. Sveinbjörnsson skipaður af konungi forstjóri tjeðs rjettar, og 2. meðdómandi og dómsmálaritari í yfirrjettinum Kristján Jónsson skipaður 1. meðdómandi í sama rjetti, hvorttveggja frá 1. maí þ. á. að telja.

30. apríl setti landshöfðingi landritara Jón Jensson til þess frá 1. maí þ. á. að telja, að gegna fyrst um sinn, auk síns eigin embættis, embættinu sem 2. meðdómandi og dómsmálaritari í landsyfirrjettinum.

HEIÐURSMERKI.

16. apríl þóknaðist hans hátign konunginum að sæma dr. theol. biskup Pjetur Pjeturs-son komm. af dbr. og dbrm. stórkrossi dannebrogsorðunnar, og justitiarius Jón Pjeturssson r. af dbr. heiðursmerki dannebrogsmanna.

ÓVEITT EMBÆTTI,

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embættið, sem 2. meðdómandi og dómsmálaritari í hinum kgl. ísl. landsyfirdómi. Launin eru 4000 kr. um árið.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilhlýðilegt vottorð um, að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 17. apríl 1889.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 6. júlí 1889.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld söfnunarsjóðs Íslands árið 1888.

Tekjur.

1. Sjóður við árslok 1887:		
a, útlán gegn fasteignarveði	200,00	
b, — — sjálfskuldarábyrgð . . .	265,00	
c, innstæða í landsbankanum . . .	186,05	
d, í peningum	6,58	657,63
2. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:		
a, innlög á árinu	516,50	
b, vextir lagðir við höfuðstól	30,62	547,12
3. Vextir af útlánuðu fje:		
a, fyrir árið 1888 . . . kr. 39,24		
þar af greitt 1887 . — 1,37	37,87	
b, greitt upp í vexti fyrir 1889 . .	15,00	52,87
4. Borgun fyrir 5 viðskiptabækur $^{3}/_{50}$ $^{2}/_{100}$		3,50
5. Innborguð innstæða:		
a, endurborgað lán	265,00	
b, tekið úr landsbankanum	185,00	450,00
6. Til jafnaðar móti gjaldlið 2.		1026,95
	=	2738,07

Gjöld.

1. Vextir vaxtaeigenda árið 1888:		
a, ársvextir 4% af höfuðstól	25,59	
b, dagvextir $3^{1}/_{2}$% um árið	5,03	30,62
2. Sett á vöxtu:		
a, lánað út gegn fasteignarveði . . .	500,00	
b, lagt til bráðabirgða í landsbankann .	526,95	1026,95
3. Móti tekjulið 5. telst til gjalda . . .		450,00
4. Sjóður við árslok 1888:		
a, veðskuldabrjef	700,00	
b, innstæða í landsbankanum	528,00	
c, í peningum	2,50	1230,50
	=	2738,07

Athugasemd:

Í sjóðinum við árslok 1888 er fólgin:

1. Innstæða vaxtaeigenda:		
a, í aðaldeild	469,02	
þar af í deild hinnar æfinl. erfingjarentu 266 kr. 42 a.		
b, í útborgunardeild	187,13	
c, í bústofnsdeild	486,40	
d, í ellistyrksdeild	44,39	1186,94
	Flyt	1186,94

4. dag maímán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

54

	Kr.
Flutt	1186,94
2. Fyrirfram borgaðir vextir	15,00
3. Varasjóður	28,56
=	1230,50

Í stjórn söfnunarsjóðs Íslands, Reykjavík 25. jan. 1889.
Eiríkur Briem. Guðbr. Finnbogason. Björn Jensson.

55

Ágrip

af reikningum sjóða, sem standa undir stjórn amtsráðanna í Suðuramtinu og Vesturamtinu.

Jafnaðarsjóður Vesturamtsins 1888.

Tekjur.

	Kr.
1. Eptirstöðvar við árslok 1887, sjá f. á. reikning . .	1778,37
2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 1888, 5 aurar á hvert gjaldskylt lausafjárhundrað	341,15
3. Borgað útistandandi jafnaðarsjóðsgjald frá f. á. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	18,07
4. Vextir af bráðabirgðalánum	25,00
Tekjur alls	2162,59

Gjöld.

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismála . . .	104,05
2. — ferðakostnaðar	42,80
3. — sáttamála	120,10
4. Kostnaður til heyrnar- og málleysingja	300,00
5. — við amtsráðið	206,50
6. Ýmisleg gjöld	204,71
7. Til jafnaðar gegn 3. tekjulið	18,07
8. Eptirstöðvar 31. des. 1888	1166,36
Gjöld alls	2162,59

Jafnaðarsjóður Suðuramtsins 1888.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1887, sjá f. á. reikning . .	2647,82
2. Niðurjöfnun 1888 á gjaldskylt lausafje í amtinu, 4 aurar á hvert lausafjárhundrað	511,75
3. Vextir af bráðabirgðalánum	40,00
Tekjur alls	3199,57

55

Gjöld.	Kr.
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismála . . .	233,46
2. — ferðakostnaðar	142,00
3. Kostnaður til heyrnar- og málleysingja	200,00
4. Til sáttamála	00,00
5. Endurgjald af lánum	00,00
6. Kostnaður við amtsráðið	145,00
7. Ýmisleg gjöld	936,66
8. Eptirstöðvar við árslok 1888	1542,45
Gjöld alls	3199,57

Íslands Suður- og Vesturamt, Reykjavík, 15. febr. 1889.

E. Th. Jónassen.

56

Ágrip

af sýslusjóðsreikningum í suðuramtinu 1886.

1. Austur Skaptafellsýsla.

Tekjur:		Kr. a.
a) Eptirstöðvar frá f. á.		358 49
b) Niðurjöfnunargjald		217 41
c) Vegagjald		278 46
		854 36
Gjöld:		
a) Sýslugjöld		173 00
b) Vegabótakostnaður		270 00
c) Eptirstöðvar:		
1) Vegagjald	7 kr. 23 a.	
2) Niðurjöfnunargjald	404 — 13 -	411 36
		854 36

2. Vestur- Skaptafellssýsla.

Tekjur:		
a) Eptirstöðvar frá f. á		661 12
b) Niðurjöfnunargjald		409 25
c) Vegagjald		366 72
d) Lán		48 23
		1485 32
Gjöld:		
a) Sýslugjöld		430 00
b) Vegabótakostnaður		461 45
c) Eptirstöðvar:		
1) Niðurjöfnunargjald	588 — 44 -	
2) Vegagjald	5 — 43 -	593 87
		1485 32

56 3. Rangárvallasýsla:

Tekjur:		Kr.	a.
a) Eptirstöðvar		1826	17
b) Niðurjöfnunargjald		433	39
c) Vegagjald		883	21
d) Endurborgun lána		125	00
e) Vextir af lánum 3 hreppa		40	00
		3307	77
Gjöld:			
a) Sýslugjöld		1016	05
b) Vegabótakostnaður		1039	19
c) Eptirstövðar:			
1. Niðurjöfnunargjald	50 — 05 -		
2. Vegagjald	327 — 48 -		
3. Í lánum	875 — 00 -	1252	53
		3307	77

4. Vestmannaeyjasýsla:

Tekjur:		
a) Eptirstöðvar frá f. á.	00	00
b) Niðurjöfnunargjald	81	00
c) Vegagjald	123	00
	204	00
Gjöld:		
a) Sýslugjald	81	00
b) Vegabótakostnaður	123	00
c) Eptirstöðvar	00	00
	204	00

5. Árness-sýsla:

Tekjur:		
1. Eptirstöðvar frá f. á.	404	50
2. Niðurjöfnunargjald	1564	62
3. Vegagjald	1849	62
4. Lán til vegagjörðar	3500	00
5. Styrkur úr landssjóði til póstvegagjörðar í Hraung.hr.	350	00
6. Skuld fyrir unnar vegabætur	299	75
	7968	49
Gjöld:		
1. Sýslugjöld	1333	02
2. Vegabótakostnaður	5999	37
3. Eptirstöðvar:		
Niðurjöfnunargjald	636	10
	7968	49

6. Gullbringu- og Kjósarsýsla: 56

Tekjur:		Kr.	a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.:			
a) Í sjóði hjá gjaldkera	499 — 65 -		
b) Lánað sýslusjóði	221 — 34 -	720	99
2. Niðurjöfnunargjald		660	00
3. Vegagjald		2074	06
4. Styrkur úr landssjóði til vegabóta		20	00
5. Óvissar tekjur		50	00
		3525	05

Gjöld:		
1. Sýslugjöld	686	60
2. Vegabótakostnaður	1956	61
3. Eptirstöðvar:		
a) Vegagjald (þar af lánað til sýslusjóðs 221 kr. 34 a.)	858	44
b) Niðurjöfnunargjald	23	40
	3525	05

7. Borgarfjarðarsýsla:

Tekjur:		
1. Eptirstöðvar frá f. á.	2518	32
2. Niðurjöfnunargjald	277	31
3. Styrkur úr landssjóði til eflingar búnaði	380	00
4. Óvissar tekjur	50	00
5. Vegagjald	613	86
6. Skuld	377	40
	4216	89

Gjöld:		
1. Sýslugjöld (þar af til eflingar búnaði 380 kr.) . .	870	65
2. Vegabótakostnaður	1050	00
3. Gleymt í f. á. reikningi að færa til útgjalda af sýslugjaldi	22	00
4. Eptirstöðvar:		
a) Niðurjöfnunargjald. . . . . 615 — 74 -		
b) Vegagjald . . . . . 1658 — 50 -	2274	24
	4216	89

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 31. Desbr. 1888.
E. Th. Jónassen.

Reikningar 57

sjóða undir stjórn amtmannssins yfir norður- og austuramtinu og prófastsins í Eyjafjarðarprófastdæmi.

57 *Legatssjóður Jóns Sigurðssonar 1888.*

Tekjur:		Kr. a.	Kr. a.
1. Sjóður 1. janúar 1888:			
a. Í fasteign:			
Kristnes	34 hnd. virt á 2400 kr.		
Hvammur	33,8 — — - 2000 —		
Sýlistaðir / Sýlistaðakot	26,8 — — - 1740 —		
Laugaland / Heiðarhús	32,6 — — - 1900 —		
Miðland	7,4 — — - 1000 —		
½ Gloppa	5,75 — — - 400 —		
Neðri-Vindheimar	26,8 — — - 2200 —	11640 00	
b. Í veðskuldabrjefum með 4%		9921 85	
c. Ógoldin landsskuld af ½ Gloppu í fardögum 1883		15 90	
d. Ógoldnar leigur af ½ Gloppu haustið 1882 .		3 85	
e. Ógoldnir vextir frá 11/6 86—11/7 87 af 1353 kr. 78 aur.		54 15	
f. Í peningum		635 36	22271 11
2. Vextir:			
a. Frá 11/6 87—11/6 88 af 8690 kr. 46 a. . . .		347 61	
b. — 6/10 87—11/6 88 — 75 —		2 28	
c. — 27/10 87—11/6 88 — 50 —		1 24	
d. — 11/6 88—11/9 88 — 200 —		2 00	353 13
3. Vextir af 1353 kr. 78 a. frá 11/6 86—11/6 87 útistandandi frá 1886			54 15
4. Endurborguð lán:			500 00
5. Jarðarafgjöld:			
a. Landsskuldir í fardögum 1888:			
1. 810 meðalálnir eptir verðlagsskrár 18⁸⁸/₈₉ á 45 ½ e. .		368 55	
2. 12 sauðir veturg. eptir verðlagss. 18⁸⁸/₈₉ á 7 kr. 20 ½ e.		86 46	
b. Leigur haustið 1888:			
1. 285 meðalálnir eptir verðlagsskrá 18⁸⁸/₈₉ á 45 ½ e .		129 68	
2. 130 ál. eptir smjörverði verðlagsskrá 18⁸⁸/₈₉ á 53 ½ e.		69 55	654 24
6. Fyrir óunnar áskildar jarðabætur			9 95
7. Ógoldnir vextir frá 11/6 87 —11/6 88 af 1106 kr. 39 a.			44 26
8. til jafnaðar færist gjaldliður 3.			450 00
9. Til jafnaðar færist gjaldliður 5.			850 00
10. Skuld við landsbankann út af kaupunum á Efri-Vindheimum			405 00
			25591 84

Gjöld	Kr. a.	Kr. a.
1. Umboðslaun $^1/_6$ af innheimtunni		110 70
2. Ýms útgjöld:		
a. Landsskuldarlækkun fyrir skemmdir á Laugalandi	5 46	
b, — — — — — - Neðri-Vindheimum	2 75	
c. Fyrir mat á skemmdum á Laugalandi	4 75	
d. — — - — — - Neðri-Vindheimum	2 75	
e. — — - — — - $^1/_2$ Gloppu	3 50	
f. — úttekt á Neðri-Vindheimum	7 50	
g. — að setja landamerki Laugalands	11 50	
h. afborgun og 1 árs vextir til 30. septbr. 1888 af landsbankaskuldinni	65 25	103 46
3. Lánað mót veði í fasteign		450 00
4. Styrkur til ýmsra vorið 1888:		
a. Kornmatur fyrir	231 50	
b. Peningar	70 00	301 50
5. Keypt jörðin Efri-Vindheimar í Glæsibæjarhrepp 9,5 hndr.		850 00
6. Kostnaður við jarðakaupin		6 50
7. Til jafnaðar færist tekjuliður 3		54 15
8. Til jafnaðar færist tekjuliður 4		500 00
9. Sjóður við árslok 1888:		
a. Í fasteign samkvæmt tekjulið 1. a. og gjaldlið 5.	12490 00	
b. Í veðskuldabrjefum með 4%	9871 85	
c. Ógoldin landsskuld af $^1/_2$ Gloppu í fardögum 1883	15 90	
d. Ógoldnar leigur af $^1/_2$ Gloppu í fardögum 1882	3 85	
e. Ógoldnir vextir frá $^{11}/_6$ 87 til $^{11}/_6$ 88 af 1106 kr. 39 a.	44 26	
f. Í peningum	789 67	23215 53
		25591 84

Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar til Vallahrepps fardagaárið 1887/1888.

Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eign í fardögum 1887:		
a. Jörðin Ytri-Villingadalur 14 hnd. virt á . . . 990 kr.		
b. —— Merkigil 14 hndr. virt á . . . . . 1000 —		
c. —— $^1/_2$ Gloppa 5.75 hnd, virt á . . . . . 320 —	2310 00	
d. Ógoldnar leigur af $^1/_2$ Gloppu haustið 1882	3 85	
e. Ógoldin landsskuld af $^1/_2$ Gloppu í fardögum 1883	15 90	2329 75
2. Afgjöld:		
a. Leigur haustið 1887 eptir $4^1/_4$ kúgildi = 85 meðalálnir eptir verðlagskrá $18^{87}/88$ á 47 a.	39 95	
b. Landsskuldir í fardögum 1888, 214 meðalálnir eptir verðlagsskrá $18^{88}/89$ á 45 $^1/_2$ e.	97 37	137 32
3. Endurgjald fyrir vantandi jarðabætur á $^1/_2$ Gloppu		2 75
		2469 82

57

Gjöld:	Kr. a.	Kr. a.
1. Umboðslaun $^1/_6$ af hinum innheimtu gjöldum 140 kr. 7 a. .		23 34
2. Fyrir mat á skemmdum af $^1/_2$ Gloppu		3 50
3. Borgað sveitarsjóði Vallahrepps:		
a. Með innskript við Gránufjelagsverzlun á Oddeyri	40 84	
b. Til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu	72 39	113 23
4. Eign í fardögum 1888:		
a. Eptir tekjugrein 1, a, b, c.	2310 00	
b. Ógoldnar leigur af $^1/_2$ Gloppu haustið 1882	3 85	
c. Ógoldin landsskuld af $^1/_2$ Gloppu í fardögum 1883 . . .	15 90	2329 75
		2469 82

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, 26. dag febr. 1889

J. Havsteen. *Davíð Guðmundsson.*

58

Skýrsla

um styrktarsjóði prestaskólans 1888.

1. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1887:		
a. Veðskuldabrjef einstaks manns	300 00	
b. Á vöxtum í landsbankanum	3196 33	3496 33
2. Vextir á árinu 1888:		
a. Af veðskuldabrjefi	12 00	
b. Af innistæðu í landsbankanum	115 58	127 58
	Samtals:	3623 91

Útgjöld:

	Kr. a.	Kr. a.
1. Styrkur veittur stúdentum		100 00
2. Eptirstöðvar við árslok 1888:		
a. Veðskuldabrjef einstaks manns	300 00	
b. Á vöxtum í landsbankanum.	3223 91	3523 91
	Samtals:	3623 91

(Framhald).

EMBÆTTASKIPUN.

3. maí setti landshöfðingi fyrrum aðstoðarprest, sjera Brynjólf Gunnarsson til þess á eigin ábyrgð að þjóna frá næstkomandi fardögum fyrst um sinn Vestmannaeyja prestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi.

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna

Lög um brúargjörð á Ölvesá, undirskrifuð af konungi 3. maí 1889 (A, nr. 3, bls. 6—7).

Auglýsing um að innkallaðir skuli allir bláir 100 - króna seðlar og 50 - króna seðlar, er þjóðbankinn hefur gefið út og ganga manna á meðal, undirskrifuð af konungi 3. maí 1889 (A, nr. 4, bls. 8—9).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 13. maí 1889 (A, nr. 5, bls. 10—11).

Skýrsla 58

um styrktarsjóði prestaskólans 1888.

(Framhald)

2. Gjöf Halldórs Andrjessonar.

Tekjur:

		Kr. a.	Kr. a.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1887:		
	a. Veðskuldabrjef einstakra manna	1300 00	
	b. Á vöxtum í landsbankanum	1380 54	2680 54
2.	Vextir á árinu 1888:		
	a. Af veðskuldabrjefum	52 00	
	b. Af innstæðu í landsbankanum	49 87	101 87
		Samtals:	2782 41

Útgjöld:

			kr. a.
1.	Styrkur veittur stúdentum		100 00
2.	Eptirstöðvar við árslok 1888:	kr. a.	
	a. Veðskuldabrjef einstakra manna	1300 00	
	b. Á vöxtum í landsbankanum	1382 41	2682 41
		Samtals:	2782 41

Reykjavík 18. febr. 1889

Helgi Hálfdánarson.

Kirkjureikningar 59

úr

Norður- og austuramtinu fardagaárið 1887—88.

I. Möðruvallaklausturskirkja.

Tekjur:

		Kr. a.
1.	Fasteignartíund af 607,8 hndr. = 182,34 al. á 45½ e.	82 96
2.	Lausafjártíund af 320 hndr = 96 ál. á 47 a.	45 12
3.	Ljóstollar tals 63½, hver 4 pd. tólgar = 254 pd. á 26 a.	66 04
4.	Legkaup tals 3, hvert 6 ál. = 18 ál. á 47 a.	8 46
5.	Kirkjugjald af húsum virtum 33487 kr.	16 74
6.	Óheimt kirkjugjöld frá fyrra ári 27 kr. 91 e. Þar af ófáanlegt 7 kr. 9 a.	20 82
		240 14

14. dag júnímán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

59

Gjöld:

1.	Fyrir messuvín	10	80
2.	— kerti til lýsingar	14	75
3.	— hirðing og þvott kirkju og skrúða	16	00
4.	— gluggarúður og aðgerðir	5	75
5.	— bikun á þaki kirkjunnar og tjöruþvegil	17	88
6.	— 8 nýjar sálmabækur	28	00
7.	— 2 stálspaða	8	00
8	— lögtakstilraun á tíund af Arnarnesi	5	50
9.	Þóknun til organista	50	00
10.	Endurskoðun reiknings þessa, 3 ál. á 45½ e.	1	37
11.	Óheimt kirkjugjöld	2	18
12.	Sent landfógeta í peningum	79	91
		240	14

II. Munkaþverárklausturskirkja.

Tekjur:

1.	Fasteignartíund af 91,6 hndr. = 275 ál. á 45½ e.	12	51
2.	Lausafjártíund af 163 hndr. = 48,9 ál. á 47 a.	22	97
3.	ljóstollar 29,5, hver 4 pd. tólgar = 118 pd. á 26 a.	30	68
4.	Legkaup 5.5 hvert 6 ál. = 33 ál. á 47 a.	15	51
5.	Fyrir ýmsa muni tilheyrandi kirkjunni, sem seldir voru	6	10
		87	77

Gjöld:

1.	Til ljósa sem venjulega 12 pd. tólgar á 26 a.	3	12
2.	Ljósakveykir og kertasteypa	1	18
3.	Fyrir umsjón og þvott á kirkjunni	10	66
4.	Til altarisgöngufólks	1	73
5.	Fyrir pappír og lakk til kirkjunnar	«	66
6.	Endurskoðun reiknings þessa, 3 ál. á 45½ e.	1	36
7.	Fyrir aðgerð á söngtöflu kirkjunnar	1	00
8.	Sent landfógeta í peningum	68	06
		87	77

III. Flateyjarkirkja.

Tekjur:

1.	Í sjóði hjá reikningshaldara 6. júní 1887	117	02
2.	Fasteignartíund af 15,3 hndr. = 9,2 f. á 23 a.	2	12
3.	Lausafjártíund af 11,5 hndr. = 6,9 f. á 24¼ e.	1	67
4.	Ljóstollar, 13 tals hver 4. pund tólgar = 52 pd. á 22½ e.	11	70
5.	Legkaup 2½ = 15 ál. á 46 a.	6	90
6.	Skuld kirkjunnar við landssjóð	745	54
		884	95

Gjöld:

1.	Skuld kirkjunnar við landssjóð	745	54
2.	Til ljósa 4 pd tólgar á 22½ e.	1	80

Flyt

	Flutt		59
3.	Fyrir brauð og vín	3	75
4.	— hirðing kirkju og skrúða	2	50
5.	Í sjóði hjá fjárhaldsmanni í fardögum 1888	131	36
		884	95

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 29 marz 1889.
J. Havsteen.

Reikningur 60

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Örum & Wulffs 1888.

Tekjur:		Kr.	a.
1. Eign sjóðsins 1. janúar 1888.			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar dags. 8. júní 1887 Litr. A. fol. 92	kr. 4000,00		
b. Í peningum	— 74,95	4074	95
2. Leigur af innstæðu sjóðsins 3½% frá 11/6 87 til 11/6 88 . . .		140	00
	Samtals:	4214	95

Gjöld:		Kr	a.
1. Styrkur veittur Marteini Bjarnarsyni frá Vestari-Krókum . . .		150	00
2. Í sjóði við árslok 1888:			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar dags. 8. júní 1887. Ltr. A. fol. 92	kr. 4000,00		
b. Í peningum	— 64,95	4064	95
	Samtals:	4214	95

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 8. janúar 1889.
J. Havsteen. *Þ. Guðjohnsen.*

Fiskiveiðasamþykkt. 61

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefur samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi 29. marz.

SAMÞYKKT

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á Skagafirði.

1. gr.

Á tímabilinu frá miðju aprílmánaðar til júnímánaðarloka ár hvert má enginn eiga lóðir í sjó frá miðjum morgni á laugardögum til hádegis á mánudögum fyrir utan línu, sem hugsast dregin frá Reykjadiski sjónhendingu í Kögur á Þórðarhöfða.

2. gr.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti, á hvaða tíma árs sem er; heldur ekki má kasta beitunni í sjóinn, þá upp er stokkað, fyrir utan línu þá, sem nefnd er í 1. gr.

3. gr.

Enginn má hafa nýja síld til beitu á lóðir fyrir utan línu þá, sem nefnd er í

61 1. gr. frá byrjun aprílmánaðar til ágústmánaðarloka, að undanteknum þeim árum, er
29. marz. hafís bannar mönnum að stunda fuglveiði við Drangey, og þar með hamlar þeim frá
að afla þeirrar beitu, er þar fæst (fuglaslóg).

4. gr.

Að vestanverðu við Drangey má enginn til ágústmánaðarloka leggja lóð fyrir norðan línu, sem myndast, þegar norðurendi Þórðarhöfða ber í opinn Höfðadal.

5. gr.

Í hverjum þeim hrepp í Skagafjarðarsýslu, er sjó sækir, skal hreppsnefnd skipa tilsjónarmenn svo marga sem þurfa þykir, til þess að hafa gætur á, að eigi sje brotið móti samþykkt þessari. Verði einhver uppvís að því, eða þyki tilsjónarmönnum líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynna þeir það hlutaðeigandi yfirvaldi.

6. gr.

Brjóti nokkur á móti samþykkt þessari, nema líf liggi við, varðar það sektum frá 10 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Svo má og gjöra afla upptækan, ef miklar sakir eru. Helmingur sekta tilfalli fátækrasjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingurinn upplýstrarmanni og tilsjónarmönnum.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni, til að öðlast gildi 1. ágúst 1889, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri, 29. marz 1889.

J. Havsteen.

62 **Brjef forstjóra landsyfirrjettarins (—landshöfðingja—)** *til amtmannsins yfir*
20. apríl *suðuramtinu og vesturamtinu* **um fjárveitingarvald sýslunefndar.**— Með brjefi, dags. 28. maí 1887, áfrýjaði sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu til ráðgjafans fyrir Ísland úrskurðum amtsráðsins í suðuramtinu á aðalfundi þess árið 1885, en með þeim úrskurðum ályktaði amtsráðið, að fella skyldi úr sýslusjóðsreikningum nefndrar sýslu fyrir 1883 og 1884 útborgaðan styrk til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg, 300 kr. árið 1883 og 150 kr. 1884, og eptirstöðvar reikninganna því færast upp um samtals 450 kr. eptir bæði árin. Ráðgjafinn tjáði landshöfðingja með brjefi 27. júní f. á., að mál þetta bæri, af því að það væri sveitarmál, undir fullnaðarúrskurð landshöfðingja, samkvæmt erindisbrjefi 22. febr. 1875, en með því að landshöfðingi, sem þáverandi settur amtmaður í suðuramtinu, hafði tekið þátt í hinum áfrýjaða úrskurði, fal hann mjer, sem justitiario, að leggja úrskurð á málið, samkvæmt 21. gr. nefnds erindisbrjefs.

Fyrir því skal jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, það er nú skal sagt til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Af fjárveitingum þeim til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg, er hinir áfrýjuðu úrskurðir hafa fellt úr gildi, var hin fyrri, 300 kr., veitt á sýslunefndarfundi 24. maí 1883, en á aðalfundi amtsráðsins í suðuramtinu í júnímán. sama ár lýsti amtsráðið því yfir, út af kærum, er yfir fjárveitingunni höfðu borizt amtsráðinu frá hreppsnefndunum í Kjósarsýslu, að með því að Flensborgarskólinn eigi væri sjerstaklega ætlaður til að vera sýsluskóli fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu fremur en fyrir önnur hjeröð amtsins og jafnvel alls landsins, þá virtist því ekki vera næg heimild fyrir fjárveit-

ingunni til skólans, er kvartað hafi verið yfir; og þessa yfirlýsingu amtsráðsins tilkynnti amtmaður sýslumanni með brjefi 12. júlí 1883. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu amtsráðsins veitti sýslunefndin enn Flensborgarskólanum 150 kr. styrk úr sýslusjóði á fundi sínum 27. maí 1884. En á aðalfundi amtsráðs suðuramtsins 1885 felldi amtsráðið, eins og áður er sagt, bæði þessa og fyrri fjárveitinguna úr gildi og færði upp eptirstöðvar í sýslusjóðsreikningnum um 450 kr. 62 20. april

Jeg verð nú að vísu að vera sömu skoðunar og amtsráðið, að sýslunefndin hafi ekki að lögum haft heimild til þess að veita úr sýslusjóði styrk til alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg, því síður sem sá skóli er ekki ætlaður sjerstaklega til að vera sýsluskóli. Þó virðist eigi næg ástæða til að gjöra sýslunefndinni ábyrgð fyrir fyrri fjárveitinguna eða skylda hana til að endurborga hana sýslusjóði, þar sem samskonar fjárveiting hafði átt sjer stað úr sýslusjóðnum til sama skóla árin 1880, 1881 og 1882, án þess að að því væri fundið af amtsráðinu, enda ónýtti amtsráðið heldur eigi ályktunina um fjárveitinguna á áður umgetnum fundi sínum árið 1883, en lýsti því að eins yfir að eigi væri næg heimild fyrir fjárveitingunni, og þá yfirlýsingu skildi sýslunefndin eigi á annan hátt en sem bendingu fyrir sýslunefndina eptirleiðis. Að því er aptur á móti snertir síðari fjárveitinguna til Flensborgarskólans, á fundi sýslunefndarinnar 27. maí 1884, að upphæð 150 kr., þá var hún gjörð eptir að sýslunefndin hafði fengið hina áminnstu aðvörun eða bendingu frá amtsráðinu 1883, sem sýslunefndin sýndi með fjárveitingunni, að hún virti að vettugi, og sje jeg því enga ástæðu til að breyta úrskurði amtsráðsins viðvíkjandi henni.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, skal af hinum áfrýjuðu úrskurðum amtsráðsins í suðuramtinu sá standa óhaggaður, er snertir fjárveiting sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu til Flensborgarskólans árið 1884, 150 kr., en hinn úrskurðurinn skal úr gildi felldur.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu* **um áfrýjun sakamáls af hálfu hins dómfellda.** — Í brjefi, dags. 25. marz þ. á., er hingað hefur komið beina leið, hefur presturinn að Dvergasteini, sjera Björn Þorláksson, spurzt fyrir um það, hvort sjer beri ekki rjettur til að áfrýja til hæstarjettar dómi yfirrjettarins 21. jan. þ. á., er dæmdi hann í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara einfalt fangelsi fyrir brot gegn 102. gr. hinna almennu hegningarlaga, en þjer hafið, herra sýslumaður, álitið, að hann hefði eigi slíkan rjett, þar sem hið opinbera eigi fann ástæðu til að áfrýja dóminum og hin ídæmda hegning er að eins sekt eða til vara einfalt fangelsi, sbr. tilsk. 24. jan. 1838 16. gr., sbr. 4. gr. b og c, og hafið þjer því tjáð prestinum, að hann yrði að vera við því búinn að fullnægja dóminum á sínum tíma samkvæmt ákvæðum hans. 63 3. maí

Út af þessu skal yður hjer með til vitundar gefið, að samkvæmt 16. gr. i f. fyrnefndrar tilskipunar 24. jan. 1838, sbr. tilsk. 11. júlí 1800, verður ofannefndum presti eigi neitað um rjett til að krefjast áfrýjunar á umræddum yfirrjettardómi, er dæmir hann í 200 kr. sekt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að endursenda mjer hið fyrsta dómsgjörðirnar í málinu með áituðu vottorði stefnuvottanna um birtingu dómsins, og um, að dæmdi hafi óskað að honum yrði áfrýjað, og mun jeg þá stefna málinu til hæstarjettar á venjulegan hátt.

64 **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um flutning á Holtskirkju undir Eyja-**
3. maí **fjöllum.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 22. febr. síðastliðinn, og eptir að löglegt samþykki hjeraðsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með fallast á, að kirkjan að Holti undir Eyjafjöllum verði flutt á jörðina Ásólfsskála og byggð þar upp að nýju.

Þetta er yður hjermeð tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

65 **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um endurgjald úr fátækra-**
3. maí **sjóði á lækninga- og legukostnaði vinnukonu.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá því, að Jakob snikkari Sveinsson hafi krafizt endurgjalds úr fátækrasjóði Reykjavíkur á kostnaði af sjúkrahúslegu og lækningu vinnukonu, er hjá honum sýktist í vistinni í fyrra vetur, þannig, að taka varð af henni hægra handlegg, en með því að þessi endurgjaldskrafa komi fyrst nú fram, fullu ári eptir að umræddur kostnaður á fjell, hafi bæjarstjórninni þótt nokkur vafi á, hvort óhult mundi að verði við hinni framkomnu kröfu í von um endurgjald frá framfærslusveit stúlkunnar, Grímsneshreppi, og beiðist þjer nú, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, úrskurðar míns eða álits um það, hvort bæjarstjórninni sje skylt að sinna nefndri kröfu Jakobs Sveinssonar.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjermeð sem álit mitt, að jeg fæ ekki sjeð, að fátækrasjóður Reykjavíkur geti komizt hjá því, samkvæmt fyrirmælum vinnuhjúatilskipunarinnar 26. jan. 1866, 26. gr., að endurgjalda Jakobi snikkara Sveinssyni hinn umkrafða lækningar- og legukostnað fyrir vinnukonu hans, gegn því að fá hann aptur endurgoldinn af framfærslusveit stúlkunnar, og getur það ekki gjört neina breytingu í þessu tilliti, þó að endurgjaldsins hafi eigi verið krafizt fyr en gjört var, því síður sem bæjarfógetanum virðist fyrirfram hafa verið skýrt frá ráðstöfunum þeim um lækningu stúlkunnar, er hinn umræddi kostnaður stafar frá.

66 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa Útskála prestakalli**
4. maí **til húsbyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m., vil jeg hjer með leggja samþykki mitt á:

1., *að* Útskálaprestakall megi taka 7500 kr. embættislán til uppbyggingar íbúðarhúsi á prestssetrinu, með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem tekið er fram í bænararskrá prestsins, er fylgdi nefndu brjefi yðar, og að lánið með vöxtum megi endurborgast á næstkomandi 25 árum með $^1/_{25}$ á ári;

2., *að* jarðarhús þau, önnur en fjós, hesthús og smiðja, er fylgt hafa prestssetrinu, megi niður falla og burtu hverfa, þegar sannað er með tilhlýðilegri skoðunargjörð, að hið fyrirhugaða íbúðarhús sje fullgjört og í áskildu standi, en húsbyggingunni skal full-lokið innan hæfilegs frests, er hjeraðsprófastur ákveður, og að endingu veitist lántökuleyfið með því skilyrði,

3., *að* presturinn að Útskálum, sjera Jens Pálsson, viðhaldi hinu fyrirhugaða íbúðarhúsi, þegar það er komið upp, vel og rækilega, og að hann, eða dánarbú hans, skili því af sjer við næstu prestaskipti með löglegri úttektargjörð og fullu álagi, ef það eigi er í tilhlýðilegu standi.

Þetta tilkynnist hjermeð hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar. 66 4. maí

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1891.** — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögu ráðgjafans, hefur hans hátign konunginum þóknast, 30. f. m., allramildilegast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1891 skuli ákveðin 2000 kr. 67 4. maí

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurgjald sveitarstyrks.** — Með brjefi, dags. 26. f. m., sem hingað hefur borizt beina leið, hafa oddvitarnir í Garða- og Bessastaðahreppum í Gullbringusýslu áfrýjað til mín úrskurði yðar 13. f. m., en með þeim úrskurði var ákveðið, að sitja skyldi við úrskurð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. sept. f. á., sem gjörði hinum forna Álptaneshrepp, nú Garða- og Bessastaðahreppum, að skyldu, að greiða Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu kr. 486,10, er lagt hefur verið þar úr fátækrasjóði til framfærslu 2 börnum Markúsar Kristjáns Þorsteinssonar, af því að Markús þessi ætti framfærslurjett í hinum forna Álptaneshreppi. 68 4. maí

Skjöl málsins bera það með sjer, að sýslumennirnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Rangárvallasýslu hafa verið samdóma um, að þessi Markús Kristján Þorsteinsson ætti framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Álptaneshreppi, og þar af leiðandi bæri þeim hreppi að endurgjalda Vestur-Landeyjahreppi fátækrastyrk veittan börnum hans tveim, að upphæð kr. 486,10. Með því nú að sýslumennirnir eru á einu máli um þetta, þá hlýtur þar við að sitja samkvæmt 3. gr. í reglugjörð 8. jan. 1834, sbr. landshöfðingjabrjef 15. desbr. 1885 (Stjórnartíð. 1885, B., bls. 149), eins og þjer, herra amtmaður, einnig hafið tekið fram í úrskurði yðar, sem að ofan er nefndur.

Jeg bið yður því, herra amtmaður, að tilkynna oddvitunum í Garða- og Bessastaðahreppum, að ofannefnt erindi þeirra geti eigi orðið tekið til greina, og að leggja fyrir þá, að fullnægja *tafarlaust* ofannefndum sýslumannsúrskurði, með því að greiða Vestur-Landeyjahreppi umræddar kr. 486,10.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafið þjer, herra amtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bónarbrjef frá fröken Ólavíu Jóhannsdóttur, þar sem hún sækir um leyfi til að ganga undir fyrri hluta næstkomandi burtfararprófs, þannig, að hún verði að eins reynd í námsgreinum þeim, sem þar til eru taldar, náttúrusögu, landafræði, ensku, stærðfræði og latneskum stýl, en með því að hin heiðruðu stiptsyfirvöld hefur greint á um, hvort leyfi til prófsins, þannig lagaðs, geti veitzt, hafið þjer skotið þessu máli undir úrskurð minn. 69 24. maí

69 Í tilskipun um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykja-
24. maí. vík o. s. frv. 4. des. 1886, 1. gr., er það skýlaust tekið fram, að konum sje heimilt með *sömu* skilmálum og lærisveinum hins lærða skóla í Reykjavík að ganga undir árspróf 4. bekkjar, og verð jeg því að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að engin heimild sje til að veita konu leyfi til að ganga undir próf þannig lagað, sem beiðandinn fer fram á.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

70 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um sveit-**
25. maí **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 15. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skjöl snertandi sveitfesti Björns nokkurs Sigurðssonar á Hauksstöðum í Jökuldal, sem þjer með úrskurði yðar 12. des. f. á. ákváðuð sveitlægan í fæðingarhreppi sínum, Tunguhreppi í Norðurmúlasýslu, en þessum úrskurði yðar hefur hreppsnefndin í nefndum hreppi áfrýjað til mín.

Skjöl málsins bera það með sjer, að Björn þessi Sigurðsson hefur hvergi dvalið nógu lengi, eptir að hann varð 16 ára, til þess að ávinna sjer sveit, nema ef vera skyldi í Vallahreppi í Suðurmúlasýslu, en þar dvaldi hann frá 1850—1862, en á þessum 12 ára tíma fór hann tvisvar sinnum, svo að ár voru á milli, úr hreppnum, sem vistráðið hjú, þó svo, að dvöl hans varð ekki nema vika á öðrum staðnum og nokkrar vikur á hinum, en í bæði skiptin hvarflaði hann aptur til Vallahrepps. Það verður nú eigi öðruvísi álitið, en að þessar brottfarir hans úr Vallahreppi, þó stuttar yrðu, hafi verið regluleg vistferli, enda styrkist líka þessi skoðun við þann vitnisburð tveggja manna, er því voru kunnugastir, og sem gefinn er undir eiðstilboð, að Birni hafi verið gefin upp vistarráðin og að hann eptir samkomulagi hafi fengið leyfi til að hverfa aptur til Vallahrepps. Jeg verð því að vera yður samdóma um, að Björn Sigurðsson hafi hvergi unnið sjer sveit með lögboðinni 10 ára dvöl, og að hann því eigi framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum Tunguhreppi í Norðurmúlasýslu.

Samkvæmt framansögðu staðfestist því hjermeð oafngreindur úrskurður yðar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

EMBÆTTASKIPUN.

20. maí var skrifstofustjóri í hinu íslenzka ráðaneyti í Kaupmannahöfn, Anders Dybdal, skipaður af konungi stjórnardeildarforstjóri í sama ráðaneyti, og jafnframt var assistent í ráðaneytinu, cand. jur. Ólafur Halldórsson, skipaður af konungi skrifstofustjóri samastaðar.

24. s. m. var Miklabæjar prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi veitt af landshöfðingja sjera Birni Jónssyni á Bergstöðum samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaðar.

ÓVEITT PRESTAKÖLL,

er veitt verða með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Reykjavík (Reykjavíkursókn) í Kjalarness prófastsdæmi. Brauðið er metið 3758 kr. 79 a. Auglýst 4. maí 1889. Brauðið liggur undir veitingu konungs.

Bergstaðir í Húnavatns prófastsdæmi (Bergstaða- og Bólstaðahlíðar-sóknir). Á brauðinu hvílir lán frá 1883, upphaflega 800 kr., er afborgast á 16 árum. Brauðið er metið 1075 kr. 43 a. Auglýst 27. maí 1887.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **út af beiðni um fjárstyrk til að semja registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar.** — Með póknanlegu brjefi, dags. 23. marz þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi bæjarfógetans í Reykjavík, þar sem farið er fram á, að 300 kr. verði teknar á frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 til að semja nýtt registur yfir afsals- og veðbrjefabækur Reykjavíkurkaupstaðar, sem mikil þörf sje á. Þjer hafið skotið þessu máli til úrslita minna og látið um leið í ljósi það álit yðar, að það lægi næst, að bæjarsjóður Reykjavíkurkaupstaðar greiddi styrk þann, er hjer er um að ræða. 71 16. maí

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega, til póknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum, að jeg verð að vera yður samdóma um, að gjöld þau, sem hjer er um að ræða, eru svo löguð, að hlutaðeigandi kaupstaðarsjóður ætti að inna þau af hendi, og að mjer þess vegna þyki eigi ástæða til að reyna að fá greinda upphæð veitta úr landssjóði; heldur eigi virðist eptir kringumstæðum ástæða til fyrir landssjóð að rjetta fyrirtækinu hjálparhönd með því að láta í tje nokkuð af upphæðinni, einkum þar sem hin hjerumrædda fjárupphæð er tiltölulega lítil.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu,* **um endurgjald sveitarstyrks.** — Með póknanlegu brjefi, dags. 8. marz þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi, dags. 27. desbr. f. á. með 1 fylgiskjali, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar dags. 27. okt. f. á., er ákveður, að Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppar skuli endurgjalda Vindhælishreppi 3 kr. 26 a., en að öðru leyti vera lausir við að endurgjalda nefndum hreppi áfallinn og áfallandi kostnað af framfærslu gamalmennisins Guðmundar Magnússonar. Auk þess fylgdi nefndu brjefi yðar brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 2. febr. þ. á. viðvíkjandi málinu, og eldri skjöl málsins 36 að tölu. 72 31. maí

Nefndur Guðmundur Magnússon var viðurkenndur sveitlægur í hinum forna Torfastaðahreppi, sem nú er skipt í Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa, en þáði árin 1875—76 og 1876—77 styrk af sveitarsjóði Vindhælishrepps, þar sem hann bjó á grasbýli nokkru í Höskuldsstaðaseli, og var sá styrkur við lok fardagaársins 1876—77 orðinn samtals 54 kr. 91 e. Af því að hreppsnefnd Vindhælishrepps þóttist þá sjá fram á, að Guðmundur mundi ekki einfær um að borga henni aptur skuld þessa, og að hann jafnvel mundi bráðlega verða frekari styrks þurfandi, skrifaði hún framfærslusveit hans 11. júlí 1877, og krafðist endurgjalds á hinum veitta styrk, og kvaðst vilja losast við Guðmund, sem mundi verða þungur ómagi. Í svari sínu upp á þetta brjef 26. júlí s. á. krefst hreppsnefnd Torfastaðahrepps, að Guðmundur verði sem fyrst samsumars fluttur á sveit sína Torfastaðahrepp, og neitar hún jafnframt að endurgjalda Vindhælishreppi hinn veitta styrk. Hreppsnefnd Vindhælishrepps fór nú fram á það við sýslumann í brjefi 29. ág. s. á., að Guðmundur yrði fluttur á sveit sína, en sýslumaður áleit það þá ekki tiltækilegt eptir öllum málavöxtum að fyrirskipa flutninginn, og fórst hann þannig fyrir á því ári. Árið eptir 1878 gjörði hreppsnefnd Vindhælishrepps aptur tilraun til að fá Guðmund fluttan, og fjekk vegabrjef handa honum hjá sýslumanni 28.sept., en þegar til kom og framkvæma átti flutninginn 12. okt. s. á., var Guðmundur svo veikur, að það að áliti hreppstjóra og tveggja votta eigi var gjörlegt að flytja hann neitt út af heimilinu.

8. dag júlímán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

72 Næsta ár 1879 virðist svo sem hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi gefið upp að sinni
31. maí flutning á Guðmundi, enda hafði hann síðan 1877 reynzt sjálfbjarga og borgað aptur helming styrks þess, er hann hafði áður þegið, og sett hreppnum veð fyrir hinu, sem eptir var. En vorið 1880 var gjörð ný tilraun fyrir tilstilli hreppsnefndarinnar til að flytja Guðmund, en hreppstjóri og tveir vottar álitu hann þá einnig óflutningsfæran, nema ef vera skyldi sjóveg alla leið vestur í Miðfjörð. Leitaði hreppsnefndin þá aðstoðar sýslumanns til þess, að Guðmundur yrði fluttur á þennan hátt til sveitar sinnar, sem varð til þess, að sýslumaður skipaði hreppstjóra að gjöra nýja tilraun til að flytja Guðmund þurfamannaflutningi, en sú tilraun fór á sömu leið. Eptir þetta lá Guðmundur rúmfastur í 4 ár, og var þá, 25. ág. 1884, skoðaður af hjeraðslækni, sem vottaði, að hann væri með öllu ófær til að flytjast fátækraflutningi á framfærslusveit sína, og síðan hefur hann verið þungur kararómagi.

Þjer hafið nú, herra amtmaður, álitið, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi eigi gjört sjer nægilega far um flutning Guðmundar samkvæmt áðurnefndri kröfu framfærslusveitar hans, og því úrskurðað, að Vindhælishreppur skuli eptirleiðis framfæra þennan ómaga Torfastaðahrepps, og að eins fá endurgoldnar 3 kr. 26 a., sem stóðu eptir af styrknum frá 1876—77, þegar Guðmundur varð karlægur. Jeg gæti einnig, ef til vill, fallizt á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hefði eigi gjört nógu stöðugar og ítarlegar tilraunir til að flytja Guðmund á hrepp sinn, ef sú reynd hefði á orðið, sem útlit var fyrir 1877, og Guðmundur hefði haldið áfram að þiggja af sveit í Vindhælishreppi upp á framfærslusveit sína, en hjer var öðru máli að gegna, því öll árin 1877—81 gat Guðmundur með búhokri sínu komizt af án styrks, og borgaði auk þess smátt og smátt skuld þá, 54 kr. 91 e., er hann var kominn í við hreppinn, og sem framfærslusveit hans hafði ranglega neitað að endurgjalda Vindhælishreppi, svo að hún var við lok ársins 1880—81 orðin að eins 3 kr. 26 a., og það var fyrst 1883—84, að Guðmundur fór aptur að verða verulegs styrks þurfandi. Jeg get því eigi eptir atvikum málsins sjeð, að rjett sje að láta Vindhælishrepp gjalda fyrir það, svo sem þjer hafið gjört, að Guðmundur varð eigi fluttur á sveit sína áður en hann varð ófær til flutnings, og það því síður sem ætlast hefði mátt til þess af framfærsluhreppnum, ef hann þóttist sjá fyrir, að hætt væri við því, að Guðmundur, þótt hann kæmist af án styrks svo mörg ár, 1877—81, myndi verða innlyksa í Vindhælishreppi, að hann þá einnig hefði sýnt nokkurn áhuga á því, að fá Guðmund fluttan, en þess sjest enginn vottur í skjölum málsins eptir að fyrnefnt brjef 26. júlí 1877 var skrifað, að minnsta kosti eigi eptir 1878.

Af þessum ástæðum skal ofannefndum úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 27. okt. f. á., breytt á þá leið, að Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppar skulu skyldir að annast framfærslu umrædds Guðmundar Magnússonar, og endurgjalda Vindhælishreppi áfallinn og áfallandi kostnað af framfærslu hans meðan hann dvelur í Vindhælishreppi.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

73 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu,* **um**
31. maí **skylduna til að kaupa lausakaupmennskuleyfisbrjef, samkvæmt lögum 2. des. 1887.**

— Hjeraðslæknir Þórður J. Thoroddsen í Keflavík hefur í brjefi, dags. 27. þ. m., fyrir hönd kaupfjelags Rosmhvalanesshrepps jafnframt því að geta þess, 73 31. maí
að tjeð fjelag hafi í vetur pantað ýmsar vörur frá útlöndum, þannig, að það hafi beðið kaupmann L. Zöllner í Newcastle að kaupa vörurnar fyrir fjelagið og senda fyrir reikning fjelagsins skip með þær til Keflavíkur, Leiru og Garðs, en þar skyldu þær fluttar í land og þeim skipt milli fjelagsmanna, eptir því sem hver hefði pantað, en vörurnar áttu aptur að borgast með fiski, er Zöllner seldi fyrir reikning fjelagsins í útlöndum — beiðst úrlausnar minnar um það, hvort sá úrskurður sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu sje rjettur, að L. Zöllner eða greindu kaupfjelagi sje, sakir þessa vöruflutnings skylt að fullnægja fyrirmælum laga nr. 28, 2. desbr. 1887, að því er lausakaupmennskuleyfisbrjef snertir, en á brjefi frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, er fylgdi ofangreindu brjefi hjeraðslæknisins sjest, að þegar hefur verið gefið út leyfisbrjef handa greindum Zöllner til hinnar umræddu verzlunar, og hið lögskipaða gjald fyrir það, 100kr., greitt sýslumanni.

Út af þessu vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslumanninn í Kjósar- og Gullbringusýslu, að tjá Þórði hjeraðslækni Thoroddsen, að jeg finni eigi ástæðu til að fyrirskipa endurborgun á þeim 100 kr., er greiddar hafa verið fyrir hið umrædda lausakaupmennskuleyfisbrjef, en fjelagið geti, ef það óskar þess, leitað úrskurðar dómstólanna um málið.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans á Akureyri* **um þingsköp fyrir bæjarstjórn Akureyrar og um erindisbrjef fyrir menn, er líta skulu eptir eldstóm o. fl. á Akureyri.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 9. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer í tveim samritum frumvarp til þingskapa fyrir bæjarstjórn Akureyrar og erindisbrjef fyrir menn, er líta skulu eptir eldstóm o. fl. á Akureyri, og beiðzt staðfestingar minnar þar á. 74 31. maí

Um leið og jeg nú endursendi yður annað samritið af nefndu frumvarpi til þingskapa með áituðu samþykki mínu, skal jeg geta þess, að því er snertir umgetið erindisbrjef, sem jeg einnig endursendi hjer með, að jeg sje mjer ekki fært að staðfesta það, þar sem í því eru lagðar bæjarbúum ýmsar kvaðir og skyldur á herðar, sem lagaheimild vantar fyrir.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu,* **um heimild til að reka verzlun á jörð í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar.** — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. í gær, meðtekið ásamt þóknanlegu áliti yðar ummæli bæjarfógetans í Reykjavík um fyrirspurn E. Egilssonar í Görðunum við Reykjavík um það, hvort honum eigi væri heimilt að lögum að reka verzlun á tjeðri eignar- og ábýlisjörðu sinni, sem þó sje í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar, undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg verð að vera yður og bæjarfógetanum samdóma um, að eigi sje, eptir því sem ástatt er, nein heimild til þess, að lögum, að veita leyfi til verzlunar á nefndri jörð Görðunum, en hins vegar álít jeg, að nefndum E. Egilsson sje frjálst, ef 75 1. júní

75 hann svo vill, að gjöra tilraun til að fá bæjarfógetann í Reykjavík skyldaðan til með
1. júní dómi, að gefa út handa sjer borgarabrjef það, sem ræðir um í lögum nr. 28, 7. nóv. 1879 til hinnar umræddu verzlunar.

76 **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um stofnun nýs prestakalls.** — Með
5. júní þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá 28 sóknarmönnum í Brautarholtssókn í Mosfellsprestakalli og 20 sóknarmönnum í Saurbæjarsókn í Reynivallaprestakalli, þar sem farið er fram á, að stofnað verði af nýju hið forna Kjalarnesþingaprestakall, ásamt yfirlýsingum hinna tveggja núverandi presta sókna þessara, tilboði aðstoðarprests sjera Ólafs Finnssonar um að gjörast prestur í hinum fornu Kjalarnesþingum, og loks brjefi hjeraðsprófastsins um þetta mál, og þar með fylgjandi útskript úr gjörðabók hjeraðsfundarins í Kjalarnesprófastsdæmi 12. sept. 1887.

Út af þessu skal eigi látið hjá líða, að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg sje mjer eigi fært að sinna þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að sjera Þorkell Bjarnason á Reynivöllum hefur sett það skilyrði fyrir að sleppa Saurbæjarsókn, að hann fái eptirlaun sín reiknuð einnig af Saurbæjarsókn eptir sem áður, svo framarlega sem hann sækir um og fær lausn frá prestsskap sem prestur á Reynivöllum, en slíkt skilyrði verður ekki samrýmt við fyrirmæli gildandi laga um eptirlaun presta, enda álít jeg ísjárvert að samþykkja breytingar á skipun sókna og brauða, samkvæmt 4. gr. prestakallalaganna 27. febr. 1880, þegar það er fyrirsjáanlegt, að breytingarnar mundu hafa í för með sjer aukinn kostnað fyrir landssjóð.

77 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um leyfi til að taka lán handa**
6. júní **Otrardals prestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 3. þ. m. veiti jeg hjer með samþykki mitt til, að presturinn að Otrardal í Barðastrandarprófastsdæmi, sjera Jósep Kr. Hjörleifsson, megi taka 500 kr. lán úr Söfnunarsjóði Íslands til þess að byggja upp bæjarhúsin að Otrardal, þannig, að lán þetta endurborgist á næstu 20 árum með 25 kr. afborgun á ári hverju auk vaxta, með þeim skilmálum:

að láni þessu verði einungis varið til þess að byggja upp nauðsynleg hús staðarins: baðstofu, bæjardyr, búr og eldhús;

að lán þetta megi ekki taka úr Söfnunarsjóðnum fyr en presturinn er búinn að sanna með löglegri skoðunar- og virðingargjörð úttektarmanna og hjeraðsprófasts, sem senda ber stiptsyfirvöldunum, að tjeð staðarhús sjeu byggð upp, og að kostnaðurinn við bygginguna hafi numið að minnsta kosti 500 kr., og

að ofannefndur prestur eða dánarbú hans, þegar hann fer frá Otrardal eða deyr, skili nefndum húsum staðarins í góðu standi eða með fullu álagi eptir úttektargjörð.

Þetta tilkynnist hjer með hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um endurborgun á útflutningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl.**—Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. marz þ.á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og þar með fylgjandi erindi frá verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði, P. V. Davíðssyni, með 4 fylgiskjölum, þar sem hann sækir um endurborgun á ofgreiddu útflutningsgjaldi af fiski á árunum 1883, 1884, 1885 og 1886, að upphæð kr. 99,50. **78** 8. júní

Þar sem nú þessi endurborgunarkrafa kemur svo seint fram, og verzlunarstjóri Örum & Wulffs hefur á sínum tíma greitt hinn umrædda toll mótmælalaust, þá sje jeg mjer ekki fært að sinna þessu máli frekara.

Að því er snertir þá fyrirspurn í brjefi sýslumannsins, hvernig fara eigi um tollskil, þegar skip á að flytja fisk til verkunar frá Vopnafirði til Berufjarðar, en kemur eigi á Berufjörð, heldur ferst á leiðinni eða siglir beint til útlanda, þá ber því að svara á þá leið, að farist skipið á leiðinni, þá er eigi um nein tollskil að ræða, þar sem fiskinn átti að eins að flytja á aðra höfn, en fari skipið til útlanda með fiskinn án þess tollur hafi verið greiddur af honum, þá ber að gjöra ábyrgð gildandi gegn hlutaðeigandi útflutningsmanni til greiðslu á tollinum, og auk þess til sekta samkvæmt 5. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald, ef skipið hefur leynzt brott til að komast hjá tollskilum.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til póstmeistara* **um skaðabætur handa pósti út af slysum á póstferð.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 6. f. m., hafið þjer, herra póstmeistari, sent hingað erindi póstafgreiðslumannsins á Ísafirði, þar sem skýrt er frá aukakostnaði, er aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Hjarðarholts í Dölum hafi orðið fyrir sökum óveðurs á Þorskafjarðarheiði í 2. póstferðinni á þessu ári, og hafið þjer mælt með því, að pósti þessum verði endurgoldinn kostnaður þessi kr. 24,25 samkvæmt reikningi frá póstafgreiðslumanninum á Ísafirði. **79** 8. júní

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á, að Jens pósti Þórðarsyni verði eptir atvikum í þetta sinn endurgoldnar úr póstsjóði kr. 22,00, en 4. og 5. liður reiknings póstafgreiðslumannsins á Ísafirði (fyrir aðgjörð á lykli á póstskrínu og á póstlúðri), að upphæð kr. 2,25 eiga væntanlega að greiðast af fjenu til áhalda við póststjórnina, en að endingu skal það tekið fram, að framvegis mun eigi til neins, að senda slíkar skaðabótabeiðnir frá póstum hingað, þar sem jeg mun eigi sjá mjer fært, að taka þær til greina.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um lán handa Reykjavíkurkaupstað til vegagjörðar.** — Eptir beiðni yðar, herra bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík í þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m., veiti jeg hjermeð samkvæmt tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 19. gr., samþykki mitt til, að taka megi 3000 kr. lán úr hafnarsjóði handa bæjarsjóði, er ávaxtist með 4%, til þess að fullgjöra nú í **80** 11. júní

80 sumar hinn svonefnda Laugaveg alltjaustur að Fúlutjarnarlæk á takmörkum kaupstaðar-
11. júní umdæmisins.

81 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu*, **um sveit-**
20. júní **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af úrskurði yðar, dags. 2. okt. f. á., er ákveður, að Jónas nokkur Samsonarson skuli álítast sveitlægur í Seyðisfjarðarhreppi, en hreppsnefndin í tjeðum hreppi hefur áfrýjað úrskurði þessum til mín — og hafið þjer jafnframt látið fylgja 14 skjöl málinu viðvíkjandi.

Jónas þessi Samsonarson er fæddur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu árið 1852, og hafði hvergi áunnið sjer sveit annarsstaðar, þegar hann vorið 1877 um sumarmál kom frá Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði verið að trjesmíðisnámi, og rjeðst að Gnýstöðum í Seyðisfjarðarhreppi til að smíða hús fyrir bændurna þar, og svo til sjóróðra um sumarið; en er hann hafði dvalið þar nokkra stund, ljetu bændurnir það eptir, að hann færi að Ketilsstöðum á Völlum til húsasmíða,og síðan, er hann var kominn aptur þaðan, að Hauksstöðum í Vopnafirði í sömu erindum, en það var samkomulag milli hans og bændanna á Gnýstöðum, að hann síðar kæmi aptur að Gnýstöðum, enda hafði hann beiðst þess, að mega telja þar heimili sitt um sumarið og skildi þar eptir dót sitt, er hann ekki nauðsynlega þarfnaðist um sumarið. Eptir veturnætur um haustið, kom Jónas einnig aptur að Gnýstöðum, og dvaldi þar svo það sem eptir var ársins. Síðan hefur Jónas dvalið stöðugt í Seyðisfjarðarhreppi, en þáði þar seinni part sumars 1887 sveitarstyrk, og kom þá fram spurning um, hvar hann væri sveitlægur. Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að Jónas verði eptir hinum upplýstu atvikum, að álítast hafa átt heimili á Gnýstöðum allt frá því hann rjeðst þangað um sumarmál 1877, þrátt fyrir burtveru sína um sumarið, og að hann því hafi með löglegri 10 ára dvöl áunnið sjer framfærslurjett í Seyðisfjarðarhreppi, en jafnframt get jeg þess, að sveitarstyrkur sá, sem Jónasi tjáist hafa verið veittur sumarið og haustið 1887 virðist eigi hafa verið löglega veittur, þar sem ekkert er fram komið um, að Jónas hafi beiðst hans og engin aðsjón var gjörð hjá honum, auk þess sem hinn framlagði verzlunarreikningur yfir úttekt hans í reikning sveitarinnar virðist helzt benda til þess, að hún hafi fram farið án nokkurrar tilhlutunar frá fátækrastjórnarinnar hálfu.

Samkvæmt þessu skal hjer umræddur úrskurður yðar 2. okt. f. á. standa að öllu leyti óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

82 **Reikningar**

sjóða, er standa undir umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888.

Tekjur.

1. Í sjóði frá f. á.:

	Kr.	Kr.
a. óendurgoldnar fyrirframborganir frá 1884	36,00	
b. —— —— — 1885	296,87	
c. —— —— — 1886	173,15	
12. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír. Einn þeirra fer frá Grenjaðarstað þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, kemur við á *Húsavík, Skinnastöðum* og *Presthólum* og mætir á *Raufarhöfn* öðrum þingeyjarsýslupóstinum. Sá póstur fer frá Vopnafirði sama dag og hinn pósturinn á að fara frá Grenjaðarstað og kemur við á *Sauðanesi* og *Svalbarði*. Þegar báðir þessir póstar eru komnir til Raufarhafnar, snúa þeir aptur sömu leið til Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar, og má Seyðisfjarðarpósturinn eigi fara frá Grenjaðarstað í leiðinni til Akureyrar fyr en annar þeirra er kominn aptur að Grenjaðarstað. Þriðji pósturinn fer frá Akureyri, þegar eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, austan Eyjafjarðar út í Höfðahverfi að *Grýtubakka*, og snýr þaðan aptur eptir 6 tíma dvöl til Akureyrar.
13. MÚLASÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
   a) Fer annar frá Höfða í Vallahreppi undir eins og aðalpóstarnir eru komnir báðir til þessarar póstafgreiðslu (Eskifjarðarpóstur frá Bjarnanesi og Seyðisfjarðarpóstur frá Grímsstöðum) um Hrafnabjörg til *Vopnafjarðar*, og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl.
   b) Hinn fer frá Eskifirði þegar eptir komu póstsins þangað frá Bjarnanesi um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í Stöðvarfirði, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð, ef veður leyfir.
14. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá Odda að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Odda. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á austanpóstinn áður en hann fer af stað til Reykjavíkur.
15. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eptir að austanpóstur er kominn þangað frá Reykjavík. Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum*, annar að *Arnarbæli* í *Grímsnesi*, og snúa þeir báðir þegar aptur að Hraungerði; hinn þriðji fer ofan á *Eyrarbakka* og snýr þaðan aptur morguninn eptir að Hraungerði.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavik 24. ágúst. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

91 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa Kirkjubæjarklaustrs prestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. í dag, veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að Kirkjubæjarklausturspresta kall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi megi taka 800 kr. lán úr landsbankanum til húsabygginga þannig, að lán þetta verði endurborgað af tekjum prestakalls þessa á næstu 8 árum með 1/8 árlega auk vaxta.
6. júlí

92 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um skyldu manns til að veita sonarbörnum sínum forsorgun.** — Með brjefi, dags. 29. f. m., er hingað hefir borizt beina leið, hefur sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, þar sem hún fer fram á, að Eyjólfur Jónsson, bóndi á Hausastöðum (Katrínarkoti) þar í hreppi, verði skyldaður til að veita skilgetnum börnum sonar hans látins forsorgun, og hefur sýslumaðurinn óskað úrlausnar minnar um erindi þetta.
9. júlí

Út af þessu undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að hjer er að ræða um ágreining milli hreppsnefndar annars vegar og privat-manns á hina hliðina, en eigi um sveitarmálságreining milli tveggja hreppa, heyra úrslit máls þessa undir úrlausn dómstólanna en eigi landshöfðingja.

93 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um sölu á reka og veiðiítökum tilheyrandi prestakalli.** — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn landshöfðingja, að hans hátign konunginum hefði þóknazt 9. þ. m. allramildilegast að fallast á, að reka- og veiðiítök Hofs prestakalls í Álptafirði fyrir landi jarðarinnar Starmýri í Suðurmúlasýslu megi selja eiganda jarðar þessarar, ekkjunni Ragnheiði Stefánsdóttur, fyrir 200 kr.
12. ágúst

94 **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um gjald fyrir borgarabrjef til verzlunar.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer erindi Jóns kaupmanns Jónssonar, sem áður hefur rekið fasta verzlun í Borgarnesi, en í sumar hefur byrjað verzlun hjer í bænum og leyst til þess borgarabrjef samkvæmt lögum 7. nóv. 1879 og greitt fyrir það 50 kr. í bæjarsjóð, þar sem hann fer fram á, að fá greindar 50 kr. endurborgaðar sökum þess, að hann hefði eigi þurft að kaupa nýtt borgarabrjef til að geta stofnað verzlun hjer, en hefði haft rjett til að verzla á hverju kauptúni eða löggiltum verzlunarstöðum á landinu, sem hann vildi, samkvæmt borgarabrjefi því, er hann áður hafði fengið til verzlunar í Borgarnesi, og sem útgefið var 18 júní 1877. Hafið þjer látið þá skoðun í ljósi, að endurborgunarkrafa sú, sem þannig er fram komin, sje eigi á rökum byggð, en beiðzt þó álits míns um málefnið eptir ósk Jóns kaupmanns Jónssonar.
28 ágúst

Út af þessu undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður, að það

er álit mitt, eins og yðar, að Jón kaupmaður Jónsson, sem hefur hætt með öllu við verzlun í Borgarnesi, geti eigi í skjóli borgarabrjefs þess frá 18. júní 1877, er hann hafði til verzlunar í Borgarnesi, byrjað nýja verzlun hjer í bænum, og að endurborgunarkrafa hans sje því eigi á rökum byggð, en að öðru leyti er spurning þessi þess eðlis, að hún heyrir undir fullnaðarúrskurð dómstólanna. 94 28. ágúst

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

13. gr. A. b. 5.

Á Synodus var fje það, að upphæð 3000 kr., sem getur um undir þessum lið, að viðbættum 400 kr. af prestsekknasjóðnum, og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauða eður alls 3481 kr. 40 a. skipt þannig milli:

A. Uppgjafapresta:

		Kr.
1.	Jón Brynjólfsson frá Kálfholti	50,00
2.	Þorvaldur Böðvarsson frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd	50,00
3.	Jón B. Thorarensen frá Saurbæjarþingum	81,40
4.	Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	100 00
5.	Þórður Thorgrimsen frá Otrardal	50,00
6.	Guðmundur Gísli Sigurðsson frá Gufudal	300,00
7.	Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík	50,00
8.	Páll Jónsson frá Viðvík	50,00
9.	Jón Jónsson Reykjalín frá Þönglabakka	100,00
		831,40

B. Prestsekkna:

		Kr.
	Flutt	831,40
1.	Ragnhildur Methúsalemsdóttir frá Hjaltastað	120,00
2.	Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	80,00
3.	Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum	60,00
4.	Guðríður Jónsdóttir frá Ási	50,00
5.	Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri	30,00
6.	Pálína Böðvarsdóttir frá Árnesi	20,00
7.	Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	40,00
8.	Ólöf Einarsdóttir frá Klyppstað	30,00
9.	Þórunn Stefánsdóttir frá Eydölum	50,00
10.	Guðný Jónsdóttir frá Einholti	20,00
11.	Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	70,00
12.	Solveig Einarsdóttir frá Holti undir Eyjafjöllum	30,00
13.	Guðrún Þjetursdóttir frá Arnarbæli	40.00
14.	Sesselja Ísleifsdóttir frá Stóranúpi	20,00
15.	Guðrún Pálsdóttir frá Stóranúpi	20,00
16.	Anna M. Bech frá Þingvöllum	30,00
17.	Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum	30,00
	Flyt	1571,40

		Kr.
	Flutt	1571,40
18.	Vilhelmína Katr. Steinsen frá Árnesi	120,00
19.	Kristín Tómasdóttir Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	80,00
20.	Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ	100,00
21.	Anna Guðmundsdóttir frá Helgafelli	50,00
22.	Eggþóra Eggertsdóttir frá Flatey	40,00
23.	Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	60,00
24.	Helga Árnadóttir úr Skarðsþingum	70,00
25.	Halldóra Jónasdóttir frá Hvammi í Norðurárdal	50,00
26.	Sigríður Guðmundsdóttir frá Hítarnesþingum	30,00
27.	Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum	30,00
28.	Margrjet Magnúsdóttir frá Saurbæjarþingum	40,00
29.	Halldóra Jónsdóttir úr Nesþingum	70,00
30.	Kristín Jónsdóttir frá Hvammi í Norðurárdal	60,00
31.	Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi í Dölum	50,00
32.	Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað	70,00
33.	Elín Einarsdóttir frá Þingeyraklaustri	70,00
34.	Sigríður Ingimundardóttir frá Otrardal	20,00
35.	Helga Arnfinnsdóttir frá Breiðabólstað í Vesturhópi	70,00
36.	Valgerður Benjamínsdóttir frá Gufudal	80,00
37.	Málfríður Ólafsdóttir frá Brjámslæk	50,00
38.	Sigríður Oddsdóttir úr Dýrafjarðarþingum	40,00
39.	Guðrún Ólafsdóttir frá Árnesi	60,00
40.	Oddfríður Gísladóttir frá Tröllatungu	40,00
41.	Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum	80,00
42.	Gróa Erlendsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	40,00
43.	Maren Níelsdóttir frá Höskuldsstöðum	80,00
44.	Guðrún Thorlacius frá Reynistað	30,00
45.	Valgerður Jónsdóttir frá Bergsstöðum	30,00
46.	Þóra Rósa Sigurðardóttir frá Miklabæ	20,00
47.	Katrín Jónsdóttir Norðmann frá Barði	30,00
48.	Kristjana Pálsdóttir frá Möðruvallaklaustri	40,00
49.	Dagbjört Solveig Guðmundsdóttir frá Hvanneyri	40,00
50.	Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík	30,00
51.	Anna Ingibjörg Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	70.00
52.	Guðrún Bjarnardóttir frá Sauðanesi	70,00
	Samtals	3,481,40

og var skipting þessi, að því er ofannefndar 3000 kr. snertir, samþykkt af landshöfðingja með brjefi 6. júlí þ. á.

EMBÆTTISSKIPUN.

28. ágúst var cand. jur. Hannes Hafstein af landshöfðingja settur til þess fyrst um sinn frá 1. sept. þ. á. að gegna embættinu sem ritari við landshöfðingjadæmið.

LEIÐRJETTING.

Á bls. 104 hjer að framan, l. 1. a. n., hefur misprentazt í nokkrum exemplörum 15. sept. í staðinn fyrir 15. okt.

Nýútkomið í A.-deild.

Auglýsing um, að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 28. júlí 1886 skuli úr gildi felld, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 4. septbr. 1889 (A. nr. 15, bls. 34—35).

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurgjald á sveitarstyrk.** — Með brjefi, dags. 23. nóv. f. á., sendi sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hingað erindi hreppsnefndarinnar í Hvalfjarðarstrandarhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 1. nóv. 1887, er gjörir nefndum hreppi að skyldu, að endurgjalda Helgafellssveit í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 154 kr. 2 a,, er Guðmundur bókbindari Guðmundsson, sem sveitlægur er í Hvalfjarðarstrandarhreppi, þáði þar af sveitarsjóði vorið og sumarið 1886 handa sjer og hyski sínu. Með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 26. apríl þ. á., meðtók jeg, síðan umsögn og tilsvar hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit út af áfrýjunarskjali þessu, og að endingu með þóknanlegu brjefi yðar 14. þ. m. athugasemdir hreppsnefndarinnar í Hvalfjarðarstrandarhreppi um tilsvarið, sem henni hefur verið gefinn kostur á að kynna sjer. **95** 31. ágúst.

Með því nú að hreppsnefnd Helgafellssveitar verður með tilsvari sínu og skýrslum þeim, er fylgdu áðurnefndu brjefi yðar, herra amtmaður, 26. apríl þ. á. að álítast hafa fyllilega sannað, að sveitarstyrkur sá, er hjer er um að ræða, 154 kr. 2 a., hafi verið löglega veittur ofannefndum Guðmundi bókbindara, og það einnig má álítast sannað, að hreppsnefnd þessari hafi eigi verið unnt, að útvega Guðmundi þá atvinnu sumarið 1886, að hyski hans yrði eigi sveitinni til byrðar, þá verð jeg að álíta hinn áfrýjaða úrskurð yðar, dags. 1. nóv. 1887, rjettan, og skal því þjónustusamlega skora á yður, að leggja fyrir hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps, að endurborga Helgafellssveit, sem jeg bið yður tilkynna þessi úrslit málsins, hina áminnstu sveitarskuld, 154 kr. 2 a., án nokkurs frekari dráttar.

Brjef landshöfðingja *til verzlunarstjóra Carl A. Danielsen* **um toll af skipsöli og Brama-lífs-elixír.** — Út af brjefi yðar, dags 14. júlí síðastl., þar sem þjer kvartið yfir því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi heimtað af yður toll af 144 pt. af skipsöli og 100 gl. af Brama-lífs-elixír, og leitað úrskurðar um, hvort þessi tollur sje rjettilega heimtaður, skal yður hjer með tjáð, að samkvæmt 1. gr. laga 7. nóv. 1879 ber að greiða 5 aura toll af pottinum af alls konar öli, sem flutt er til landsins, og þá einnig af skipsöli, en af Brama-lífs-elixír ber aptur á móti ekki að taka toll, sbr. brjef ráðgjafans 21. ágúst 1886 (Stj.tíð. 1886, B. bls. 126). **96** 3. sept.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um samband nokkurra sýslufjelaga um búnaðarskólahald á Hólum o. fl.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. júní þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að sýslunefndirnar í Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum hafi gengið að tilboði frá stjórnarnefnd Hóla-búnaðarskólans um, að ganga í fjelag við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur um tjeð- **97** 4. sept.

22. dag óktóbr.mán. 1889.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1889.

97 an búnaðarskóla, en að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafi aptur á móti hafnað
4. sept. þessu tilboði, og að amtsráðið síðan, eptir að fulltrúar úr hinum fjórum sýslufjelögum, er orðin voru ásátt um, að vera saman um búnaðarskólann á Hólum, höfðu haldið fund með sjer, hafi tekið málið til meðferðar, fallizt á sameininguna og lagt það til, að jeg samþykkti, að hluti Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í hinum núverandi búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins yrði lagður til búnaðarskólans á Hólum, og að hið árlega búnaðarskólagjald úr sýslum þessum gengi eptirleiðis til skólans.

Út af þessu skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst hjer með á, að Hólaskólinn verði sameiginleg búnaðarkennslustofnun fyrir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslur, að hluti hinna tveggja síðastnefndu sýslna í búnaðarskólasjóði amtsins verði lagður til skólans, og að búnaðarskólagjaldið úr þeim gangi eptirleiðis til hans. Að því er Norður-Þingeyjarsýslu snertir, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að leggja fyrir sýslunefndina þar, að gefa á næsta fundi sínum yfirlýsingu um, hvort hún kjósi heldur, að sameinast vestursýslunum um búnaðarskólann á Hólum eða Múlasýslunum um Eyðaskólann, og vænti jeg á sínum tíma skýrslu yðar um það efni.

98 **Ágrip af brjefi landshöfðingja um sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 23.**
9. sept. 4. des. 1886. — Með brjefi þessu var prentsmiðjueigandi sektaður um 30 krónur fyrir að hafa vanrækt að láta bókasöfnum þeim, sem nefnd eru í 2. gr. laga 4. des. 1886 í tje ókeypis expl. af »Siðbók fyrir undirstúkur Good-Templara«, með því að engin heim ild væri til að draga undan frá bókasöfnunum neina bók, jafnvel þó hún væri prentuð »sem manuskript« og eigi ætluð almenningi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu* **um skipt-**
99 **ingu Vatnsleysustrandarhrepps.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 19. þ. m., hafið þjer,
21. sept. herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem hann eptir ósk hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og fyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að Vatnsleysustrandarhreppi verði frá 1. október næstkomandi skipt í 2 hreppsfjelög, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samþykki hreppaskiptingu þessa og skipi fyrir um hana á þann hátt, sem sýslunefndin hefur lagt til.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal skipt í 2 hreppa, þannig, að Njarðvíkursókn í Vatnsleysustrandarhreppi verði hreppsfjelag fyrir sig, og heiti Njarðvíkurhreppur, en hinn annar hluti nefnds hrepps sje sjerstakt hreppsfjelag, og haldi nafninu Vatnsleysustrandarhreppur.
2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Vatnsleysustrandarhrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur hljóti og beri af þeim þrjá hluti, en Njarðvíkurhreppur einn; þó skal skólaeign og skólasjóður hreppsins eigi koma til skipta. Sveitarþyngslum þeim, er verða þegar skiptingin

fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur beri tvo hluta en Njarðvíkurhreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. 99 21. sept.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á Vatnsleysustrandarþinghá, hvorki sem manntalsþingá nje dómþinghá.

Brjef landshöfðingja *til póstmeistarans í Reykjavík* **um skaðabætur fyrir skemmdir á póstsendingu.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. þ. m., hafið þjer, herra póstmeistari, sent hingað, ásamt ummælum póstafgreiðslumannsins á Prestsbakka, erindi Sigurðar bóksala Kristjánssonar hjer í bænum, þarsem hann fyrir hönd Ara bónda Hálfdánarsonar á Fagurhólsmýri í Öræfum gjörir tilkall til skaðabóta fyrir skemmdir á bókum er tjeður bóksali hafði sent Ara þessum og afgreiddar voru frá yður í 3 póstbögglum með austanpósti þeim, er fór hjeðan 2. maí þ. á. Það er upplýst að bókasendingar þessar, er alls voru 10 pd. að vikt hafa vöknað í póstkoffortunum þannig að sumar bækurnar hafa skemmst að nokkru leyti en sumar orðið alveg ónýtar; hafa skemmdirnar á öllum bókunum verið metnar á 6 kr. 46 a., er eigi nemur þeirri upphæð, sem tiltekin er í 13. gr. í tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 og leggið þjer til að greiða megi nefndum Ara Hálfdánarsyni upphæð þessa úr póstsjóði. 100 24. sept.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar að jeg veiti hjermeð samþykki mitt til að áminnst upphæð 6 kr. 46 a., verði greidd úr póstsjóði sem skaðabætur fyrir skemmdir á bókasendingum þeim, sem að ofan ræðir um.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um kröfu til þóknunar fyrir að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 22. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá Jóni sýslunefndarmanni Jónssyni, ábúanda á Munkaþverá, þar sem hann með skírskotun til brjefs stjórnarráðsins 27. maí 1880* fer fram á að fá greiddar úr umboðssjóði 400 krónur af kostnaði við hleðslu á varnargarði í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði, er hann hefur látið gjöra á árunum 1881—1889 og fylgir þar með skýrsla úttektarmannanna í Öngulstaðahreppi um tjeðan varnargarð dags. 15. d. júnímán. þ. á. 101 26. sept.

Eins og yður er kunnugt var með ofangreindu brjefi ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 27. maí 1880 leyft, að greiðast mætti úr umboðssjóði $^2/_3$ hlutar af kostnaðinum við að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði til að koma í veg fyrir skemmdir þær, sem vofðu yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár, þó þannig, að greiðsla þessi færi ekki fram úr 400 krónum og að ábúandinn greiddi $^1/_3$ af kostnaðin-

*) Stj.tíð. 1880, B, 92.

101 um og var veiting þessi að öðru leyti bundin því skilyrði, að áður en sá hluti kostn-
26. sept. aðarins, sem legðist á umboðssjóðinn, væri greiddur, skyldi fram lagður nákvæmur reikningur yfir gjöld þau öll, sem gengið hefðu til verksins, og enn fremur, að sannað væri með löglegri skoðunargjörð, (Syns og Skjönsforretning) að verkið væri vel af hendi leyst og garðurinn hefði hin sömu ummál og til eru tekin í skoðunargjörð frá 6. febr. 1880.

Í hinni nefndu skoðunargjörð, sem jeg hjermeð sendi yður í eptirriti, er það tiltekið, að garður sá, er hlaða þyrfti uppi undir gljúfrum þar sem Þverá snýr að túninu á Munka-Þverá þurfi að vera öflugur grjótgarður, c. 20 faðmar á lengd, c. 3 álnir á hæð og c. 6 álnir á þykkt.

Með því að ekki fyrirliggur nein skoðunargjörð er sanni að garður sá, er hlaðinn hefur verið, hafi ofangreind ummál eða fullnægi hinum settu skilyrðum yfir höfuð, en skýrsla úttektarmanna Öngulsstaðahrepps þvert á móti ber með sjer, að talsverður hluti garðsins er hlaðinn úr torfi og grjóti í stað grjóts eingöngu, og að þykkt hans er 2 álnum minni og hæðin c. ½—1 al. minni en til er tekið í ofangreindri skoðunargjörð 6. febr. 1880, og með því að þau skilyrði þannig vantar, sem sett eru í framannefndu ráðgjafabrjefi 27. maí 1880, getur beiðni Jóns bónda Jónssonar á Munkaþverá þegar af þeirri ástæðu ekki tekizt til greina; en þó að garðurinn hefði haft hinn fyrirskipaða styrkleika, hæð og þykkt, þá er samt mjög hæpið að hinn umræddi kostnaður hefði orðið greiddur af umboðssjóði, eptir hinu optnefnda ráðgjafabrjefi þar sem liðin eru 9 ár síðan fjenu var heitið, ef verkið væri unnið og ráðgjafinn að sjálfsögðu ekki hefur ætlast til að fjárframlagið skyldi standa um óákveðið langan tíma og bíða eptir hentugleikum leiguliðans á Munkaþverá.

102 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um skipting jarðarafgjalda milli**
30. sept. **Efri Holtaþinga og Stóruvalla prestakalla.** — Með því að Stóruvallaprestakall nú hefur verið veitt, hef jeg í dag skipt jörðum þeim, sem með brjefi landsh. 11. maí 1886[1] eru lagðar út í hið ákveðna árgjald af Oddaprestakalli til Efri-Holtaþinga og Stóruvalla prestakalls sem uppbót sú, er nefndum prestaköllum ber úr landssjóði samkv. 1. gr. laga um skipun prestakalla 27. febr. 1880, á þann hátt, er nú skal greina, milli ofannefndra prestakalla.

Til Efri-Holtaþinga leggjast:

1. Uxahryggur með hjáleigunni Stóraholti.
2. Galtarholt með grasbýlunum Markhól og Blábringu.
3. Fróðholtshóll.

Til Stóruvallaprestakalls leggjast:

1. Eystra-Fróðholt.
2. Fróðholts-hjáleiga.
3. Vestra-Fróðholt.
4. Litla-Bakkakot.
5. Stóra-Bakkakot.
6. Ártún með hjáleigu.

---

1) Stjórnartíð. 1886 B. 53.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar. 102 30. sept.

Reikningur 103

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1888 til 31. ágúst 1889.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1888:		
a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 427,15	kr. 9027,15
2. Vextir af innstæðu sjóðsins:		
a. af innritunarskírteini til 11. júní 1889 á 3½ % . .	kr. 301,00	
b. af innstæðu í landsbankanum til 31. desember 1888 .	— 18,45	— 319,45
	Samtals	kr. 9346,46

Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Einari óðalsbónda Guðmundssyni á Hraunum . . .	kr. 140,00	
b. Guðmundi bónda Ingimundarsyni á Bergsstöðum . .	— 140,00	kr. 280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1889:		
a. innritunarskírteini Ltra. A. fol. 84	kr. 8600,00	
b. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 466.60	— 9066,60
	Samtals	kr. 9346,60

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 1. október 1889.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein
settur.

Reikningur 104

yfir tekjur og gjöld eldgoss-sjóðs Suðuramtsins árið 1888.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1887:		
a. í veðskuldabrjefum	800 kr. » a.	
b. - sparisjóði Reykjavíkur	24 — 71 -	824 kr. 71 a.
2. Vextir á árinu:		
a. af veðskuldabrjefum	34 kr. » a.	
b. — fje í sparisjóði	1 — 03 -	35 — 03 -
3. Endurborguð lán		500 — » -
4. Gleymt að færa til inntektar í f. á. reikningi		39 — 30 -
5. Til jafnaðar gegn gjaldlið 2		550 — » -
	Tekjur alls	1949 kr. 04 a.

Gjöld.

1. Til jafnaðar gegn 3. tekjulið	500 kr. » a.
Flyt	500 kr. » a.

104

		Fluttar 500 kr.	» a.
2. Lánað út á árinu		550 —	» -
3. Eptirstöðvar við árslok 1888:			
a. í veðskuldabrjefum	850 kr. » a.		
b. - sparisjóði Reykjavíkur	49 — 04 -	899 —	04 -
		Gjöld alls 1949 kr.	04 a.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 1. febr. 1889.
E. Th. Jónassen.

105

Ágrip

af reikningum sjóða, er standa undir stjórn amtsráðsins í Vesturamtinu.

Búnaðarsjóður Vesturamtsins 1888.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1887:			
a. innritunarskýrteini Ltr. A. Fol. 88	1500 kr. » a.		
b. veðskuldabrjef einstakra manna	9080 — » -		
c. ógreiddir vextir	6 — » -		
d. í peningum	224 — 86 -	10810 kr.	86 a.
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins 1888		421 —	26 -
3. Tillag úr landssjóði til búnaðarskólans í Ólafsdal		2500 —	» -
4. Árstekjur af búnaðarskólagjaldinu í Vesturamtinu 1888, samkv. landsh.br. 13. júlí 1885, og ályktun amtsráðsins, lagðar til búnaðarskólans í Ólafsdal		1032 —	51 -
5. Greitt af lánum á árinu		150 —	» -
6. Greiddir vextir frá f. á.		6 —	» -
7. Til jafnaðar gegn 1. gjaldlið		150 —	» -
		Tekjur alls 15070 kr.	63 a.

Gjöld.

1. Lánað út gegn veði og 4% vöxtum		150 kr.	» -
2. Styrkur til búnaðarskólans í Ólafsdal og til endurborgunar á láni, er tekið var 1886 úr landsbankanum í þarfir skólans		3910 —	50 -
3. Til jafnaðar gegn tekjulið 5 og 6		156 —	» -
4. Eptirstöðvar við árslok 1888:			
a. innritunarskírteini Ltr. A. Fol. 88	1500 kr. » a.		
b. veðskuldabrjef einstakra manna	9080 — » -		
c. í peningum	274 — 13 -	10854 —	13 -
		Gjöld alls 15070 kr.	63 a.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 16. febr. 1889.
E. Th. Jónassen.

106

Búnaðarskólasjóður Vesturamtsins 1888.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1887:

a. veðskuldabrjef einstakra manna	9068 kr. » a.		
b. ógreiddir vextir	34 — 68 -		
c. í peningum	76 — 68 -	9179 kr. 36 a.	
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins 1888		362 — 30 -	
3. Búnaðarskólagjald 1888		635 — 53 -	
4. Greitt af lánum á árinu		700 — » -	
5. Greiddir vextir frá f. á.		34 — 68 -	
6. Til jafnaðar gegn 1. gjaldlið		550 — » -	
	Tekjur alls	11461 kr. 87 a.	

Gjöld.

1. Lánað út gegn veði og 4% vöxtum		550 — » -
2. Borgað til búnaðarskólans í Ólafsdal, samkv. landsh.br. 19. okt. 1885 og ályktun amtsráðsins		1032 — 51 -
3. Til jafnaðar gegn 4. og 5. tekjulið		734 — 68 -
4. Eptirstöðvar við árslok 1888:		
a. í veðskuldabrjefum einstakra manna	8918 kr. » a.	
b. í peningum	226 — 68 -	9144 — 68 -
	Gjöld alls	11461 kr. 87 a.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 20. febr. 1889.

E. Th. Jónassen.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 16 krónur til vegabóta í Þyrilshlíð, sem er í aðalpóstleiðinni um Hvalfjarðarstrandarhrepp.

Veittar 200 kr. til aðgjörða á veginum yfir Vatnsskarð og 200 kr. til aðgjörða á klifi við Skjaldarvík á veginum út með Eyjafirði.

13. gr. B. V. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var veittur þessi styrkur *eptir nemendafjölda:*

1. Barnaskólanum	í Rosmhvalanesshreppi	240 kr.
2. ——	í Seltjarnarneshreppi	280 —
3. ——	- Garðahreppi	270 —
4. ——	- Hnífsdal	80 —
5. ——	- Hólshreppi	90 —
6. Barnaskólunum	- Stokkseyrarhreppi	310 —
7. ——	- Vatnsleysustrandarhreppi	250 —
8. Barnaskólanum	á Sauðárkrók	80 —
9. ——	í Bessastaðahreppi	120 —
10. ——	- Ólafsvík	170 —
11. ——	á Sandi	100 —
12. ——	- Skipaskaga	180 —
13. ——	- Vopnafirði	70 —
14. ——	í Gaulverjabæ	80 —
15. ——	- Vestmannaeyjum	80 —

EMBÆTTAVEITINGAR OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

29. ágúst veitti landshöfðingi presti að Kálfholti sjera *Oddgeir Gudmundsen Vestmannaeyja* prestakall í Rangárvalla prófastsdæmi, samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaðar.

9. septbr. veitti landshöfðingi cand. theol. *Sigfúsi Jónssyni Hvamms* prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi, eptir að hlutaðeigandi söfnuðir höfðu afsalað sjer kosningarrjetti.

18. s m. veitti landshöfðingi presti að Heydölum í Suður-Múla prófastsdæmi, sjera *Magnúsi Bergssyni* lausn frá prestsembætti, fyrir ellisakir, frá næstkomandi fardögum að reikna, með eptirlaunum.

27. s. m. veitti landshöfðingi cand. theol. *Guðmundi Helgasyni Bergsstaða* prestakall í Húnavatns prófastsdæmi, eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. *Einari Þ. Thorlacius Stóruvalla* prestakall í Rangárvalla prófastsdæmi, eptir að hlutaðeigandi söfnuður hafði afsalað sjer kosningarrjetti.

28. s. m. veitti landshöfðingi cand. theol. *Guðmundi Guðmundssyni Gufudals* prestakall í Barðastrandar prófastsdæmi, eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

26. septbr. var *Sauðaness* prestakall í Norður-Þingeyjar prófastsdæmi af hans hátign konunginum allramildilegast veitt presti að Bægisá, sjera *Arnljóti Ólafssyni.*

s. d. var presti að *Staðastað* í Snæfellsness prófastsdæmi sjera *Þorkeli Eyjólfssyni* af hans hátign konunginum allramildilegast veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum með eptirlaunum.

ÓVEITT PRESTAKÖLL,

er verða veitt með þeim fyrirvara, að þeir er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra, er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Kálfholt í Rangárvalla prófastsdæmi. Á prestakallinu hvílir 400 kr. landssjóðslán, sem endurborgast með 40 kr. árlega, auk vaxta. Brauðið er metið kr. 1089,01. Auglýst 5. sept. 1889.

Heydalir í Suður-Múla prófastsdæmi, metnir 1711 kr. 13 a. Uppgjafaprestur er í brauðinu, og verða honum greidd eptirlaun, samkv. 6. og 8. gr. laga um eptirlaun presta 27. febr. 1880. Prestsekkja er og í brauðinu, sem nýtur $^1/_{12}$ af hinum föstu tekjum. Brauðið veitist frá fardögum 1890. Auglýst 24. sept. 1889.

ÓVEITT SÝSLAN,

Umboðið yfir Norðursýslu og Reykjadals jörðum og $^3/_4$ *Flateyjar* er laust frá fardögum 1890. Umboðsmaður hefur í laun sjöttung ($^1/_6$ eða $16^2/_3$ %) af jarðarafgjöldum þeim, er hann innheimtir, en verður að standa landssjóði skil á þeim í peningum eptir verðlagsskrá, þó þau sjeu greidd honum í landaurum. Bónarbrjef um sýslun þessa eiga að stílast til landshöfðingja, en sendast amtmanninum yfir norður- og austuramtinu fyrir 30. janúar næstkomandi.

HEIÐURSGJAFIR,

af vöxtunum af styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda fyrir árið 1889 var þeim *Einari Guðmundssyni* á Hraunum í Skagafjarðarsýslu og *Guðmundi Ingimundssyni* á Bergsstöðum í Árnessýslu veitt hvorum um sig 140 kr. sem heiðursgjöf, hinum fyrnefnda fyrir framkvæmdir til eflingar búnaði til lands og sjávar og hinum síðarnefnda fyrir framúrskarandi dugnað í landbúnaði sem einyrki á leigujörð.

LEIÐRJETTING.

Í síðasta blaði B.-deildar Stjórnartíðindanna, bls. 108. 3. hefur sú misprentun orðið, að *Stykkishólmspósturinn*, milli Arnarholts og Stykkishólms, eigi að fara frá Arnarholti í hvert skipti strax eptir komu *vestanpóstsins* þangað frá Reykjavík, í staðinn fyrir að hann á að fara þaðan strax eptir komu **norðanpóstsins** þangað frá Reykjavík.

Reikningur 107

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1888.

Tekjur.

1.	Eptirstöðvar frá f. á.	61 kr. 58 a.
2.	Styrkur úr landssjóði 1888	200 — » -
	Tekjur alls	261 — 58 -

Gjöld.

1.	Keyptar bækur fyrir	166 kr. 80 a.
2.	Bókband	39 — 90 -
3.	Fyrir gæzlu á bókasafninu	30 — » -
4.	Eptirstöðvar við árslok 1888	24 — 88 -
	Gjöld alls	261 — 58 -

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 20. Maí 1889.

E. Th. Jónassen.

Ágrip 108

af reikningi landsbankans 1. júlí—30. sept. 1889.

Tekjur.

1.	I sjóði 1. júlí þ. á.		kr. 125639,98
2.	Borguð lán:		
	a. Fasteignarveðslán	kr. 21637,00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 8980,40	
	c. Handveðslán	— 2020,00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 1957,70	— 34595,10
3.	Innleystir víxlar		— 23429,04
4.	Innleystar ávísanir		— 2620,68
5.	Vextir af lánum		— 8645,17
6.	Disconto		— 240,78
7.	Ýmislegar tekjur		— 69,12
8.	Sparisjóðsinnlög		— 72033,81
8.	Frá Landmandsbankanum		— 783,90
	Alls		kr. 268057,58

Gjöld.

1.	Lánað gegn:		
	a. Fasteignarveði	kr. 13575,00	
	b. Sjálfskuldarábyrgð	— 7365,00	
	c. Handveði	— 350,00	
	d. Ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 7300,00	kr. 28590,00
2.	Keyptir víxlar		— 18776,04
3.	Keyptar ávísanir		— 2125,00
4.	a. Útborgað af sparisjóðsinnlögum	kr. 46407,40	
	b. Dagvextir þar af	— 58,98	— 46466.38
	Flyt		kr. 95957,42

4. dag nóvbr.mán. 1889.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1889.

108

		Flutt kr.	95957,42
5.	Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)	—	1681,00
6.	Ýmisleg útgjöld	—	127,19
7.	Sent Landmandsbankanum	—	881,40
8.	Í sjóði 30. sept. þ. á.	—	169410,57
		Alls kr.	268057,58

Athugasemdir:

Hinn 30. septbr. átti bankinn

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:		
	a. Fasteignarveðskuldabrjef	kr. 599386,70	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabrjef	— 26541,68	
	c. Handveðskuldabrjef	— 23965,00	
	d. Skuldabrjef bæja- og sveitarfjelaga o. fl.	— 15479,55	kr. 665372,93
2.	Önnur skuldabrjef:		
	a. Konungleg ríkisskuldabrjef	kr. 101200,00	
	b. skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar	— 1600,00	— 102800,00
3.	Víxla		— 20430,00
4.	Ávísanir		— 775,00
5.	Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð		— 3100,00
6.	Hjá Landmandsbankanum		— 1088,52
7.	Í sjóði		— 169410,57
		Samtals kr.	962977,02

Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 30. sept. þ. á.		— 430000,00
Eign varasjóðs bankans 31. des. 1888		— 45289,81
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. sept. 1889		— 26058,73
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs bankans	kr. 31370,82	
að frádregnum ýmsum kostnaði $^{1}/_{7}$—$^{30}/_{9}$ 89	— 1867,17	— 29503,65
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 30. sept. þ. á.		— 432124,83
	Samtals	kr. 962977,02

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. okt. 1889.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetussson. Eiríkur Briem.

109

Ágrip

af fundargjörðum amtsráðsins í Suðuramtinu, dagana frá 27. til 29. júní 1889.

Árið 1889, hinn 27. júnímánaðar, átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru: amtmaðurinn í Suðuramtinu, amtsráðsmaður Ísleifur prestur Gíslason í Arnarbæli og vara-amtsráðsmaður Sæmundur prófastur Jónsson í Hraungerði.

Þessi málefni komu þar til umræðu:

1. Forseti lagði fram
   a, reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1888.
   b, reikning um búnaðarskólagjaldið í Suðuramtinu fyrir árið 1888, og
   c, leiguliðasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir árið 1888; voru reikningar þessir yfirfarnir, og fannst ekkert athugavert við þá.

2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga : 109
a, fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1888,
b, — Vestur-Skaptafellssýslu fyrir sama ár,
c, — Vestmannaeyjasýslu fyrir sama ár, og
d, — Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árið 1887; reikningurinn fyrir árið 1888 er ókominn, og væntir amtsráðið, að reikningurinn verði framvegis sendur í tæka tíð, að viðlögðum sektum ef út af ber.

Við þessa reikninga fannst ekkert að athuga.

e, fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1888. Við þennan reikning athugast, að með því að amtsráðinu virðist óskiljanlega margir dregnir úr verkfærralistunum, sem eru á þeim aldri, er lögin ákveða, og naumast muni, eptir þeim kunnugleika, sem amtsráðið hefur, vera ástæða til, að sleppa nærri því öllum þeim 51, sem athugasemdir við listana sýna, að felldir hafa verið úr, vill amtsráðið benda til, að hagkvæmara muni vera, að verkfærralistarnir sjeu sendir sýslumanni áður en sýslunefndin heldur aðalfund sinn, svo að þeir verði rannsakaðir og úrskurðaðir af sýslunefndinni í heild sinni, en ekki af sýslumanni einum, og er amtsráðinu kunnugt, að svo er gjört annarstaðar í amtinu, og hefur þótt gefast vel.

f, fyrir Árnessýslu fyrir árið 1888. Við þennan reikning athugast, að ekki er enn búið að færa sýsluvegasjóðnum til inntektar þær 13 kr., sem ranglega voru borgaðar af vegasjóði 1886 fyrir ferðir á undirboðsþing, og ekki hafa heldur sýslusjóðnum verið færðar til útgjalda þær 2 kr., sem ritfangalaun til hreppstjóra voru vantalin um í reikningnum fyrir árið 1887 (sbr. athugasemdir amtráðsins. Stjórntíð. 1888 B. bls. 86).

g, fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1887. Við þennan reikning finnst þetta athugavert, að það er svo langt frá því, að athugasemdum amtsráðsins við reikninginn fyrir 1886 hafi verið gaumur gefinn, að því er snertir innheimtu á útistandandi vegagjaldi, að hinar útistandandi upphæðir þvert á móti hafa aukizt að mun þetta ár, svo að ýmsir hreppar hafa að öllu leyti bætt við skuld sína vegagjaldinu fyrir árið 1887. Þetta virðist amtsráðinu svo óhæfileg og lögum mótstríðandi aðferð, að það hlýtur stranglega að leggja fyrir sýslumanninn að kippa þessu í lag hið bráðasta, og vill benda honum á, að sektum mun verða beitt, ef þessari fyrirskipun ekki þegar er hlýtt; jafnframt getur amtsráðið ekki leitt hjá sjer, að lýsa furðu sinni yfir, að hlutaðeigandi sýslunefnd skuli umtölulaust hafa látið þetta viðgangast ár eptir ár. Enn fremur athugast að nokkur fylgiskjöl vantar með sýslusjóðsreikningnum.

Að síðustu getur amtsráðið þess, að reikninginn fyrir árið 1888 vantar enn, og væntir þess, að framvegis verði reikningurinn fyrir hvert ár sendur í tæka tíð, eins og lög fyrirskipa, að viðlögðum sektum, ef út af ber.

3. Forseti lagði fram eptirrit þau af fundarbókum sýslunefnda, er nú skal greina:
a, úr Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 25. apríl 1889.
b, — Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 15. maí s. á.
c, — Rangárvallasýslu, fundargjörðir 28. sept. og 22. des. 1888, og 7.—8. maí 1889.
d, úr Árnessýslu, fundargjörðir 8. okt. 1888 og 23.—26. apríl 1889.

109 e, úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 3. nóv. 1888 og 23. maí 1889.

f, — Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 19. des. 1888. Fundargjörðir aðalfundarins 1889 voru ekki komnar.

Við framanskrifaðar fundargjörðir var ekkert að athuga.

g. úr Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 8. ágúst 1889. Við þær athugast, að þar sem það sjest á þessum fundargjörðum, að sýslunefndin hefur samið reglugjörð um starfsvið hinna 2 yfirsetukvenna í Vestmannaeyjum, þá hefur amtmaður með brjefi 5. sept. f. á. fellt hana úr gildi, og samþykkti amtsráðið það. Við framlagðar fundargjörðir 13. ágúst 1888 og 27. febr. og 6. júní 1889 fannst ekkert athugavert.

4. Amtsráðið leggur til, að þessum búnaðarfjelögum verði veittur styrkur af fje því, sem veitt er með fjárlaganna 10. gr. C. 4. c.:

a,	til búnaðarfjelags Suðuramtsins	2000 kr.
	með því skilyrði, að 500 kr. þar af verði varið til framhalds vatnsveitinga á sandana milli Skaptár og Geirlandsár.	
b,	til framfarafjelags Hornfirðinga og Lónsmanna	100 —
c,	— búnaðarfjelags Borgarhafnarhrepps	50 —
d.	— —— Öræfinga	50 —
e.	— —— Hvolshrepps	50 —
f.	— —— Grímsnesshrepps	150 —
g.	— —— Biskupstungnahrepps	50 —
h.	— —— Hrunamannahrepps	50 —
i,	— —— Sandvíkurhrepps	100 —
j,	— —— Ölveshrepps	80 —
k,	— —— Mosfells- og Kjalarnesshrepps	30 —
l,	— —— Seltjarnarnesshrepps	50 —
m,	— —— Reykholtsdalshrepps	50 —
n,	— —— Andakílshrepps	25 —
o,	— —— Leirár- og Melahrepps	35 —
p,	— —— Skorradalshrepps	30 —
q,	— —— Skilmannahrepps	100 —
	Alls	3000 kr.

5. Lögð var fram beiðni frá sýslumanni Stefáni Bjarnarsyni í Gerðiskoti og Guðmundi hreppstjóra Ísleifssyni á Stóru-Háeyri, dags. 21. þ. m., um 150 kr. styrk af jafnaðarsjóði, til endurgjalds byggingu á fangaklefa á Eyrarbakka, ef aðrar 150 kr. fáist annarsstaðar frá. Amtsráðið vill veita til þessa 100 kr. af jafnaðarsjóði, ef hin upphæðin, 200 kr., verður veitt úr landssjóði af alþingi því, er nú þegar kemur saman. Að öðru leyti vill amtsráðið taka fram, að það er heimildarlaust, að sýslumaður hefur borgað úr sýslusjóði til þessarar byggingar 200 kr., áður en skilyrðum þeim var fullnægt, er sýslunefnd og amtsráð höfðu sett, og ber því að endurborga sýslusjóði tjeða upphæð, ef þessum skilyrðum verður eigi fullnægt.

6. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 12. þ. m., þar sem hann biður um staðfestingu amtsráðsins á meðfylgjandi reglugjörð um notkun afrjetta, rjettahöld o. fl., og felur amtsráðið forseta að skoða hana og staðfesta, ef ekkert sje því til fyrirstöðu af laganna hálfu.

7. Forseti lagði fram brjef frá:
a, oddvita sýslunefndar Austur-Skaptafellssýslu.
b, —— —— Vestur-Skaptafellssýslu.
c, —— —— Rangárvallasýslu.
d, —— —— Árnessýslu.
e, —— —— Gullbringu- og Kjósarsýslu.
f, —— —— Borgarfjarðarsýslu.
um, hvar sýsluvegir skuli vera í sýslunum, samkvæmt fyrirmælum laga 10. nóv. 1887, og samþykkti amtsráðið uppástungur sýslunefndanna.

8. Forseti lagði fram tillögur frá sýslunefndunum um, hvar aðalpóstleið skuli liggja um sýslurnar, og voru þær komnar frá öllum sýslunum nema Gullbringu- og Kjósarsýslu. Voru þessar tillögur samþykktar af amtsráðinu.

9. Forseti lagði fram skýrslur frá öllum sýslunefndum í amtinu um, hvar mestar sjeu torfærur á aðalpóstvegunum, og fann amtsráðið ekkert við þær að athuga.

10. Forseti tilkynnti amtsráðinu úrskurð landshöfðingja, dags. 20. apríl þ. á., sem fellir úr gildi þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1884, er ákvað að veita skyldi af sýslusjóðnum 150 kr. styrk til Flensborgarskólans (sbr. aðalfund amtsráðsins 4. júní 1885, tölulið 4. b. og g.).

11. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, sem biður um, að veittar verði af landssjóði allt að 200 kr. til framhalds á vegagjörð á aðalpóstveginum á Lónsheiði, og vildi amtsráðið mæla með því, að þessi upphæð fáist.

12. Forseti lagði fram brjef frá kvennaskólanefndinni í Reykjavík, dags. 1. júní þ. á., ásamt töflu yfir einkunnir í síðastliðnu vorprófi, annað brjef frá nefndinni, dags. s. d., um að kvennaskólanum verði veittur fyrir næstliðið og yfirstandandi ár 200 kr. hvort árið, og loks skýrslu um kvennaskólann í Reykjavík frá 1. okt. 1888 til 14. maí 1889. Hvað viðvíkur styrkveitingu fyrir hið fyrra ár, hlýtur amtsráðið að standa við svar sitt til forstöðunefndarinnar á fundi sínum 10. okt. f. á., tilkynnt nefndinni daginn eptir; en fyrir yfirstandandi ár veitir amtsráðið kvennaskólanum 100 kr. af jafnaðarsjóðnum.

13. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að landlæknirinn yfir Íslandi hafi 23. febr. þ. á. skrifað amtinu, og beiðst þess, að veittar verði úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins 50 kr. fyrir bóluefni, er landlæknirinn hafi útvegað erlendis frá. Með því að amtsráðinu er ekki annað kunnugt, en að landlæknirinn eigi heimtingu á, eptir gildandi lögum og ákvörðunum um bólusetningar, að fá árlega nægilegt bóluefni frá heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn, að því leyti það er ekki fáanlegt hjer á landi, vildi amtsráðið ekki að svo stöddu leggja þetta gjald á jafnaðarsjóðinn.

14. Forseti lagði fram brjef frá Oddi presti Gíslasyni á Stað, dags. 10. apríl þ. á., þar sem hann biður um endurgjald af jafnaðarsjóði fyrir ferðalög sín og störf næstliðinn vetur í því skyni, að glæða hjá sjómönnum áhuga á, að sjá betur lífi sínu borgið, og leiðbeina þeim í, að bæta og efla atvinnu sína, og fylgdi þessu brjefi skýrsla um ferðalög hans og framkvæmdir í þessu skyni. Amtsráðið veitti honum af jafnaðarsjóði 300 kr.

15. Amtsráðið samdi og samþykkti reglugjörð fyrir hinn nýstofnaða búnaðarskóla á Hvanneyri.

109 16. Amtsráðið fól forseta, að reyna að útvega nokkurn styrk frá Rangárvalla- og Gullbringu sýslum og Reykjavíkurbæ til árlegs viðhalds og kostnaðar við sæluhúsið á Kolviðarhóli.

17. Amtsráðið veitti hinn vanalega 100 kr. styrk af jafnaðarsjóði til sæluhússvarðarins á Kolviðarhóli, Jóns Jónssonar, og fól það jafnframt forseta að semja við hann um kaup á bæ þeim, er hann hefur byggt þar sjálfur og er hans eign, þar eð sæluhúsið sjálft hefur sýnt sig að vera alveg ónógt, til að hýsa allan þann ferðamannafjölda, er sækir þar að.

18. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1890, svolátandi:

Tekjur.

1.	Eptirstöðvar 1889	1500 kr.
2.	Niðurjöfnun	2250 —
	Alls	3750 kr.

Gjöld.

1.	Til bólusetningar og annara heilbrigðismála	600 —
2.	— ferðakostnaðar	200 —
3.	— kennslu heyrnar- og málleysingja	» —
4.	— sáttamála	50 —
5.	Kostnaður við amtsráðið	200 —
6.	Ýmisleg gjöld	1200 —
7.	Eptirstöðvar	1500 —
	Alls	3750 kr.

Síðan var fundarbókin upp lesin og fundi slitið 29 júní.

E. Th. Jónassen Ísl Gíslason Sæm Jónsson

Reykjavík h. 4. okt. 1889.

E. Th. Jónassen.

110 **Skýrsla**

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 3.—5. júní 1889.

Ár 1889, 3. dag júnímán., var aðalfundur amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta amtsráðsins, ásamt amtsráðsmanni Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og varaamtsráðsmanni Ólafi umboðsmanni Briem á Álfgeirsvöllum.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1888 yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins.
   a. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins,
   b. Búnaðarskólasjóðs Norður- og Austuramtsins,
   c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
   d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.
   f. Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins. Amtsráðið fann það að athuga við

reikniuginn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðsins, að eigi var fært til endilegra útgjalda vangoldið búnaðarskólagjald af brennisteinsnámum landssjóðsins í Þingeyjarsýslu (Hlíðar- og Fremrinámum) fyrir 1886 og 1887, eins og amtsráðið hafði afráðið á fundi sínum 16. apríl 1888 að gjöra skyldi (sbr. Stjórnartíðindi 1888, B. bls. 81), enda var talið í reikningi þeim, sem fyrir liggur, með eptirstöðvum vangoldið búnaðarskólagjald af námunum fyrir 1888, en á því ári höfðu námarnir heldur eigi verið notaðir. Amtsráðið ályktaði, að láta allt hið vangoldna hverfa úr reikningunum eptirleiðis. 110

2. Amtsráðið veitti úr Búnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins Guðmundi kennara Hjaltasyni á Bægisá 50 kr. sem verðlaun fyrir góðar framkvæmdir hans við túnasljettun eptir nýrri aðferð, og Hólaskóla 150 kr.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1888 var framlagður, endurskoðaður og samþykktur.
4. Var samin og samþykkt svofelld

ÁÆTLUN
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1890.

1.	Áætlaðar eptirstöðvar frá 1889	500 kr.
2.	Jafnaðarsjóðsgjald	3000 —
	Alls	3500 kr.

Gjöld.

1.	Kostnaður við amtsráðið	350 —
2.	Til sáttamála	50 —
3.	— heilbrigðismála	300 —
4.	— menntamála (hjer af til amtsbókasafnsins 200 kr.)	1000 —
5.	— heyrnar- og málleysingja	750 —
6.	3. afborgun og leigur af Skjálfandafljótsbrúarláninu	400 —
7.	Til fangahúsanna	100 —
8.	Óviss útgjöld	550 —
	Alls	3500 kr.

(Framhald).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889.
13. gr. B. V. b. 2.

Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna og meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda skipti landshöfðingi styrk þeim fyrir árið 1889, er ræðir um í þessum fjárlagalið, milli nefndra sveitakennara:

1. Í Húnavatnssýslu:		
a. Frímanni Guðmundssyni á Kjalarlandi	50 kr.	
b. Halldóri Halldórssyni á Móbergi	40 —	
c. Eggerti Helgasyni í Helguhvammi	30 —	
d. Stefáni H. Eiríkssyni í Blöndudalshólum	25 —	145 kr.
2. Í Skagafjarðarsýslu:		
Guðvarði Guðvarðarsyni á Á		40 —
3. Í Þingeyjarsýslu:		
a. Sveini Sveinssyni á Hóli	35 kr.	
b. Baldvin Bergvinssyni á Veigastöðum	25 —	
c. Guðmundi Hjaltasyni í Axarfirði	30 —	
d. Bjarna Bjarnarsyni á Grjótnesi	25 —	115 —
	Flyt	300 kr.

	Flutt	300 kr.
4. Í Suður-Múlasýslu:		
a. Bjarna Sigurðssyni (í Geithellnahreppi)	45 kr.	
b. Baldvin Sveinbjarnarsyni í Beruneshreppi	45 —	
c. Guðmundi Þórðarsyni í Tóarseli	35 —	
d. Antoníusi Þorsteinssyni á Löndum	25 —	
e. Jóni Ísleifssyni á Arnaldsstöðum	20 —	170 —
5. Í Skaptafellssýslu:		
a. Til sveitakennara í Bjarnaness- og Hoffells sóknum	40 kr.	
b. Sveitakennara í Kálfafellssókn	20 —	
c. Sveitakennara í Stafafellssókn	30 —	
d. Sveitakennara í Borgarhafnarhreppi	30 —	
e. Til sveitakennara í Hvamms- og Dyrhólahreppum	30 —	
f. Sveitakennara í Einholtssókn	20 —	170 —
6. Í Rangárvallasýslu:		
Sveitakennara í Vestur-Landeyjahreppi		20 —
7. Í Árnessýslu:		
a. Jóni Jónssyni (Hrunasókn)	30 kr.	
b. Jóni Vernharðssyni á Ásgautsstöðum	35 —	
c. Sigurði Jónssyni frá Norðurkoti	45 —	
d. Sveitakennara í Ölveshreppi	50 —	160 —
8. Í Kjósar- og Gullbringusýslu:		
a. Birni Bjarnarsyni í Reykjakoti	30 kr.	
b. Pjetri Guðmundssyni í Grindavík	35 —	
c. Sveitakennara í Kjósarhreppi	20 —	
d. Erlendi Oddsyni á Busthúsum	45 —	
e. Magnúsi Jónssyni í Kirkjuvogi	25 —	
f. Til 3 sveitakennara í Kjalarneshreppi	40 —	195 —
9. Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:		
a. Guðnýju Jónsdóttur á Ytrahólmi	35 kr.	
b. Vigfúsi Pjeturssyni á Grund	25 —	
c. Páli Loptssyni (Lundarsókn)	20 —	
d. Valgerði Bjarnadóttur á Hraunsási	20 —	
e. Eyjólfi Magnússyni á Neðranesi	30 —	
f. Kristjáni Guðmundssyni í Hraunhreppi	30 —	160 —
10. Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:		
a. Jósafat Hjaltalín á Straumi	30 kr.	
b. Guðlaugi Guðmundssyni í Eyrarsveit	30 —	60 —
11. Í Dalasýslu:		
a. Þórarni Ingjaldssyni á Sauðafelli	50 kr.	
b. Magnúsi Magnússyni í Sælingsdal	20 —	70 —
12. Í Barðastrandarsýslu:		
a. Bjarna Bjarnasyni i Kollsvík	30 kr.	
b. Benjamín Jóhannessyni	30 —	60 —
13. Í Strandasýslu:		
a. Til 2 sveitakennara í Tröllatungu-prestakalli	30 kr.	
b. Guðna Einarssyni í Prestsbakkasókn	25 —	55 —
	Alls	1420 kr.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Staðastaður í Snæfellsness prófastsdæmi. Metið 2034 kr. 39 a. Af brauðinu greiðast 300 kr. í landssjóð. Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna samkvæmt 6. og 8. gr. laga um eptirlaun presta 27. febr. 1880. Brauðið veitist frá fardögum 1890. Auglýst 16. okt. 1889.

Bægisá í Eyjafjarðar prófastsdæmi. Metið 1165 kr. 65 a. Auglýst 19. okt. 1889. 200 kr. lán hvílir á brauðinu, sem endurborgast á 5 árum, auk vaxta.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, 3.—5. júní 1889. (Framh.).

5. Var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Norður- og Austuramtsins fyrir 1888. Amtsráðið endurskoðaði reikning þenna og fann ekkert við hann að athuga. Amtsráðið lagði til bókasafnsins 200 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár, og skyldu þar af ganga 100 kr. sem 4. afborgun fyrir stofu í fangahúsinu á Akureyri.

6. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, en forseta var kunnugt um framkvæmdir skólans á fyrri hluta skólaársins 1888—89 af skýrslum þeim, sem honum höfðu verið sendar áleiðis til landshöfðingja, og að öðru leyti af brjefi landshöfðingja 25. febr. þ. á., um útbýting styrksins úr landssjóði milli Ytri-Eyjar skólans og Laugalands skólans. Amtsráðið ályktaði, að stjórn kvennaskólans á Ytri-Ey skyldi eptirleiðis senda til amtsráðsins sjerstaka skýrslu um nemendafjöldann og kennsluna á skólanum, sem leggðist til grundvallar við útbýting styrksins úr jafnaðarsjóði, og enn fremur endurrit af síðasta reikningi yfir tekjur og gjöld skólans, sem sýslunefndin hefði úrskurðað.

Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. úr jafnaðarsjóði, og voru framlagðar skýrslur um tölu námsmeyja á síðari hluta skólaársins 1888—89, og nýafstaðið vorpróf. Amtsráðið ályktaði, að skólastjórnin skyldi sömuleiðis senda endurrit til amtsráðsins af hinum síðasta úrskurðaða reikningi yfir tekjur og gjöld skólans.

7. Samkvæmt skýrslu landlæknisins 23. febr. þ. á. um kostnað þann, sem hann hefur lagt út til þess að útvega nægilegt bóluefni handa læknum og bólusetjurum hjer í amtinu á árinu 1888, og um kostnað þann, sem framvegis gengi til slíkrar útvegunar árlega, á meðan hið konunglega heilbrigðisráð gæti eigi látið meira bóluefni til ókeypis, en hingað til hefði verið gjört — en heilbrigðisráðið hefur látið í veðri vaka, að það, ef til vildi, mundi síðar meir geta sent hingað að kostnaðarlausu ríflegra bóluefni en áður frá bólusetningarstofnuninni í Kaupmannahöfn — veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að landlækninum yrðu greiddar þegar 50 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir 1889, og árlega sama upphæð fyrst um sinn.

8. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Grýtubakkahreppi, þar sem hún kvartaði yfir því, að sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefði í fyrra og aptur nú á síðastliðnum vetri fellt úr gildi þá úrskurði um sveitarútsvarskæru bræðranna Baldvins, Þórðar og Bjarnar Gunnarssona frá Höfða, að þeir skyldu allir þrír vera lausir við að greiða útsvör þau, sem hreppsnefndin hafði á þá lagt haustið 1887, og hinir tveir fyrst nefndu lausir við útsvörin til hreppsins, sem lögð höfðu verið á þá haustið 1888. Amtsráðið, sem eigi fann ástæðu til að heimta álit sýslunefndarinnar um þetta mál, eins og það lá fyrir, og sem hafði sjer í lagi fyrir sjer útskript úr gjörðabók sýslunefndarinnar viðvíkjandi fundarhaldi hennar 4.—5. apríl þ. á. ljet í ljósi hina sömu skoðun og áður um líkt tilfelli (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 4.—5. og 7. jan. 1884, Stjórnartíðindi 1884, B. bls. 91—92, sem sje, að það lægi fyrir utan verksvið sýslunefnda, að kveða á um það, hvort menn væru skyldir til að greiða sveitarútsvör eða ekki, og að þeir úrskurðir, sem hjer væri

22. dag nóvbr.mán. 1889.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1889.

110 spursmál um, væri alls ekki bindandi fyrir hreppsnefndina í Grýtubakkahreppi, sem væri frjálst eptir sem áður að skjóta úrlausn þeirrar spurningar, hvort Höfðabræður væru útsvarsskyldir, undir dómstólana á þann hátt, sem lög stæðu til, og gæti hreppsnefndin sjer í lagi krafizt lögtaks á útsvarinu frá haustinu 1888, sem eigi væri enn búið að missa lögtakskrapt sinn. Sýslunefndin hafði einnig sjálf kannast við, að þessu máli væri svo varið, að því mætti skjóta til dómstólanna.

9. Amtsráðið tók þar næst til umræðu kæru nokkra með fylgiskjölum og álitsskjali hlutaðeigandi sýslumanns, þar sem hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu hafði skotið til úrskurðar amtsráðsins úrskurðum sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu á 2. og 3. gr. athugasemda hlutaðeigandi endurskoðanda við jafnaðarreikning hreppsins fyrir fardagaárið 1885—86 viðvíkjandi prests- og kirkjugjöldum fjögra þurfamanna hreppsins fyrir árin 1883—84 og 1884—85, og eins þurfalings fyrir árin 1881—82, 1882—83, 1883—84 og 1884—85, sem borguð höfðu verið úr hreppssjóði, og út af samningi, sem hreppsnefndin hafði gjört 8. ágúst 1885 við kaupmann C. D. Tulinius, og sem fór fram á, að hreppurinn borgaði 200 kr. af skuld Björns nokkurs Jónssonar á Ýmastöðum gegn því, að C. D. Tulinius afsalaði hreppsnefndinni veð það, sem hann hafði í eigum Bjarnar, að undanteknum 20 kindum og 3 skp. af salfiski, sem veðbrjefið gæti um. Amtsráðið lagði svolátandi úrskurð á þessi 2 kæruatriði:

Þótt það hafi viðgengizt, eru samt engin lög fyrir því, að prests- og kirkjugjöld þurfalinga, hvort sem lögmæt eru eða ekki, greiðist úr sveitarsjóði, en hvað sem þessu líður, er eigi upplýst, að lögmæt ákvörðun hreppsnefndarinnar hafi legið fyrir um greiðslu þessara gjalda, sem nema alls 76 kr. 68 a., og sem hinn þáverandi oddviti hreppsnefndarinnar, síra Jóhann L. Sveinbjarnarson, hefur greitt af hendi, að eins eptir umtali utan hreppsnefndarfundar. Amtsráðið ályktaði, að það eptir kringumstæðunum og vegna þess, hve væri langt frá liðið, findi ekki næga ástæðu til, að breyta úrskurði sýslunefndarinnar, sem fór fram á, að það mætti standa við svo búið, sem sje að fyrnefnd upphæð sje greidd úr sveitarsjóði Reyðarfjarðarhrepps.

Að því leyti, er snertir úrskurð sýslunefndarinnar á 3. gr. athugasemdanna við jafnaðarreikning Reyðarfjarðarhrepps 1885—86, sem fer fram á, að ágreiningur sá, sem spursmál er um, og sem er í því fólginn, að úr hreppsjóði hafa verið borgaðar 200 kr. til C. D. Tuliniusar upp í skuld Bjarnar Jónssonar á Ímastöðum, auk þess, sem C. D. Tulinius jafnframt tók saltfisk hjá Birni fyrir 80 kr., er virðist eiga að samsvara þeim áðurnefndu 3 skpd. af saltfiski, sem voru undan skilin veðsetningarafsali kaupmannsins til hreppsins, — þrátt fyrir það þó hreppsnefndin með öllum atkvæðum gegn oddvita sínum, síra Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni, hefði litið svo á þetta, að hinar umræddu 80 kr. væri fólgnar í þeim 200 kr., sem hreppsnefndin hefði skuldbundið sig til að borga, — yrði eptir eðli sínu að sæta úrlausn dómstólanna þannig, að hreppsnefndin lögsækti kaupmann C. D. Tulinius til að endurborga þessar 80 kr., þá verður amtsráðið að vísu að játa, að málefnið heyrir undir úrslit dómstólanna, en með því hinn þáverandi hreppsnefndaroddviti, síra Jóhann L. Sveinbjarnarson, eptir því sem fyrir liggur, virðist hafa útborgað þessar 200 kr. úr hreppssjóði, eða látið það gott heita, að kaupmaður C. D. Tulinius færði hreppnum til útgjalda í viðskiptabók hreppsins 200 kr., þótt hreppsnefndin hefði ályktað, að hún vildi eigi

borga kaupmanni meira en 120 kr., þá ályktaði amtsráðið, að hreppsnefndinni skyldi frjálst, að ganga að síra Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni um lúkningu þessarar upphæðar, ef hún kysi það heldur, en að gjöra kröfu sína gildandi gagnvart C. D. Tuliniusi. 110

10. Amtsráðið samþykkti óbreytt frumvörp til nýrra reglugjörða fyrir kvennaskólana á Syðra-Lauglandi og á ytri-Ey, sem hlutaðeigandi sýslunefndir höfu samið og borið undir samþykki amtráðsins.

11. Eptir ítrekaðri beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýsu um aðra skipun á yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar, samþykkti amtsráðið, að 2. yfirsetukvennumdæminu yrði skipt í tvö umdæmi, þannig að 3. umdæmið yrði hið 4. o. s. frv. og öll yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar 11 í stað þess þau áður voru 10.

12. Sýslunefndin í Suður-Múlasýslu hafði ályktað að veita konunni Helgu Bjarnadóttur, sem eigi er prófuð yfirsetukona, 30 kr. þóknun úr sýslusjóði árlega fyrst um sinn sem yfirsetukonu í Vallahreppi, og leitað samþykkis amtráðsins til þessa. Ráðið fól oddvita sínum, að gera út um málið, þegar fengnar væru upplýsingar um hvað meint væri með »Vallahreppi sem yfirsetukvenna-umdæmi«, því bæði 9. og 10. yfirsetukvenna-umdæmi Suður-Múlasýslu, sem áður hafa verið, ná yfir Vallahrepp.

13. Forseti lagði nú fram skýrslu og umsögn sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um kæru hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi, yfir því, að sýslunefndin í tjeðri sýslu hefði fært niður aukaútsvar Jóns bónda Jónssonar á Reynistað haustið 1887, með úrskurði sínum 24. Febr. 1888, þótt kæra Jóns til sýslunefndarinnar yfir úrskurði hreppsnefndarinnar hefði komið of seint fram, sbr. það sem fyrir er mælt í 1. gr. laga 9. jan. 1880, um breyting á tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. Eptir skýrslum þeim, sem sem nú lágu fyrir, var eigi hægt að sjá, að hreppsnefndin nokkurntíma hefði birt kærandanum úrskurði sína í þessu máli, 12. og 30. desbr. 1887, en með því kæra Jóns til sýslunefndarinnar, er dagsett 12. jan. 1888 en eigi komin til oddvita sýslunefndarinnar fyr en 22. febr. s. á., þá er ljóst að frestur sá, sem tiltekinn er í áðurnefndri lagagrein (3 vikur) hefur verið liðinn.

Þótt nú hjeraðlútandi lagafyrirmæli, sjerílagi þegar þau eru borin saman við ákvæði sömu lagagreinar um frest þann, sem gjaldendur hafi til þess, að kæra útsvör sín fyrir hreppsnefndum, virðist benda til þess, að sýslunefnd sje sjálfráð að því, hvort hún tekur útsvarskæru, sem of seint er uppborin, til greina eða ekki, þá varð amtsráðið að vera á þeirri skoðun, að áðurnefnd lög leyfi að eins að skjóta úrskurði hreppsnefndar í útsvarsmáli til sýslunefndar, en bindi samt áfrýjunina við ákveðinn frest, því þetta áfrýjunarleyfi stendur í mótsetningu við það, sem á eptir kemur, semsje að úrskurður sýslunefndarinnar sje endilegur, eða að eigi megi skjóta honum til amtsráðs (að þeim tilfellum undanteknum, þar sem kvartað er yfir því að sýslunefndin hafi farið fram yfir vald sitt eða beitt ólögum), enda væri óeðlilegt í sjálfu sjer, að slík útsvarsmál mættu standa óútkljáð um alveg óákveðin tíma. Samt sem áður ályktaði amtsráðið að við svo búið skyldi standa í þetta skipti, enda var eptir skýrslu sýslumanns samkomulag orðið milli hreppsins og kærandans um útsvar hans, en ráðið vildi á hinn bóginn skora á sýslunefndina að vísa þeim útsvarskærum frá, sem kœmu of seint til oddvita, samkvæmt því, sem nú var sagt.

110 Að því leyti, sem hreppsnefndar-oddvitinn í Staðarhreppi hefur í kæruskjali sínu til amtsráðsins komizt svo að orði, að oddvita sýslunefndarinnar hefði skort heimild til, að leggja útsvarsmál þetta fyrir sýslunefndina gegn neitun sinni, vegna þess að kæran hefði verið of seint uppborin, þá vildi amtsráðið láta í ljósi, að þessi skoðun væri röng, því það er sýslunefndaroddvitinn eða sýslunefndin, sem ákveður hver mál hún tekur fyrir, en annað mál er það, að hún kann að komast að þeirri niðurstöðu, að vísa málinu frá.

14. Forseti skýrði frá því, að honum hefði komið til hugar, þótt eigi enn hefði verið hægt að ákveða endilega hvar aðalpóstvegir skyldu lagðir, að nokkurt fje mundi fást úr landssjóði (sbr. fjárlögin fyrir 1888–89, 10. gr. C. 5. b. og c) til kostnaðar við að bæta torfærur, sem gera mestan farartálma á aðal-póstvegum, þar sem enginn efi væri um, hvar þessir vegir skyldu liggja hjer í amtinu, sem sje í vestari hluta Húnavatnssýslu, í Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Múlasýslu, og hefði hann því með brjefum 21. marz þ. á. skorað á sýslumennina í nefndum sýslum, nema í Skagafjarðarsýslu, að láta uppi fyrir amtsráðsfund tillögur sínar hjer að lútandi, en frá sýslumanninum í nefndri sýslu voru slíkar tillögur þegar komnar.

Tillögur þessar úr tyrnefndum 4 sýslum voru framlagðar og afráðið að senda þær til landshöfðingja, og leggja með því að á þessu sumri yrðu veittar til aðgerðar á aðalpóstvegum rúmar 7,200 kr. og til fjallvega 200 kr. Amtsráðið varð að vera sýslnefndinni í Skagafjarðarsýslu samdóma um, að mesta nauðsyn væri á því að koma upp aptur brúnni yfir Valagilsá í Norðurárdal, sem nú er á aðalpóstvegi og mikill farartálmi opt og tíðum, en þessi brú eyðilagðist í megnum leysingum og vatnsflóðum fyrir nokkrum árum skömmu eptir að búið var að koma henni upp, að hálfu leyti fyrir landssjóðsfje, (sbr. brjef landshöfðingja 6. febr. 1882, stjtíð. 1882, B. bls. 9.) Amtsráðið ályktaði því að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann ljeti sem fyrst rannsaka brúarstæði við Valagilsá, og þar eptir gerði ráðstafanir til, að brú kæmist þar á aptur, en ráðið getur eigi haldið að kostnaðurinn við þessa brúargerð mundi fara fram úr 1,500 kr.

15. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 22. ágúst 1888, viðvíkjandi útbýtingu á þeim hluta styrksins til eflingar búnaði fyrir árið 1888, er samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. 4. c. var ætlaður til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla og hafði landshöfðingi í því brjefi einnig fallizt á þá tillögu amtsráðsins, að styrknum milli búnaðarfjelaga skyldi á þessu yfirstandandi ári útbýtt eptir framkvæmdum fjelaganna á árinu 1888. Jafnframt því að tilkynna sýslumönnunum þetta hafði forseti amtsráðsins í brjefum 21. nóvbr. f. á. látið í ljós, að það væri rjettast, að hlutaðeigandi sýslunefndir sem fyrst tækju við bænaskrám búnaðarfjelaganna um styrk, og jarðabótaskýrslum þeirra, tiltækju ekki þær upphæðir, sem þær álitu rjett að veita hverju fjelagi í sinni sýslu, heldur skyldu þær meta til dagsverka jarðabótaskýrslurnar, eptir þeim reglum, sem landshöfðingi hefði fyrirskipað að fylgja skyldi, því hver sýslunefnd út af fyrir sig gæti eigi vitað hve mörg búnaðarfjelög í öllu amtinu gæfu sig fram, en eptir tölu þeirra hlyti það að fara, hve mikill styrkur yrði veittur hverju fjelagi að tiltölu við unnar jarðabætur á árinu 1888; aptur á móti skyldi það vera ætlunarverk amtsráðsins, að tiltaka styrktarupphæðirnar samkvæmt jarðabótaskýrslunum og mati sýslunefndanna á þeim, þar sem slíkt mat hefði átt sjer stað.

Ráðið lýsti því yfir, að það byggist við, að amtinu hlotnuðust 2400 kr. af þessari fjárveiting (6000 kr.) eins og í fyrra, og eptir sama hlutfalli og áður hefði átt sjer stað um samskonar fjárveitingar. 110

Að því leyti er snerti útbýting styrksins ályktaði amtsráðið að leggja það til við landshöfðingja, að Eyðaskólinn fengi 1200 kr.. sem þá yrðu fyrst útborgaðar, þegar kominn væri til forseta amtsráðsins reikningur yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1888—89, með búreikningi og skýrslu um kennsluna á skólanum, en að hinum 1200 kr. yrði skipt milli búnaðarfjelaga.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að verða við þeirri beiðni búnaðarfjelags Öngulstaðahrepps í Eyafjarðarsýslu að framvegis yrðu teknar til greina einnig þær jarðabætur, sem unnar væru sem skylduvinna á þjóðjörðum, þar sem svo væri ákveðið í ályktun amtsráðsins 7. marz 1882 (Stjórnartíðindi 1882, B, bls. 110) að slíkar jarðabætur gætu eigi notið styrks af almannafje, en þessa ályktun amtsráðsins hefir landshöfðingi 22. ágúst 1888, samþykkt sem mælikvarða fyrir úthlutun á styrk úr landssjóði til búnaðarfjelaga að minnsta kosti fyrst um sinn.

Fundi frestað til næsta dags.

16. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags 6. maí þ. á., sem inniheldur heimtaðar upplýsingar um ýms atriði í reikningi búnaðarskólans á Eyðum fyrir 1885—86. Áður en reikningurinn yfir tekjur og gjöld skólans fyrir nefnt ár yrði endilegar samþykktur ályktaði amtsráðið að heimta nánari skýrslu viðvíkjandi 50 kr. í peningum, sem teknar hafa verið hjá Gránufjelagsverzlun 16. oktbr. 1885, og sem eigi verður sjeð að sjeu færðar skólanum til inntekta.

Úrskurði amtsráðsins á fundi þess 28.—29. júní 1888, um 19. og 20. gjaldlið í búnaðarskólareikningnum fyrir 1886—87, hefur eigi verið fullnægt og ber að gera það tafarlaust.

Búnaðarskólareikningurinn fyrir 1887—88 var framlagður, yfirskoðaður og úrskurðaður.

Framlagður var endurskoðaður reikningur skólabúsins fyrir 1887—88, og fann amtsráðið ekkert við hann að athuga. Einnig voru framlögð þessi skjöl fyrir sama ár: skýrsla um bóklega kennslu og verklegar framkvæmdir, skýrsla um próf lærisveina og útdráttur úr gjörðabók.

Ennfremur voru framlagðir þessir reikningar og skýrslur fyrir 1888—89: Jafnaðarreikningur skólabúsins, jafnaðarreikningur skólans, reikningur yfir tekjur og gjöld skólans og skýrsla um bóklega kennslu á skólanum og verklegar framkvæmdir, ásamt próftöflu. Reikninga þessa, sem voru endurskoðaðir, úrskurðaði amtsráðið.

Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Norður-Múlasýslu ályktaði amtsráðið að mæla með því við landshöfðingja, að honum mætti þóknast að veita búnaðarskólanum á Eyðum ársvextina fyrir 1888 af sjóðnum handa þeim sem bíða tjón af jarðeldi á Íslandi.

17. Framlagðir voru eptirnefndir reikningar og skjöl frá búnaðarskólanum á Hólum:
   a. Endurrit af 5 fundargjörðum stjórnarnefndarinnar frá 14.—16. maí, 16.—17. júní, 20.—21. oktbr. og 4. desbr. 1888, og frá 14.—16. maí 1889. Amtsráðið yfirfór endurrit þessi.
   b. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 1887—88 með fylgiskjölum, at-

110 hugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara. Amtsráðið yfirfór og úrskurðaði reikning þenna.

c. Reikningur skólabúsins 1887—88 með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og athugasemdum endurskoðenda við svörin. Amtsráðið úrskurðaði reikninginn.

d. Endurrit af reikningi yfir tekjur og gjöld Hólakirkju frá nýári 1887 til fardaga 1888.

e. Athugasemdir og úrskurður um skólareikninginn 1885—86, með áritun um fullnustu úrskurðarins.

f. Úrskurður um skólareikninginn og skólabúsreikninginn 1886—87, með skýrslu um fullnægjugjörð úrskurða þessara.

g. Endurrit af reikningi skólans fyrir 1888—89, og yfirlit yfir eign hans í fardögum 1889.

h. Áætlun um tekjur og gjöld skólans 1889—90.

18. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:

a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 18.—23. febr. 1889.

b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 20.—22. febr. og 31. maí 1889.

c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 6.—8. marz 1889. Sú ályktun sýslunefndarinnar, að hún vill borga af sýslusjóði legukostnað sjúkrar konu úr Ólafsfirði á spítalanum á Akureyri, er að vísu mjög mannúðleg, en fyrir slíkum útgjöldum er engin lagaheimild. Eptir því sem amtsráðinu var kunnugt varð ekkert af því, að konan yrði flutt á spítalann.

Niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds fyrir árið 1889 nemur 1513 kr. 98 a., en samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, sbr. 26. gr., mátti að eins jafna niður 1500 kr. 85 a. Með því að hjer munar svo litlu, samþykkti amtsráðið þessa niðurjöfnun, en vildi brýna fyrir sýslunefndinni, að leita eptirleiðis samþykkis amtsráðsins, þegar jafna þyrfti niður hærra gjaldi, en sýslunefndin hefur heimild til.

d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 14.—16. apríl 1889.

Samkvæmt tillögu sýslunefndarinnar samþykkti amtsráðið, að sýslunefndin hafði í eitt skipti fyrir öll veitt Guðjóni Árnasyni á Dálkstöðum 30 kr. úr sýslusjóði svo sem viðurkenning fyrir góðar og heppilegar dýralækningar hans.

Amtsráðið felldi úr gildi þá ályktun sýslunefndarinnar, að hún hafði samþykkt, að 14 kr. 80 a. mættu borgast úr sveitarsjóði Grýtubakkahrepps til kostnaðar við Þingvallafundarferðir sumarið 1888, en þessi ályktun sýslunefndarinnar er gagnstæð fyrirmælum 21. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 28. og 29. júní 1888, Stjórnartíðindi 1888, B., bls. 116—117).

Með hliðsjón af ályktun sýslunefndarinnar viðvíkjandi skólanum í Hljeskógum veitti amtsráðið skólanum 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.

e. Frá Norður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 2.—3. maí 1889.

f. Frá Norður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 17. septbr. 1888 og 13. apríl 1889.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að jafna mætti niður sem sýslusjóðs-

gjaldi 15 aurum á hvert lausafjár- og fasteignarhundrað, eða alls 1172 kr. 63 a., en upphæð sú, sem jafna mátti niður, er 923 kr. 16 a. 110

g. Frá Suður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 12. sept. 1888 og 10.—11. apríl 1889. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi 18 aurum á hvert lausafjár- og fasteignarhundrað, eða alls 1092 kr. 51 e. Sú upphæð, sem jafna mátti niður, er 493 kr. 3 aurar.

19. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1888, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.

1. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.

2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.

3. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fann amtsráðið ekkert að athuga, og úrskurðaði hann á þessa leið, með tilliti til þeirra athugasemda, sem endurskoðendur sýslunefndarinnar höfðu við hann gjört:

1. gr. Amtsráðið býzt við, að sýslumaður sjái um, að markeigendur, sem eigi hafa borgað hið tilsetta gjald fyrir prentun marka þeirra, gjöri þetta sem fyrst, en samt ber þess að gæta, að slík gjöld verða eigi tekin lögtaki, og væri rjettara, að kostnaðurinn við prentun markaskrárinnar væri greiddur úr sýslusjóði.

2. gr. Með því að styrkur sá, sem veittur var Þóroddstaðahreppi 1888 til þess að afstýra yfirvofandi hungursneyð, 200 kr., er ekki tilfærður í reikningnum með öðrum gjöldum, verður skuld sjóðsins við reikningshaldara til næsta árs 504 kr. 28 a., en ekki 304 kr. 28 aurar.

3. gr. Óborguð sýslusjóðsgjöld af Þóroddtaðahreppi fyrir 1886, 43 kr. 23 a., fyrir 1887, 51 kr. 73 a. og fyrir 1888, 59 kr. 68 a., býst amtsráðið við, að sýslumaður innheimti sem fyrst auðið er. En að því leyti er snerti óborguð sýslusjóðsgjöld fyrir 1888 úr Saurbæjarhreppi, 198 kr. 47 a. og úr Skriðuhreppi 182 kr. 26 a., fyrirskipaði amtsráðið, að sýslumaður skyldi hafa innheimt þessi gjöld fyrir lok septbr. næstkomandi, og beita þvingunarsektum, ef á þyrfti að halda.

4. Reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu úrskurðaði amtsráðið á þessa leið samkvæmt athugasemdum endurskoðenda sýslunefndarinnar:

1. gr. Sýslumanni ber að senda sem allra fyrst hina vantandi kvittun við gjaldlið I (kvittun sýslunefndarmanns Baldvins Jónssonar).

2. gr. Sýslumanni ber framvegis að tilhaga hinum árlegu afborgunum úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslna upp í lánið úr landssjóði til Skjálfandafljótsbrúarinnar þannig, að kvittanir landfógeta falli saman við þær upphæðir, sem greiðast eiga af hverjum þessara sjóða út af fyrir sig.

3. gr. Hin vantandi fylgiskjöl ber að senda sem allra fyrst, og sjer í lagi gildir þetta um fylgiskjölin 19—24, sem eiga að vera sannanir fyrir styrkveitingum til búnaðarfjelaga af meintum ónotuðum eptirstöðvum af búnaðarfje frá 1885 og 1886, en vöntun þessara fylgiskjala getur haft þá verkun, að Suður-

110 Þingeyjarsýsla fari varhluta af styrk til eflingar búnaði fyrir 1889, sbr. brjef landshöfðingja 24. septbr. f. á. og brjef amtsins 10. oktbr. s. á.

Að öðru leyti fann amtsráðið að athuga:

1. Tekjumegin eru tilfærðar 235 kr. til jarðabótafjelaga (sbr. úrskurðinn á 3. gr.). Amtsráðið skorar á reikningshaldara að skýra frá því sem fyrst, hvaðan þessi tekjugrein sje komin, því sjeu það ónotaðar eptirstöðvar af búnaðarfje frá 1885 og 1886 (84 kr. og 150 kr., alls 234 kr.), þá er þessi upphæð þegar áður talin með tekjum sýslusjóðsins, sbr. brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 21. júlí 1888.
2. Skilríki fyrir gjaldlið 2 (20 kr. til ritfanga og endurrita) vantar, sbr. 33. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og ber sýslumanni að senda þessi skilríki.

5. Reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu úrskurðaði amtsráðið á þessa leið:
   1. Fylgiskjal 13 við gjaldlið 5 vantar, og ber að senda það sem fyrst.
   2. Fyrir gjaldlið 3 til ritfanga og endurrita, að upphæð 15 kr., vantar öll skilríki, sbr. niðurlag 33. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og ber reikningshaldara að senda til amtsráðsins slík skilríki, og gæta nefndra lagafyrirmæla eptirleiðis.
6. Við reikninginn úr Norður-Múlasýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.
7. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu fannst að athuga, að það sjest eigi beinlínis, heldur að eins óbeinlínis, að útistandandi sýslusjóðsgjöld frá árinu 1887, 115 kr. 41 e. hjá Vallahreppi og 144 kr. 79 a. hjá Fáskrúðsfjarðarhreppi sjeu innkomin á árinu 1888, og hefðu innborganir á þessum skuldum átt að tilfærast tekjumegin, ekki einusinni, heldur tvisvar, og svo til jafnaðar gjaldamegin. Að öðru leyti var reikningurinn samþykktur.

20. Framlagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1888, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar:
   1. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.
   2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.
   3. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst að athuga:
      a. Af útistandandi sýsluvegagjöldum hjá Þóroddstaðahreppi frá fyrri árum (fyrir 1886 71 kr. 39 a. og fyrir 1887 69 kr. 91 e.) alls 141 kr. 30 a., eru hjer að eins tilfærð tekjumegin (neðst) »til jafnaðar«, eins og komizt er að orði, 69 kr. 91 e. Þannig vantar að tilfæra sýsluvegagjaldið úr tjeðum hrepp fyrir 1886, 71 kr. 39 a., sem ekki er borgað enn, bæði tekjumegin, sem eign frá fyrra ári, og útgjaldamegin, sem eign til næsta árs.

(Framh.).

EMBÆTTISSKIPUN.

31. oktbr. var prestaskólakennari *Þórhallur Bjarnarson* af landshöfðingja settur til þess upp á eigin ábyrgð að þjóna dómkirkjuprestsembættinu í Reykjavík til fardaga 1890, með öllum þeim tekjum óskertum, sem embætti þessu fylgja.

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna: 110

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 15. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 36—37).

Fjárlög fyrir árin 1890 og 1891, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 38—67).

Fjáraukalög fyrir árin 1886 og 1887, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 67—71).

Fjáraukalög fyrir árin 1888 og 1889, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr 9, bls. 72—75).

Lög um samþykkt á landsreikingnum fyrir árin 1886 og 1887, undirrskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 76—79).

Auglýsing um að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 8. nóvbr. 1888 skuli að nokkru leyti úr gildi felld, undirskrifuð af ráðgjafanum 1. nóvbr. 1889 (A, nr. 9, bls. 80—81).

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, 3.—5. júní 1889.

(Framh.).

b. Sýsluvegagjaldið úr sama hreppi fyrir 1888, sem heldur eigi er borgað, er talið 72 kr. 6 a., en á að vera 71 kr. 96 a. Með svo felldu móti eru til sem eign við árslok:

Ógoldin sýsluvegasjóðsgjöld:		
Úr Þóroddstaðahreppi 1886	kr. 71,39	
— sama hreppi 1887	— 69,91	
— sama hreppi 1888	— 71,96	
— Skriðuhreppi 1888	— 145,21	
— Arnarneshreppi 1888 að líkindum, en reiknings-haldari hefur eigi tilfært árið	— 144,12	kr. 502,59
Í sjóði		— 404,77
		Alls kr. 907,36

Amtsráðið bjóst við, að oddviti sýslunefndarinnar gjörði gangskör að því samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar, að nauðsynlegar sýsluvegabætur yrðu framkvæmdar í Ólafsfirði, en upp í kostnaðinn við þær væri vel til fallið, að hin útistandandi sýsluvegagjöld gengju. Hin útistandandi sýsluvegagjöld úr Skriðuhreppi og Arnarneshreppi skal sýslumaður sjá um að sjeu borguð í sýsluvegasjóð fyrir septbr.lok næstkomandi, og beita þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

4. Við reikninginn úr Suður- Þingeyjarsýslu fann amtsráðið það að athuga, að sýslumaður sem reikningshaldari hafði eigi svarað athugasemdum þeim, sem endurskoðandi sýslunefndarinnar hafði gert við reikninginn. Amstráðið lagði honum því fyrir að svara athugasemdunum og senda svörin forseta amtsráðsins, sem ráðið fól að úrskurða reikninginn.

5. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu vantar alveg skýrslur um hverjar

2. dag desbr.mán. 1889.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1889.

110 vegabætur hafi verið unnar fyrir það fje, sem fært er til útgjalda sem vegabótakostnaður. Amtsráið leggur því reikningshaldara fyrir, að bæta úr þessu, og senda þessar skýrslur sem fyrst til forseta amtsráðsins, sem var falið að úrskurða reikninginn þegar til kæmi.

6. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu fannst ekkert að athuga.

Viðvíkjandi sýsluvegasjóðsreikningunum yfir höfuð tók amtsráðið það fram, að þeim skyldu eptirleiðis fylgja endurrit af skoðunargjörðum þeim á unnum vegagjörðum, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. laga 10. nóvbr. 1887 um vegi, og að tveir af sýslumanni þar til kvaddir menn skyldu framkvæma þessar skoðunargjörðir.

Sýsluvegasjóðsreikningurinn úr Norður-Múlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða hann síðar.

Fundi frestað til næsta dags.

21. Forseti framlagði brjef frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum, 14. desbr. f. á., þar sem nefndin með samþykki sýslunefndanna í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, gerir sýslunefndunum í Eyafjarðarsýslu, Suður- Þingeyjar og Norður-Þingeyjarsýslum tilboð um, að ganga í samfjelag um fyrnefndan búnaðarskóla; fylgdi þessu brjefi hjer að lútandi erindi til sýslunefndanna í þessum þremur sýslum, og var þess farið á leit, að amtmaður kæmi þessari málaleitun á framfæri við þær með meðmælum sínum. Síðan hafði þetta mál verið rætt á aðalfundum sýslunefndanna og höfðu sýslunefndirnar í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu gengið að hinu framkomna tilboði, en sýslunefndirnar í Norður-Þingeyjarsýslu hafnað því algjörlega eins og framlögð endurrit af sýslunefndargjörðabókunum sýndu. Sjerílagi samkvæmt uppástungu sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu voru síðan kosnir 2 fulltrúar úr sýslunefdunum í þessari sýslu og Eyjafjarðarsýslu, svo og í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, til þess á fundi, sem yrði haldinn undir forsæti amtmanns að ræða nákvæmar fyrirkomulagið á sameiningunni um skólahaldið og skilyrðin fyrir henni, en sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafði enga fulltrúa viljað kjósa. Fulltrúafundur þessi hafði svo verið haldinn í dag, og var framlögð gjörðabók fundarins. Á fundinum voru þessar ályktanir gerðar;

1. Að rjettast væri að láta Norður-Þingeyinga vera utan við skólasambandið að svo stöddu.
2. Að Eyfirðingar og Suður-Þingeyingar gengju í samband við Húnvetninga og Skagfirðinga um sameiginlegt skólahald á Hólum, með þeim kjörum, að því er snertir fjárframlög til skólastofnunarinnar, að til hennar gengi óskertur hluti Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólasjóði Norður- og Austuramtsins og hið árlega búnaðarskólagjald þeirra.
3. Að kjósa tvo menn, umboðsmann Ólaf Briem á Álfgeirsvöllum og skólastjóra Hermann Jónasson á Hólum, til þess að semja frumvarp til nýrrar reglugjörðar fyrir skólann, er borið skyldi undir hinar 4 sýslunefndir sýslnanna í skólasambandinu og síðan lagt fyrir amtsráðið, svo það eptir hinum framkomnu tillögum semdi frumvarp til skólareglugjörðar, er yrði á sínum tíma sent landshöfðingja til staðfestingar með þeim breytingum, er honum sýndist; samt tók fundurinn það fram, að svo væri rjett að kveða á í frumvarpinu um fram-

kvæmdarstjórn skólans, að í henni væru 4 menn, sem væru þannig valdir, að hver sýslunefnd kysi einn mann fyrir sína hönd til 6 ára, en þangað til hin fyrirhugaða nýja reglugjörð næði gildi, skyldi hin núverandi reglugjörð gilda, og hin núverandi stjórnarnefnd hafa á hendi stjórnina á sama hátt og hingað til. 110

Samkvæmt því, sem tilætlazt var tók amtsráðið því næst málefni þetta til umræðu. Ráðið ljet í ljós undrun sína yfir því, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hefði hafnað því tilboði sem fram hefði komið, sjer í lagi úr því sýslunefndirnar í Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu vildu sameinast við vestur- sýslur amtsins um skólahaldið, en á hinn bóginn var það álit amtsráðsins, að samþykkis sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu þyrfti alls eigi við til þess, heldur hefði landsstjórnin fullt vald til þess að fyrirskipa, að búnaðarskólinn á Hólum skyldi vera kennslustofnun fyrir allan Norðlendingafjórðung, samkvæmt skýlausum fyrirmælum 1. gr. tilsk. 12. febr. 1872, um stofun búnaðarskóla á Íslandi, og vildi leiða athygli landshöfðingja að því hvort eigi væri nauðsynlegt og rjett, að tekin væri endileg ákvörðun um það fyrir hönd Norður-Þingeyinga hvort þeir eigi skyldu ganga í búnaðarskólasamband annaðhvort við hin önnur fjögur sýslufjelög Norðuramtsins eða við Múlasýslurnar en þó heldur hið fyrra. Að öðru leyti fjellst amtsráðið á ályktanir fulltrúafundarins, og vildi mæla með því við landshöfðingja, að hluti Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í hinum núverandi búnaðarskólasjóði Norður- og Austuramtsins yrði lagður til búnaðarskólans á Hólum, sem skyldi vera sameiginleg kennslustofnun fyrir Húnavats- Skagafjarðar- Eyafjarðar- og Suður-Þingeyarsýslur og að hið árlega búnaðarskóla gjald úr tveimur síðarnefndum sýslum gengi eptirleiðis til skólans.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á fundinum. Fundi slitið.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. Ólafur Briem.

Akureyri, 20. septbr. 1889.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um veitingu prestakalls og vanrækslu sóknarnefndar á skyldum sínum samkvæmt prestakosningalögunum. — 111 28. sept.

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi dags. 3. þ. m. hefur samkvæmt tillögum mínum hans hátign konunginum 26. þ. m. þóknast að skipa sóknarprest að Bægisá í Eyjafjarðarprófastdæmi, sjera Arnljót Ólafsson til þess að vera sóknarprest að Sauðanesi í Norður-Þingeyjarprófastdæmi og fylgir hjermeð veitingarbrjef það, er út hefur verið gefið handa honum í þessu skyni.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, er veitingarbrjefið óskast sent, skal því viðbætt, að mjer hefur virzt, samkvæmt því, er bæði þjer og biskupinn einnig hafið látið í ljósi, að við veitingu embættis þessa bæri að skoða framkomu hlutaðeigandi sóknarnefndar og safnaðar með tilliti til kosningar á sóknarpresti, einkum þegar á það er litið, að aðgjörðareysi sóknarnefndarinnar hafði eigi í för með sjer neina kæru frá safnaðarinnar hálfu, sem yfirlýsingu um að söfnðurinn hirti eigi um að þeyta kostningarrjettar síns, sem honum þó samkvæmt lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða frá 8. jan. 1886 hafði verið gefið fullt tækifæri til. Í sambandi við þetta skal jeg einnig þjónustusamlega skora á yður þóknanlega að hlutast til um, að það fyrir milligöngu hlutaðeigandi

111 28. sept. prófast verði tjáð sóknarnefnd þeirri, sem hjer á hlut að máli, að ráðgjafanum mislíki mjög vanræksla sú sem nefndin hefur gjört sig seka í á skyldum þeim, sem nefnd lög leggja henni á herðar, og er vanræksla þessi fólgin í því, að nefndin hefur hvorki samkvæmt 3. gr. laganna skýrt hlutaðeigandi prófasti frá því, að söfnuðurinn ætlaði eigi að neyta kosningarrjettar síns, nje heldur uppfyllt þær skyldur, sem, þar sem eigi er um slíka tilkynningu að ræða, hvíla á sóknarnefndum samkvæmt 4.—7. gr. laganna, til að undirbúa kosningar og annast um þær.

112 4. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til útflutningastjóra Sigfúsar Eymundssonar* **um skilyrði fyrir því, að mega annast fólksflutninga hjeðan af landi til Vesturheims.** — Með brjefi dags. 29. f. m. hafið þjer, herra útflutningastjóri, tjáð mjer, að þjer hafið orðið þess vísari, að útflutningastjórar, sem búsettir eru í Ameríku, muni hafa í ráði að senda mönnum hjer á Íslandi farbrjef, sem gefin eru út af þarlendum útflutningastjórum í þeim tilgangi að menn geti flutt sig hjeðan sem vesturfarar og notað farbrjef þessi á sama hátt eins og útflutningasamninga þá, er gefnir eru út af hjerlendum útflutningastjórum, og hafið þjer spurzt fyrir um, hvort slíkt geti samrýmzt hjer gildandi lögum um tilsjón með vesturfaraflutningum og hvort þessi farbrjef frá útflutningastjórum í Ameríku geti álitizt fullnægjandi í því efni, og ennfremur hvort það hafi nokkra þýðingu fyrir gildi þessara farbrjefa hjer þó að «lína» sú, sem flytja ætlar fólkið, hafi sett veð hjer á landi og hafi hjer útflutningastjóra, ef farbrjefin sjeu eigi útgefin af honum, og hann eigi hefur neitt yfir flutningnum að segja.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem það er skýrt tekið fram í 1. og 2. gr. útflutningalaganna 14. jan. 1876, að engir aðrir en þeir, sem fengið hafa sjerstakt leyfi til að vera útflutningastjórar, megi gjöra samninga við útfara um flutning í aðrar heimsálfur, en slíkt leyfi verður aðeins veitt mönnum, sem búsettir eru á Íslandi, þá leiðir beint af þessu, að menn, sem búsettir eru í Vesturheimi, mega ekki gefa út farbjef fyrir útfara hjeðan af landi, og er slíkur útflutningur, er þjer talið um, því ólöglegur með öllu, og gjörir það enga breytingu í þessu efni. þó að «lína» sú, sem ætlar að flytja fólkið, hafi sett veð hjer á landi, og hafi hjer útflutningastjóra, ef þessi útflutningastjóri ekki gerir þann skriflega samning, sem heimtaður er í 13. gr. nefndra laga, við útfarana, nje yfir höfuð annast og hefur umsjón með flutningunum, enda á landstjórnin aðgang að útflutningastjórunum, en eigi að þeim útlendu fjelögum eða «línum», sem takast á hendur að flytja útfarana.

113 7. nóv. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um toll af kaffi, sykri og tóbaki.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 5. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað með ummælum yðar erindi bæjarfógetans á Ísafirði þar sem hann skýrir frá, að skipið Holger, skipstjóri H. P. Ibsen, er hafi hafnað sig á Ísafirði 15. f. m. hafi meðal annara vörutegunda flutt kaffi, sykur og tóbak til verzlunar H. A. Clausens þar á staðnum, en með því að skip þetta, er einnig hafi haft vörur meðferðis til verzlunar nefnds Clausens í Ólafsvík og Stykkishólmi hafi samkvæmt vottorði sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu komið þar í sýslu 29. sept. þ. á. og gjört þar tollskil eptir þeim tollögum, er þá voru í gildi, þannig að tollur einnig af tó-

baki því, er ætlað var til Ísafjarðar hafi verið goldinn sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, telji verzlunstjóri Clausens- verzlunar á Ísafirði sig undanþeginn því, 113 7. nóv.
að greiða toll samkvæmt lögum 9. ágúst þ. á. þar sem skipið hafi verið komið á íslenzka höfn og vörurnar þarafleiðandi innfluttar hjer til lands áður en tjeð lög um aðflutningsgjald á kaffi og sykri og um hækkun tóbakstollsins náðu gildi. — Þennan skilning tjeðs verzlunarstjóra á tolllögunum hefur bæjarfógetinn á Ísafirði ekki getað aðhyllzt og því beiðzt úrlausnar æðra úrskurðarvalds um málefni þetta.

Eins og þjer herra amtmaður, hafið látið í ljósi í ofannefndu brjefi yðar, ber samkvæmt lögum nr. 11 frá 11. febrúar 1876, 3. gr. sbr. auglýsingu 16 s. m. (Stj.tíð. A. 12) og ráðgjafabr. 26. sept. s. á. (Stj.tíð. 1876 B. 104) að greiða toll af tóbaki þar sem það er flutt í land en ekki þar sem skip það, er vörurnar flytur, áður kann að koma að landi eður hafnar sig hjer við land, og alveg hið sama gildir um toll af kaffi og sykri samkvæmt lögum nr. 10 frá 9. ágúst þ. á. 2. og 4. gr. — Þar sem nú tóbak það, kaffi og sykur, er fluttist til Ísafjarðar með skipinu Holger 15. f. m. ekki var flutt í land fyrr en eptir að lög nr. 10, 9. ágúst þ. á. um aðflutningsgjald af kaffi og sykri og lög nr. 11 frá sama degi um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald af tóbaki voru komin í gildi, ber að greiða toll af vörum þessum eptir tjeðum lögum.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum á Ísafirði, og skora jeg jafnframt á yður að útvega skýrslu sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um það, með hverri heimild hann hafi tekið móti tolli af áminnstum tollvörum sem áttu að fara í annað lögsagnarumdæmi, svo og um það, hvort eigi hafi verið skipað upp á Stykkishólmi tóbaki eða vörum sem eru tollskyldar eptir lögum nr. 10, 9. ágúst þ. á. eptir 1. oktbr. síðastliðinn úr framannefndu skipi.

Auglýsing 114

um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara. 16. nóvbr.

Alþingi 1889 hefur ályktað, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara skuli vera þessi:

1, að kennarinn sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
2, að hann kenni auk kristindóms og lesturs: skript, reikning og rjettritun.
3, Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemenda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar) svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og ennfremur meðmæli hlutaðeiganni sýslunefndar.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til sveitakennara eiga að vera stýlud til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi til leiðbeiningar.

Reykjavík 16. nóvbr. 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

FERÐA-ÁÆTLUN

póstgufuskipanna millum Kaupmannahafnar, Granton, Færeyja og Islands 1890.

Frá Kaupmannahöfn til Íslands

	1. Laura	2. Laura	3. Thyra	4. Laura	5. Thyra	6. Laura	7 Romny	8. Thyra	9. Laura	10. Laura	11. Thyra	12. Laura
frá Kaupmannahöfn	16. jan.	2.marz	23.marz	18. apr.	18. maí	3. júní	4. júlí	25. júlí	5. ág.	14. sept.	24. sept.	8. nóv.
— Granton	20. —	6. —	27. —	22. —	22. —	7. —	8. —	29. —	9. —	18. —	28. —	12. —
— Trangisvogi	.....	8. —	.....	24. —	24. —	.....	10. —	.....	11. —	.....	30. —	.....
— Þórshöfn	23. —	9. —	30. —	25. —	24. —	9. —[1]	10. —[2]	31. —	11. —	20. —	1. okt.	15. —
— Klakksvík	.....	10. —	.....	25. —	.....	.....	11. —	.....	12. —	20. —	.....	16. —
— Berufirði	.....	.....	.....	.....	26. —	17. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Eskifirði	.....	.....	1. apr.	.....	26. —	.....	.....	2. ág.	.....	.....	3. —	.....
— Seyðisfirði	.....	.....	2. —	.....	27. —	18. —	.....	3. —	.....	.....	4. —	.....
— Vopnafirði	.....	.....	.....	.....	28. —	.....	.....	4. —	.....	.....	4. —	.....
— Húsavík	.....	.....	.....	.....	28. —	.....	.....	4. —	.....	.....	.....	.....
— Eyjafirði	.....	.....	5. —	.....	30. —	20. —	.....	6. —	.....	.....	6. —	.....
— Siglufirði	.....	.....	.....	.....	31. —	.....	.....	7. —	.....	.....	.....	.....
— Sauðárkrók	.....	.....	5. —	.....	31. —	21. —	.....	7. —	.....	.....	7. —	.....
— Skagaströnd	.....	.....	.....	.....	1. júní	21. —	.....	8. —	.....	.....	8. —	.....
— Reykjarfirði	.....	.....	.....	.....	2. —	.....	.....	8. —	.....	.....	.....	.....
— Ísafirði	.....	.....	8. —	.....	3. —	22. —	.....	9. —	.....	.....	9. —	.....
— Önundarfirði	.....	.....	9. —	.....	4. —	22 —	.....	9. —	.....	.....	9. —	.....
— Dýrafirði	.....	.....	10. —	.....	4. —	23. —	.....	10. —	.....	.....	10. —	.....
— Arnarfirði	.....	.....	.....	.....	5. —	.....	.....	11. —	.....	.....	10. —	.....
— Patreksfirði	.....	.....	.....	.....	.....	23. —	.....	.....	.....	.....	11. —	.....
— Stykkishólmi	.....	.....	.....	.....	6. —	24. —	.....	11. —	.....	.....	11. —	.....
— Flatey	.....	.....	.....	.....	6. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
í Reykjavík	27. —	14. —	14. —	30. —	8. —	26. —	13. —	16. —	16. —	26. —	15. —	20. —
frá Reykjavík	.....	.....	.....	2. maí	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Stykkishólmi	.....	.....	.....	2. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Flatey	.....	.....	.....	2. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Patreksfirði	.....	.....	.....	3. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Arnarfirði	.....	.....	.....	3. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Dýrafirði	.....	.....	.....	4. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
— Önundarfirði	.....	.....	.....	4. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....
á Isafirði	.....	.....	.....	5. —	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....	.....

1) Þaðan beint til Reykjavíkur, kemur þar 12. og fer þaðan 16. sunnan um land til Berufjarðar.
2) Þegar farið er frá Þórshöfn, verður komið við í *Vestmanhavn* á Færeyjum.

	1. Laura	2. Laura	3. Thyra	4. Laura	5. Thyra	6. Laura	7. Romny	8. Thyra	9 Laura	10. Laura	11. Thyra	12. Laura
frá Ísafirði				7. maí								
— Önundarfirði												
— Dýrafirði				7. —								
— Arnarfirði												
— Patreksfirði												
— Flatey												
— Stykkishólmi				8. —								
í Reykjavík				10. —								
frá Reykjavík	2. febr.	21. marz	22. apr.	14. maí	13. júní[5]	3. júlí	18. júl[3 4]	24. ág.	24. ág.	2. okt.	21. okt.	28. nóv.
— Stykkishólmi					13. —	4. —		24. —				
— Flatey					13. —	4. —		24. —				
— Patreksfirði					14. —			25. —				
— Arnarfirði					14. —	4. —		25. —				
— Dýrafirði			23. —		15. —	5. —		26. —		3. —		
— Önundarfirði					16. —	5. —		27. —				
— Ísafirði			24.		17. —	7. —		28. —		4. —		
— Reykjarfirði								29. —				
— Skagaströnd					18. —	8. —		29. —				
— Sauðárkrók			25. —		18. —	8. —		30. —				
— Siglufirði			25. —		19. —	9. —		31. —		6. —		
— Eyjafirði			27. —		21. —	11. —		2. sept.		7. —		
— Húsavík					21. —			3. —				
— Vopnafirði						12. —		4. —		8. —		
— Seyðisfirði			29. —		22. —	12. —		5. —		10. —		
— Eskifirði			29. —		22. —	13. —		5. —		10. —		
— Berufirði					23. —	14. —				11. —		
— Klakksvík		23. —		16. —	24. —		20. júlí		26. —			1. des.
— Þórshöfn	5. febr.	24. —	1. maí	17. —	24. —	15. —	21. —	6. —	26. —	12. —	23. okt.	1. —
— Trangisvogi				17. —	25. —		21. —		27. —		23. —	
— Granton	8. —	27. —	4. —	20. —	28. —	18. —	23. —	8. —	30. —	16. —	26. —	5. —
í Kaupmannahöfn	14. —	3. apr.	10. —	24. —	2. júlí	23. —	28. —	13. —	4. sept.	22. —	1. nóv.	10. —

3) A leiðinni þaðan er líka komið í *Vestmanhavn*.

4) Fjelagið áskilur sjer, að láta skipið fara aukaferð til Vestfjarða, eptir að það kemur til Reykjavíkur, og verður þá frestað brautför þess frá Reykjavík heim á leið, nokkra daga.

5) „Thyra" bíður eptir komu „Lauru" frá Þórshöfn.

Fjelagið áskilur sjer að mega hafa önnur skip í ferðum þessum fyrir þau sem hjer eru nefnd.

Aths. 1. Fjelagið áskilur sjer, að mega láta skipin koma við í *Leith* í staðinn fyrir *Granton*

Aths. 2. Fardagur frá Kaupmannahöfn og Reykjavík er fastákveðinn. Við millistöðvarnar er tiltekinn sá tími, er skipið í fyrsta lagi getur farið á; en farþegjar mega vera við því búnir, að það verði síðar. Gangi ferðin vel, getur skipið komið nokkrum dögum fyrri til Kaupmannahafnar og Reykjavíkur en tiltekið er, en það getur líka orðið síðar, eins og auðvitað er. Viðstaðan á millistöðvunum er höfð sem allra styzt, verði þangað annars komizt fyrir veðurs sakir eða íss.

Aths. 3. Á *Vestmannaeyjum* er komið við í hverri ferð sunnan um land, út og utan, ef kringumstæður leyfa. Eptir komu „Lauru" og „Romny" til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn verður auk þess í hvert skipti farið til *Hafnarfjarðar*, ef skipið hefur nægilegan flutning þangað (nema í 6. ferð).

Aths. 4. Á móti flutningi til Reykjavíkur með ferðunum norður um land verður því að eins tekið, að rúmið verði eigi fyllt flutningi til annara hafna á Íslandi.

Aths. 5. Banni ís skipunum fyrirhugaða leið, verða þeir farþegjar, sem ætla á einhvern stað, sem ekki verður komizt að, látnir fara á land á næstu höfn, sem komizt verður inn á. Vilji þeir heldur verða með skipinu til annarar hafnar, mega þeir það. Fargjaldi verður engum skilað aptur, þegar slíkt kemur fyrir, og fæðispeninga verða farþegar að greiða, meðan þeir eru á skipinu. Við slík tækifæri verður farið á sama hátt með flutning. Skipstjórarnir ráða, hvort þeir skipa honum á land á næstu höfn, sem komizt verður inn á, eða hafa hann með sjer lengra og skila honum á apturleiðinni.

116 **Auglýsing**

16. nóvbr. um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnaskóla.

Alþingi 1889 hefur ályktað, að barnaskólum í sjóþorpum og verzlunuarstöðum öðrum en kaupstöðum skuli því að eins veitast styrkur úr landssjóði, að þeir fullnægi skilyrðum þeim, sem hjer segir:

1, að kennt sje auk kristindóms og lesturs: skript, reikningur, rjettritun, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu líkama mannsins, lopt, hita og þyngd) samkvæmt reglugjörð, er stipsyfirvöldin samþykkja;

2, að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði, og að minnsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímann og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans;

3, að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutaðeigandi sóknarprestur og annar maður, er sóknarnefndin kýs, og taki þeir til spurningarnar við prófið;

4, að skólinn njóti jafnmikils styrks annarstaðar frá og þess, er honum veitist úr lanssjóði;

5, styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf skólans, svo og endurrit af síðasta ársreikningi um tekjur hans og gjöld.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til barnaskóla eiga að vera stýlud til landshöfðingja og send stipsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrlur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan. Styrkurinn veitist einkum eptir kennslutíma og nemendafjölda.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi til leiðbeiningar.

Reykjavík 16. nóvbr. 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

STYRKUR ÚR LANDSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889.

10. gr. C. 4 e.

Eptirnefndum búnaðarfjelögum í Norður- og Austuramtinu veittur þessi styrkur fyrir árið 1889:

1,	búnaðarfjelagi	Hjaltastaðahrepps	29 kr. 35 a.
2,	— —	Fljótdalshrepps	46 — 80 -
3,	— —	Hlíðarhrepps	27 — 77 -

10. gr. C. 5. b.

Veittar 22 kr. 50 a. til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni um Seiluhrepp.

Veittar 2 kr. 50 a. til aðgjörðar á brú á aðalpóstleiðinni um Mosfellssveit.

Veittar 250 kr. til vegagjörðar og viðhalds á jökulvegi yfir jökulinn á Breiðamerkursandi.

EMBÆTTISSKIPUN

3. nóvbr. var embættið sem ritari við landshöfðingjadæmið veitt af hans háting konunginum settum landritara cand. jur. Hannesi Hafstein.

Samningur

um póstgufuskipaferðir.

Ráðgjafinn fyrir Ísland og hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gjört sín á milli svo látandi

SAMNING

um gufuskipaferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands frá 1. janúar 1890 að telja.

1. gr.

Fjelagið skuldbindur sig hjer með til að láta 2 eða fleiri gufuskip, sem eru vel löguð til ferða þeirra, er þessi samningur ræðir um, fara á ári hverju 11 ferðir fram og aptur milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, koma við í Þórshöfn eða annarstaðar á Færeyjum og fara á ferðum þessum annaðhvort í leiðinni til Reykjavíkur eða frá Reykjavík alls 10 sinnum norður um Ísland. Fyrstu ferðina hjeðan skal byrja í miðjum janúarm. og hina síðustu eigi fyr en í byrjun nóvembermán.; ferðunum á yfir höfuð að haga samkvæmt ferðaáætlun, sem fjelagið ákveður fyrir ár hvert og sem ráðgjafinn fyrir Ísland samþykkir. Fjelagið hefur rjett og skyldu til að láta skipin á þessum 11 ferðum koma við í Leith-firðinum; þó skal viðstaðan þar, ef unnt er, eigi lengri vera en í sólarhring nema veður eða helgidagar banni flutning af skipi eða á.

2. gr.

Á skipunum skulu vera tvenn farþegjarúm, hið æðra og hið óæðra, og auk þess sjerstakt kvennaherbergi í hinu æðra farþegjarúmi; hið æðra farþegjarúm á að geta tekið 30 ferðamenn og hið óæðra um 50. Skipin, sem höfð eru til ferðanna, eiga að minnsta kosti að geta tekið 150 smálestir (tons) af flutningi. Fargjald, fæðispeninga og borgun fyrir flutning, svo sem nú er, má eigi hækka nema með samþykki ráðgjafans fyrir Ísland.

3. gr.

Fjelagið ber ábyrgð á öllum póstflutningnum meðan hann er í vörzlum skipsins, það er að segja frá því skipverjar taka móti honum og þangað til hann er fenginn í hendur þjónum póststjórnarinnar. Skal hann mjög vandlega geymdur í lokuðu herbergi, nema brjefakassinn, sem látinn skal þar, er allir geta að honum komizt. Fjelagið ber ábyrgð á því tjóni, þeim missi eða þeim skemmdum, sem póstflutningurinn kann að verða fyrir af því að hans sje illa gætt. Farist skipið eða hlekkist því á, skal svo sem framast er kostur á reyna að bjarga póstflutningnum og flytja hann til næsta pósthúss. Skyldi það verða æskilegt, sökum þess hve póstflutningur er mikill eða dýrmætur, að maður fylgi honum á skipinu, fær hann ókeypis far bæði fram og aptur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði.

4. gr.

Póstflutningurinn skal afhentur í skip og af skipi samkvæmt skrá (Stykseddel) og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeigandi póstembættismanns. Sýni viðtakandi, að póstflutningurinn sje eigi samkvæmur skránni, skal sá, er afhendir póstflutninginn, skyldur að rita undir athugasemd þar að lútandi.

Póstflutningurinn skal þegar eptir komu skipsins fluttur úr skipi, hvort sem það liggur við land eða á höfn úti, til hlutaðeigandi pósthúss og skal fjelagið bera kostnaðinn af flutningi þeim, nema í Kaupmannahöfn, því þar mun póstflutningurinn verða sóttur. Sömu reglum skal beitt þegar flytja skal póstflutninginn á skip.

23. dag desbr.mán. 1889.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1889.

117. 2. nóv.

5. gr.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn af skipverjum eða nokkur annar flytji muni, er skylt er að senda með pósti. Verði slíkt uppvíst, skal hlutaðeigandi, auk þess að greiða hina lögboðnu sekt, einnig rækur úr skiprúmi. Þó má skipstjóri, án þess slíkt varði vítum, flytja brjef um skipsins málefni frá útgjörðarmönnum skipsins til afgreiðslumannanna og milli hinna síðarnefndu.

6. gr.

Fjelagið greiðir öll gjöld, en aptur á móti bera því allar tekjur af farþegjum og flutningi.

Fyrir flutning á brjefum og böggulsendingum fær fjelagið fyrir allar þær ferðir sem taldar eru í 1. gr., 58000 kr. — fimmtíu og átta þúsund króna — þóknun.

Þóknunin greiðist með 5000 kr. við lok hverrar af hinum fyrstu 10 ferðum og með 8000 kr. við lok síðustu ferðarinnar.

7. gr.

Skyldi ís hamla því, að skipið komizt út frá Danmörku á leið til Íslands einhverja af þessum 11 ferðum, sem taldar eru í 1. gr., fellur sú ferð niður og frá allri árspóknuninni skal draga $^1/_{11}$ fyrir hverja ferð, sem eigi er farin.

Ef ís tálmar skipinu að fara að öllu leyti einhverja af ferðum þeim kringum strendur Íslands, sem getið er um í 1. gr., og tilhlýðileg sönnun er færð fyrir því af skipsins hálfu, skal eigi dregið neitt frá árspóknuninni.

Verði það eigi sannað, að ís hafi tálmað hinni umræddu ferð, eða ef fjelagið mót von skyldi eigi láta fara ferðir þær, er um er samið, skal það greiða 1000 kr. sekt fyrir hverja þá ferð, sem ekki er farin, nema svo sje, að skipinu hafi hlekkzt á, og auk þess skal frá árspóknuninni draga $^1/_{11}$ fyrir hverja þá ferð, sem ekki er farin milli Danmerkur og Íslands.

8. gr.

Svo framarlega sem fjelagið uppfyllir skuldbindingar þær, sem það hefur á hendur tekizt og ríkisþingið og alþingi veitir fje það, sem með þarf, einkum þóknun þá, sem um er rætt í 6. gr., þá gildir samningur þessi til 1. janúar, en frá þeim degi getur annarhvor málsaðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara. Þó getur engin uppsögn orðið fyr en frá 1. janúar 1894 — níutíu og fjögur —.

Eptir upphæðinni 58000 kr. × 5 eða 290000 kr. er mótunargjald fyrir samninginn 48 kr. 30 a. og greiðir hvor málsaðili helming þess gjalds.

Samningurinn er skráður í tveim samritum og fá málsaðilar sitt samritið hvor.

Kaupmannahöfn 2. nóvbr. 1889.

Ráðgjafinn fyrir Ísland
J. Nellemann.

Hið sameinaða gufuskipafjelag
C. Normann.

Ólafur Halldórsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá styrktarsjóðs W. Fichers. 118

VJER CHRISTIAN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Lauenborg og Aldinborg 28. júní

gjörum kunnugt: Með því að þess allra undirgefnast hefur beiðzt verið og æskt, að vjer veittum allrahæsta samþykki vort skipulagsskrá fyrir sjóð nokkurn, sem hinn 28. d. júnim. 1889 er stofnaður af ekkjufrú A. Fischer og kaupmanni F. Fischer og nefnist «styrktarsjóður W. Fischers», og sem í frumriti er fest við brjef þetta, þá höfum vjer allra mildilegast staðfest tjeða skipulagsskrá, eins og vjer með þessu brjefi samþykkjum hana og staðfestum, og hefur ráðgjafi vor fyrir Ísland til geymslu tekið staðfest eptirrit, samhljóða henni.

Fyrirbjóðum vjer einum og sjerhverjum að tálma því, sem að framan er ritað.

Þannig gjört í aðsetursborg vorri Kaupmannahöfn, 13. sept. 1889.

Vort konunglega innsigli.

(L. S.)

Að allramildilegustu boði hans hátingar konungsins.

J. Nellemann.

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð W. Fischers.

1. gr.

Samkvæmt ósk W. Fischers, kaupmanns á Íslandi, sem andaðist 22. nóvbr. f. á., og fyrir hönd hans, afhenda ekkja hans og sonur hjermeð styrktarsjóð, sem ber nafn hans, að upphæð tuttugu þúsund krónur í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldabrjefum, og sem verzlunarhjeruð Reykjavíkur og Keflavíkur eiga að njóta góðs af framvegis, þannig að vöxtunum af honum á að útbýta á ári hverju samkvæmt skipulagsskrá þeirri, er hjer fer á eptir. Upphæðin 20,000 kr. í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldabrjefum, hefur 28. maí þ. á. verið afhent á ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn og hefur þar aptur á móti verið gefið út hjálagt innritunarskírteini, sem ber nafnið styrktarsjóður W. Fischers Ltr. A. Fol. 373 og sömuleiðis hefur ráðstöfun verið gjörð til að vextirnir af ríkisskuldabrjefum þessum verði greiddir úr landssjóði Íslands i Reykjavík fyrsta skipti 11. desbr. þ. á. og síðan 11. júní og 11. desbr. ár hvert með 350 — þrjú hundruð og fimmtíu — krónum á missiri hverju. Styrktarsjóðurinn á að heita: «Styrktarsjóður W. Fischers.»

2. gr.

Styrktarsjóðsupphæðinni, 20000 kr. í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldabrjefum, stýrir landshöfðinginn yfir Íslandi eða sá, er æðstur valdsmaður er á Íslandi á hverjum tíma; eigendur verzlunarhússins «W. Fischer» geyma sjer þó rjett til, meðan verzlunarhúsið stendur, annaðhvort sjálfir eða gegnum umboðsmann, að skipa meðstjórnanda, sem ásamt landshöfðingjanum stýri styrktarsjóðnum. Ef verzlunarhúsið «W. Fischer» hættir að vera til, kýs landshöfðinginn sjer meðstjórnanda í stað verzlunarhússins.

3. gr.

Afallandi gjöld, svo sem fyrir burðareyri, bækur, auglýsingar o. fl. greiðast af vaxtatekjunum.

118 28. júní

4. gr.

Vöxtunum af höfuðstólnum skal varið til styrks handa:

A. Ekkjum og börnum, sem misst hafa forsjármenn sína í sjóinn og eru verð hjálpar og þurfa hennar.

B. Ungum Íslendingum, sem hafa í tvö ár verið í förum á verzlunar- eða fiskiskipum, sýnt iðni og reglusemi, og eru verðir þess að þeim sje kennd sjómannafræði og þurfa styrks til þess.

Allt að þriðjungi af vaxtatekjum styrktarsjóðsins skal, ef þörf er á, varið á ári hverju til styrks þess, sem ræðir um undir staflið B, en ef eigi þarf að halda á þeirri upphæð og enginn sækir um slíkan styrk, má verja öllum vaxtatekjunum það ár til styrktveitinga þeirra, sem getið er um undir staflið A.

Til þess að geta komið til greina við fjárveitingu úr styrktarsjóðnum eru þessi skilyrði nauðsynleg:

Ekkjur verða að hafa verið að minnsta kosti 2 ár búsettar í Reykjavíkur eða Keflavíkur verzlunarhjeruðum og vera það enn, og sjómenn og börn að vera fæddir og að nokkru leyti upp aldir þar. Með verzlunarhjeraði Reykjavíkur er átt við:

Bessastaðahrepp, Garðahrepp,
Seltjarnarneshrepp og Reykjavík.

Með Keflavíkur verzlunarhjeraði er átt við:

Grindavíkurhrepp, Hafnahrepp.
Rosmhvalaneshrepp, Miðneshrepp,
og Vatnsleysustrandarhrepp.

Styrkinn skal veita eptir þörf styrkbeiðendanna, þó svo, að þeir, sem heima eiga í verzlunarhjeraði Keflavíkur, skulu teknir fram yfir aðra, þegar þörfin er söm.

5. gr.

Styrktarsjóðs-upphæðin, sem eins og þegar er getið, er tuttugu þúsund krónur í óuppsegjanlegum konunglegum dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldabrjefum, var 28. maí þ. á. afhent á ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn gegn innritunarskírteini Ltr. A. Fol, 373, með nafninu «styrktarsjóður W. Fischers». Vextirnir, 350 kr. á missiri hverju greiðist í fyrsta skipti 11. desbr. þ. á. og framvegis 11. júní og 11. desbr. ár hvert úr jarðabókarsjóðnum í Reykjavík, samkvæmt ráðstöfun frá ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn, gegn kvittun annarshvors stjórnendanna.

Höfuðstólinn má aldrei skerða; einungis má eyða vöxtunum eða svo miklum hluta af þeim, sem stjórnendum sjóðsins þykir ástæða til á ári hverju að verja samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í skipulagsskrá þessari. Svo framarlega sem eigi er varið öllum vaxtatekjunum eitthvert ár til styrkveitinga, skal koma því, sem afgangs verður, á vöxtu frá vaxtagjalddaga; því fje sem þannig leggst fyrir, má, ef margir þurfandi og hjálparverðir beiðast styrks næsta ár, verja ásamt tekjum þess árs til styrkveitinga samkvæmt ákvörðunum skipulagsskrárinnar, en sje eigi svo, ber að leggja það fje við höfuðstólinn og gilda þá um það sömu ákvæði sem um hann.

Styrkur úr sjóðnum er veittur einu sinni á ári, fyrsta skipti 13. desbr. 1890, og framvegis sama dag ár hvert, í hlutum frá 50 kr. til 100 kr. eptir því sem sjórnendum sjóðsins þykir við eiga. Upphæðirnar greiðast án þess nokkuð sje frá þeim dregið.

118

28. júní

6. gr.

Þeir, sem æskja styrks úr sjóðnum, geta frá 1. til 30. júní ár hvert fengið hjá stjórnendunum prentuð eyðublöð, sem síðan ber að senda stjórnendum sjóðsins fyrir 16. júlí útfyllt með upplýsingum þeim, sem heimtaðar eru, og eiga þeir að leggja skýrslur þessar til grundvallar fyrir styrkveitingum og stærð styrkhlutanna, sem greiða á þeim, er styrkur er veittur, 13. desbr. ár hvert. Stjórn sjóðsins lætur í lok maímánaðar hvert prenta auglýsingu í einu af blöðum þeim, sem út koma í Reykjavík, viðvíkjandi umsóknum um styrk, og á í auglýsingu þeirri að vera getið allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, þar með talin ákvæðin í þessari grein.

7. gr.

Engum veitist styrkur lengur en eitt ár í senn, en eigi skal þó loku fyrir skotið, að sá, sem eitt sinn hefur styrk fengið, geti á ný fengið hann ár eptir ár, svo framarlega sem hann á ári hverju sækir um hann og þykir hæfur að njóta hans.

8. gr.

Einu sinni á ári hverju skal auglýsa í einhverju af blöðum þeim, sem út koma í Reykjavík, reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Staddur í Reykjavík 28. júní 1889.

Fyrir hönd ekkjufrúar A. Fischer og sjálfs sín

F. Fischer.

119

2. oktbr.

Skýrsla

um yfirsetukvennaumdæmi í Norður- og Austuramtinu.

Suður-Múlasýsla.

1. Álptafjörður frá Lónsheiði að Hamarsá.
2. Hálssókn frá Hamarsá innfyrir Urðarteig og Beruneshreppur að Fossá.
3. Beruneshreppur frá Fossá að Streitisá.
4. Breiðdalur frá Streitisá að Hvalsnesskriðum.
5. Stöðvarfjörður og Fáskrúðsfjörður frá Hvalsnesskriðum að Kolfreyjustaðarskriðum.
6. Reyðarfjarðarhreppur frá Kolfreyjustaðarskriðum að Krossanesskriðum.
7. Vöðlavík, Viðfjörður og Sandvík frá Krossanesskriðum að Viðfirði meðtöldum.
8. Norðfjörður frá Viðfirði til Nýpu.
9. Mjóifjörður frá Nýpu til Dalatanga.
10. Eyðaþinghá og Vallahreppur austan og utan Grímsár og Gilsár.
11. Vallahreppur út að Grímsá og Skriðdalur.

Norður-Múlasýsla.

1. Seyðisfjarðarhreppur.
2. Klippstaðar- og Húsavíkursóknir.
3. Desjarmýrar- og Njarðvíkursóknir.
4. Hjaltastaðarþinghá.
5. Fljótsdalshreppur.
6. Fellahreppur.
7. Tunguhreppur og Jökulsárhlíð upp að Fossvöllum.
8. Hofteigs og Brúarsókn á Jökuldal.
9. Vopnafjarðarhreppur.

119 10. Skeggjastaðahreppur.

2. oktbr:

Þingeyjarsýsla.

1. Sauðaneshreppur.
2. Svalbarðshreppur að fráskildum bæunum Sveinungsvík og Ormalóni.
3. Presthólahreppur inn að Hafnarskörðum og bæirnir Sveinungsvík og Ormalón.
4. Presthólahreppur frá Hafnarskörðum og Skinnastaðasókn.
5. Víðirhólssókn ásamt Möðrudalssókn í Norður-Múlasýslu.
6. Kelduneshreppur.
7. Húsavíkurhreppur.
8. Aðaldalur upp að Presthvammi og Ytrafjalli, bæirnir Geitafell, Langavatn og Klambrasel, einnig Skriðuhverfi og Þóroddstaðarsókn í Kinn.
9. Einarsstaðasókn og Múlasókn að undanskildu Skriðuhverfi, Þverársókn og Grenjaðarstaður.
10. Skútustaðahreppur.
11. Lundarbrekkusókn og Ljósavatnssókn.
12. Hálsprestakall.
13. Þönglabakkaprestakall með Heiðarhúsum og Grímslandi í Laufássókn.
14. Höfðaprestakall og Laufássókn að undanskildum Heiðarhúsum og Grímslandi.

Eyjafjarðarsýsla.

1. Kaupangssókn inn að Þverá og Svalbarðssókn í Þingeyjarsýslu.
2. Eyjafjörður að austan frá Þverá hinni ytri að Núpufellsá.
3. Innsti hluti Eyjafjarðar frá Núpufellsá að austan til Skjóldalsár að vestan.
4. Hrafnagilshreppur.
5. Glæsibæjarhreppur.
6. Skriðuhreppur.
7. Arnarneshreppur.
8. Vallahreppur.
9. Þóroddsstaðahreppur.
10. Hvanneyrarhreppur.
11. Grímsey.

Skagafjarðarsýsla.

1. Holtshreppur.
2. Fellshreppur með Höfðasókn og Hofssókn.
3. Miklabæjarsókn í Óslandshlíð og Hólahreppur.
4. Viðvíkurhreppur og Rípurhreppur.
5. Akrahreppur.
6. Lýtingsstaðahreppur.
7. Seiluhreppur og Staðarhreppur.
8. Sauðárhreppur.
9. Skefilsstaðahreppur.

Húnavatnssýsla.

1. Vindhælishreppur.
2. Engihlíðarhreppur.
3. Bólstaðarhlíðarhreppur,

4. Svínavatnshreppur og Torfalækjar-hreppur.
5. Áshreppur og Sveinsstaðahreppur.
6. Þorkelshólshreppur og Þverárhreppur út að Vesturhópshólum, að þeim bæ meðtöldum, og þeir bæir í Kirkjuhvammshrepp, sem eru í Víðidalstungusókn.
7. Vatnsnes frá Vesturhópshólum að austan til Hamarsár að vestan.
8. Melstaðarprestakall utan frá Hamarsá og yztu bæir af Staðarhrepp að Þóroddsstöðum með töldum.
9. Staðarbakkaprestakall og fremri hluti Staðarhrepps utan frá Þóroddsstöðum.

119 2. oktbr.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 2. oktbr. 1889.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um samþykkt um lundaveiði á Vestmannaeyjum** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður sent hingað samþykkt nokkra, sem gjörð hefur verið af 30 ábúendum umboðsjarða á Vestmannaeyjum til þess að koma í veg fyrir eyðilegging lundaveiðinnar þar á staðnum, og hafið þjer lagt það til, samkvæmt tilmælum sýslumannsins í Vestmannaeyjum, að landstjórnin samþykki að 1. og 2. gr. framannefndrar samþykktar framvegis skuli gilda að því er snertir umboðsjarðirnar á Vestmannaeyjum, þannig að brot gegn þeim hafi sömu afleiðingar og brot gegn öðrum greinum í byggingarbrjefum þessara jarða.

120 20. nóv.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að eins og löglegum samningum yfir höfuð eigi verður breytt af einum hlutaðeiganda að öðrum málsaðilum fornspurðum, eins getur þeim, sem fengið hafa lögleg byggingarbrjef fyrir umboðsjörðum á Vestmannaeyjum, ekki orðið gjört að skyldu að hlýta nýjum viðbótum við eða breytingum á skilmálum þeim, sem þeir hafa undirgengizt, þar sem þeir hafa fullan rjett á að halda sjer til byggingarbrjefa sinna. En með því að reglur þær, sem settar eru í 1. og 2. gr. fyrnefndrar samþykktar virðast að öðru leyti hentugar*, þá skal hjermeð þjónustusamlega skorað á yður að hlutast til um að reglur þessar verði framvegis teknar upp í þau byggingarbrjef, sem hjer eptir verða útgefin fyrir umboðsjörðum á Vestmannaeyjum, og að þeim eptir samkomulagi við hlutaðeigendur verði bætt við í byggingarbrjefum þeirra leiguliða á tjeðum jörðum, sem góðfúslega vilja samþykkja, að slík viðbót sje gjörð við byggingarskilmálana.

Brjef landshöfðinga *til amtmannsins yfir Norður og Austuramtinu* **um styrk handa alþýðuskólanum á Hljeskógum.** — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 7. f. m., þar sem þjer mælið með þeirri beiðni forstöðumanns Hljeskógaskólans, Einars umboðsmanns Ásmundssonar, að jeg veiti skólanum 500 kr. styrk fyrir yfistandandi ár samkvæmt fjárlaganna 13. gr. B. V. c. 2., skal yður hjermeð tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir forstöðumanni alþýðuskólans í Hljeskógum, að jeg sje mjer ekki fært að ávísa tjeðri upphæð til útborgunar úr landssjóði bæði sökum umræðna þeirra, er urðu um þennan skóla á alþingi síðastliðið sumar og sökum þess, að skýrsla sú um skólann fyrir síðastliðið skólaár, sem fylgdi nefndu brjefi yðar, ber það með sjer, að einungis einn lærisveinn hefur verið á honum hið umrædda skólaár að staðaldri, og aukhans að eins tveir, sinn mánuðinn hvor.

121 2. des.

---

*) Í greinum þessum var ákveðið:

1. Að eigi mætti byrja neinskonar lundaveiði fyrr en fullar 10 vikur af sumri, og skyldi hætta eigi síðar en 14 vikur af sumri. Lundinn skyldi friðhelgur sóla á milli á virkum dögum, svo og alla helgidaga.
2. Að lundi skyldi að eins veiddur með háfi, en alls eigi með greflum, eða annarskonar veiðiaðferð, og að hvorki í heimalandi nje í úteyjum mætti þysju veiða nema í Almenningsskeri og í fýlabyggð með samþykki sameignarmanna.

122 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu* **um sveitfesti þurfalings** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. sept. síðastl., hafið þjer, herra
2. des. amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Norðfjarðarhreppi, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar, dags. 25. okt. f. á., er ákveður, að Eiríkur Filippusson í Sandvík skuli álítast sveitlægur í Norðfjarðarhreppi, og skal yður því til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar tjáð það, er nú skal greina.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir liggja í máli þessu, er Eiríkur Filippusson fæddur í Geithellnahreppi árið 1856, en á árinu 1873 fluttist hann, þá 17 ára gamall, í Norðfjarðarhrepp og hefur haft þar fasta dvöl síðan. Á árinu 1882 undir sumarmál, þegar Eiríkur hafði dvalið 9 ár í Norðfjarðarhreppi, var honum veitt af fátækrafje nefnds hrepps 50 króna lán, sem hann síðan endurborgaði, og á fardagaárinu 1885—1886 þáði hann að nýju styrk af Norðfjarðarhreppi, að upphæð 41 kr. 50 aura. Norðfjarðarhreppur hefur nú heimtað, að fá fje þetta endurgoldið af Geithellnahreppi sem fæðingarhreppi Eiríks, en Geithellnahreppur hefur neitað því, að Eiríkur eigi þar framfærslusveit, með því að hann með óslitinni 12—13 ára dvöl sinni hafi áunnið sjer framfærslurjett í Norðfjarðarhreppi, þar sem lán það, er honum var veitt 1882, hafi eigi verið löglega veittur sveitarstyrkur, og geti því eigi orðið til að rjúfa sveitfestisdvöl hans þar í hreppi.

Nefndri styrkveiting er þannig varið, að um páskaleitið 1882 beiddist Eiríkur Filippusson, sem átti konu og 5 ung börn fyrir að sjá, eptir áeggjan hreppstjórans í Norðfjarðarhreppi, láns af hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps, og sendi um leið skýrslu um kringumstæður sínar, samda af honum sjálfum, en eptir þeirri skýrslu átti hann þá í búi sínu 1 kvígu, 8 ær, 1 kapal og 200 pd. af rúgi, en í skýrslunni er ekki tekið fram, að hann hafi ekki átt aðrar vistir eða föng, enda hefur hann síðan fyrir rjetti borið, að hann, auk hins ofannefnda, hafi, þegar hann bað um lánið og fjekk það, átt kringum vætt af harðfiski og fisk í salti, 200 króna virði, og utan rjettar hefur hann skriflega vottað, að hann ennfremur hafi átt 10 ær, 14 lömb, sem hann þó missti 10 af um veturinn, 10 kindur geldar og bát með veiðarfærum.

Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps hefur viðurkennt, að hún hafi ekkert gjört til að rannsaka hag eða heimilisástand Eiríks Filippussonar, en veitt honum hið umgetna 50 króna lán að eins eptir hinni fyrstnefndu skýrslu hans, en á hinn bóginn viljað neita því, að þráttnefndur Eiríkur hafi átt eins mikið og hann segir, sjerstaklega af saltfiski, þegar styrkurinn var veittur. En þar sem það samkvæmt fyrirmælum 9. greinar fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834 var skýlaus skylda hreppsnefndarinnar að rannsaka kringumstæður Eiríks, áður hún veitti honum styrk af fátækrafje, og styrkveitingin þegar af þeirri ástæðu að það var vanrækt, verður að álítast ólögleg, er eigi þörf á að rannsaka nákvæmar ofannefnt ágreiningsatriði, enda er það ljóst af hinu framkomna, að Eiríkur hefur í öllu falli átt svo mikið fyrir sig að leggja, að hann gat ekki talizt þurfamaður þegar styrkurinn var veittur. Þessi styrkveiting gat því ekki varnað því, að þráttnefndur Eiríkur ynni sjer framfærslusveit í Norðfjarðarhreppi, og skal því úrskurður yðar í máli þessu, dags. 25. okt. f. á., standa óraskaður.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1888, eins og hann er úrskurðaður af landshöfðingja 16. des. 1889.

Tekjur:			kr.	a.
1. Í sjóði 1. janúar 1888			57126	75
2. Seðlar meðteknir frá landssjóði			55000	00
3. Borguð lán:	kr.	a.		
a. Fasteignarveðslán	67458	05		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	19382	44		
c. Handveðslán	3768	00		
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	3574	00	94182	49
4. Fasteignarveð, lögð bankanum út til eignar fyrir lánum, að upphæð			6300	00
5. Innleystir víxlar			58255	13
6. Ávísanir innleystar			4180	59
7. Seld skuldabrjef:				
a. Kgl. ríkisskuldabrjef	1200	00		
b. Skuldabrjef Reykjavíkur	100	00	1300	00
8. Vextir:				
a. Af lánum	36938	80		
(hjer af er áfallið fyrir lok reikningstímabilsins	20515 kr. 24 a.			
Fyrirfram greiddir vextir fyrir síðari reikningstímabil	16423 kr. 56 a.			
	36938 kr. 80 a.)			
b. af konungl. ríkisskuldabrjefum	3551	25		
c. af skuldabrjefum Reykjavíkur	34	00	40524	05
9. Disconto			747	75
10. Provision og aðrar óvissar tekjur (hjermeð talin leiga af fasteignum bankans)			483	23
11. Fasteign tilheyrandi bankanum seld			2200	00
12. Víxilupphæð innheimt fyrir Landsmandsbankann			35	91
13. Lagt inn á hlaupareikning	11066 kr. 81 a.			
Vextir þar af til 31. desember 1888	9 kr. 61 a.		11076	42
14. Sparisjóðsinnlög	160282 kr. 01 a.			
Vextir til 31. desbr. 1888	12309 kr. 70 a.		172591	71
15. Tekjur tilheyrandi varasjóði bankans samkvæmt úrskurði á bankareikninginn 1887			1006	88
16. Til jafnaðar móti gjaldlið 11. c.			949	08
		Samtals	505959	99

31. dag desbr.mán. 1889.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1889.

123

Gjöld:		kr.	a.
1. Lánað gegn:			
a. Fasteignarveði	104028 kr. 30 a.		
b. Sjálfskuldarábyrgð	17030 kr. 00 a.		
c. Handveði	7100 kr. 00 a.		
d. Ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	4050 kr. 00 a.	132208	30
2. Víxlar keyptir		59710	13
4. Ávísanir keyptar		6422	81
4. Keypt skuldabrjef			
a. konungl. ríkisskuldabrjef	1000 kr. 00 a.		
b. skuldabrjef Reykjavíkur	1300 kr. 00 a.	2300	00
5. Útborgað af innlögum á hlaupareikning		10972	50
6. a. Útborguð sparisjóðsinnlög	143392 kr. 44 a.		
b. Dagvextir þar af	395 kr. 84 a.	143788	28
7. Borguð skuld til Landmandsbankans		35	91
8. Útgjöld fyrir varasjóð sparisjóðsins í Reykjavík		1681	46
(hjer af til jafnaðar móti tekjulið 15: 1006 kr. 88 a.)			
9. Kostnaður við bankahaldið			
a. Laun	.5500 kr. 00 a.		
b. Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	471 kr. 75 a,		
c. Bækur, ritföng og prentunarkostnaður	93 kr. 37 a.		
d. Önnur útgjöld	498 kr. 90 a.	6564	02
10. Ýmisleg útgjöld (hjer með talinn kostnaður við veðsölu, endurborgaðir vextir o. fl.		620	40
11. Vextir af:			
a. Innstæðufje með sparisjóðskjörum fyrir árið 1888	12309 kr. 70 a.		
b. Innlögum á hlaupareikning s. á.	9 kr. 61 a.		
c. Innstæðufje varasjóðs bankans s. á.	949 kr. 08 a.	13268	39
12. Til jafnaðar móti tekjulið 4		6300	00
13. Í sjóði 31. desbr. 1888		122087	79
	Samtals	505959	99

Jafnaðarreikningur bankans 31. des. 1888

Activa:		kr.	a.
1. Skuldabrjef fyrir lánum:			
a. Fasteignarveðsskuldabrjef	611648 kr. 98 a.		
b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabrjef	26796 kr. 38 a.		
c. Handveðsskuldabrjef	13402 kr. 00 a.		
d. Skuldabrjef gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	10572 kr. 00 a.	662419	36
2. Önnur skuldabrjef:			
a. kgl. ríkisskuldabrjef	101200 kr. 00 a.		
b. skuldabrjef Reykjavíkur	1400 kr. 00 a.	102600	00
3. Víxlar:		6190	00
	Flyt	771209	36

	kr.	a.
Flutt	771209	36
4. Ávísanir	2416	32
5. Fasteignir útlagðar bankanum fyrir lánum að upphæð	4100	00
6. Útistandandi vextir áfallnir 31 des. 1888	5183	03
7. Í sjóði	122087	79
Samtals	904996	50

Passiva:

1. Útgefnir seðlar	430000	00
2. Innlög á hlaupareikning	103	92
2. Sparisjóðsinnlög	381765	05
4. Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur	26231	13
5. Varasjóður bankans	45289	81
6. Fyrirfram greiddir vextir sem eigi áfalla fyrr en eptir 31. desbr. 1888	16423	56
7. Til jafnaðar móti tölul. 6 í Activa færast	5183	03
Samtals	904996	50

Athugasemdir:

1. *Fasteignarveðslán.* 1. janúar 1888 átti bankinn útistandandi 671 lán gegn veði í fasteign, og voru þau að upphæð alls . . . . . 581378 kr. 73 a.
Árið 1888 voru veitt 123 lán að upphæð . . . . . 104028 kr. 30 a.
685407 kr. 03 a.
Hjer af er endurborgað 1888 . . . . . 67458 kr. 05 a.
og bankanum lögð út til eignar veð fyrir lánum að upphæð . . . . . 6300 kr. 00 a. 73758 kr. 05 a.
Eptirstöðvar 31. des. 1888 611648 kr. 98 a.
og voru lánin þá 754 að tölu.

2. *Sjálfskuldarábyrgðarlán.* Við ársbyrjun 1888 átti bankinn skuldabrjef fyrir 67 sjálfskuldarábyrgðarlánum, alls að upphæð . . . . . 29148 kr. 82 a.
Árið 1888 voru veitt 42 lán, að upphæð alls . . . . . 17030 kr. 00 a.
46178 kr. 82 a.
Hjer af endurborgað á árinu . . . . . 19382 kr. 44 a.
Eptir 31 desbr. 1888 . 26796 kr. 38 a.
og voru lánin þá 59 að tölu.

3. *Handveðslán* voru 11 að tölu við byrjun ársins 1888 og námu þau alls . . . . . 10070 kr. 00 a.
6 slík lán voru veitt árið 1888, er voru samtals að upphæð . . . . . , ... , . . 7100 kr. 00 a.
17170 kr. 00 a,
En aptur er endurborgað á árinu . . . . . 3768 kr. 00 a.
Verða þá eptir 31. desbr. 1888 13402 kr. 00 a.
skipt niður á 12 lán.

123 4. *Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.* Skuldabrjef fyrir slíkum lánum átti bankinn 14 hinn 1. janúar 1888 og var samanlögð upphæð lánanna . . . . . 10096 kr. 00 a.

Árið 1888 voru veitt 6 slík lán, að upphæð . . . . . 4050 kr. 00 a.

14146 kr. 00 a.

Hjer af er endurborgað á árinu . . . . . 3574 kr. 00 a.

Eptir 31. des. 1888 10572 kr. 00 a.

og voru lánin þá 19 að tölu.

5. *Víxlar.* 1. janúar 1888 átti bankinn 10 víxla, að upphæð alls 4735 kr. 00 a.

Keyptir voru árið 1888 alls 49 víxlar, er samtals námu . . 59710 kr. 13 a.

64445 kr. 13 a.

Innleystir voru á árinu 46 víxlar að upphæð . . . . . 58255 kr. 13 a.

Eptir 31. desbr. 1888 13 víxlar að upphæð 6190 kr. 00 a.

6. *Ávísanir.* Við ársbyrjun 1888 átti bankinn 3 ávísanir að upphæð 174 kr. 10 a.

Keyptar voru árið 1888 24 ávísanir að upphæð . . . . 6422 kr. 81 a.

6596 kr. 91 a.

Innleystar voru á árinu 16 ávísanir að upphæð . . . . 4180 kr. 59 a.

Eptir 31. desbr. 11 ávísanir að upphæð 2416 kr. 32 a.

7. *Innlög á hlaupareikning* voru fyrst byrjuð árið 1888 og var þá lagt inn . . . . . 11066 kr. 81 a.

En aptur tekið út . . . . . 10972 kr. 50 a.

Eptir 94 kr. 31 a.

Þar við bætast vextir til ársloka 1888 . . . . . 9 kr. 61 a.

Eptir 31. desbr. 1888 103 kr. 92 a.

8. *Sparisjóðsinnlög.* 1. janúar 1888 voru sparisjóðsinnlögin alls 352565 kr. 78 a.

Lagt hefur verið inn á árinu 1888 . . . . . 160282 kr. 01 a.

512847 kr. 79 a.

En aptur er borgað út á árinu . . . . . 143392 kr. 44 a.

Eptir 369455 kr. 35 a.

Þegar hjer við er bætt vöxtum til ársloka 1888 . . . . 12309 kr. 70 a.

verða sparisjóðsinnlögin 31. desbr. 1888 381765 kr. 05 a.

Þeir sem fje áttu í bankanum með sparisjóðskjörum voru 31. desbr. 1888 1777 að tölu.

9. *Seðlar.* Af 50 kr. seðlum var búið að gefa út í árslok 1887 3000 st. að upphæð 150000 kr. og hefur eigi verið við þá bætt neinu árið 1888.

Af 10 kr. seðlum var búið að gefa út í árslok 1887 alls 15000 st. að upphæð 150000

Þar við er bætt 1888 . . . 2000 st. að upphæð 20000

Af 5 kr. seðlum var búið að gefa út við lok ársins 1887 15000 st. að upphæð 75000 kr.

Þar við hefur bæzt 1888 7000 st. að upphæð 35000 kr.

Hefur þannig til ársloka 1888 alls verið gefið út:

Af 50 kr. seðlum	3000 st. að upphæð	150000
Af 10 kr. seðlum	17000 st. að upphæð	170000
Af 5 kr. seðlum	22000 st. að upphæð	110000
		430000

Af þeim 122087 kr. 79, a., sem voru í sjóði 31. desbr. 1888, voru: 123

í gulli (Þar af í ensku gulli 735 £ á 18 kr.)	19730 kr.	00 a.
í silfri	8500 kr.	00 a.
í ýmsum peningum (t. d. utanríkis brjefpeningum, kopar o. fl.	732 kr.	79 a.
Í seðlum	93125 kr.	00 a.
	122087 kr.	79 a.

Stjórn landsbankans, Reykjavík 28. febr. 1889.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Þjetursson. Eiríkur Briem.

Yfirlit 124

yfir fjárhag sýsluvegasjóða í Norður- og Austuramtinu, 1888.

	kr. a.	kr. a.
1. Húnavatnssýsla.		
Tekjur:		
Eign frá f. á.	307 09	
Sýsluvegagjald	784 01	
Aðrar tekjur . . . :	3 00	
Endurborguð lán	35 00	1129 10
Gjöld:		
Vegabótakostnaður	441 73	
Önnur gjöld	377 50	
Til jafnaðar	35 00	
Eign til næsta árs	274 87	1129 10
2. Skagafjarðarsýsla.		
Tekjur:		
Eign frá f. á.	17 59	
Sýsluvegagjald	918 00	
Skuld við reikningshaldara	110 34	1045 93
Gjöld:		
Vegabótakostnaður	917 93	
Annar kostnaður	128 00	1049 93
3. Eyjafjarðarsýsla.		
Tekjur:		
Útistandandi sýsluvegagjöld frá f. á.	141 30	
Sýsluvegagjald	1232 35	1373 65
Gjöld:		
Skuld frá f. á.	321 24	
Vegabótakostnaður	145 05	
Eign til næsta árs, þar með talin útistandandi sýsluvegagjöld.	907 36	1373 65
4. Suður-Þingeyjarsýsla.		
Tekjur:		
Sýsluvegagjald	814 94	
Skuld við reikningshaldara	235 60	1050 54

124

	kr. a.	kr. a.
Gjöld:		
Skuld við reikningshaldara frá f. á.	295 63	
Vegabótakostnaður	754 91	1050 54
5. Norður-Þingeyjarsýsla.		
Tekjur:		
Eign frá f. á.	140 44	
Sýsluvegagjald . . . :	328 31	468 75
Gjöld:		
Vegabótakostnaður	274 63	
Eign til næsta árs	194 12	468 75
6. Norður-Múlasýsla		
Tekjur:		
Sýsluvegagjald . . . . . : . . .	1218 56	
Skuld við reikningshaldara	122 04	1340 60
Gjöld:		
Skuid við reikningshaldara	593 31	
Goldið samkvæmt úrskurði amtsráðsin s. . .	0 50	
Vegabótakostnaður	746 79	1340 60
7. Suður-Múlasýsla		
Tekjur:		
Eign frá f. á.	436 48	
Sýsluvegagjald	1476 86	
Lán sem sjóðurinn hefur tekið	700 00	2613 34
Gjöld;		
Lán sem sjóðurinn hefur tekið	700 00	
Borgað lánið	700 00	
Vegabótakostnaður	530 80	
Önnur gjöld	45 00	
Eign til næsta árs	637 54	2613 34

Íslands Norður- og Austuramt.
Akureyri, 19. nóvbr. 1889.
J. Havsteen.

125

Yfirlit

yfir fjárhag sýslusjóða í Norður- og Austuramtinu 1888.

1. Húnavatnssýsla:

	kr. a.	kr. a.
Tekjur:		
Eign frá f. á.	308 32	
Niðurjöfnun, 6 a. á hvert hundrað	600 59	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . .	490 00	1398 91
Gjöld:		
Kostnaður sjóðsins	663 00	
Varið til eflingar búnaði	490 00	
Eptirstöðvar	245 91	1398 91

2. Skagafjarðarsýsla. 125

	kr. a.	kr. a.
Tekjur:		
Eign frá f. á.	504 05	
Niðurjöfnun, 8 a. á hvert hundrað	795 47	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . .	460 00	
Aðrar tekjur	80 42	
Endurborgað lán	160 00	1999 94
Gjöld:		
Kostnaður sjóðsins	1070 00	
Varið til eflingar búnaði	460 00	
Til jafnaðar hið endurborgaða lán	160 00	
Eign til næsta árs	309 94	1999 94

3. Eyjafjarðarsýsla.

Tekjur:		
Eign frá f. á.	1004 95	
Niðurjöfnun, 12 a. á hvert hundrað	1293 36	
Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . .	480 00	
Aðrar tekjur	77 21	
Skuld við reikningshaldara til næsta árs . .	504 28	3359 80
Gjöld:		
Kostnaður sjóðsins	1465 93	
Varið til eflingar búnaði	668 50	
Eign í útistandandi lánum og ógreiddum gjöldum	1225 37	3359 80

4. Suður- Þingeyjarsýsla.

Tekjur:		
Eign frá f. á.	321 21	
Niðurjöfnun 14 a. á hvert hundrað	1078 15	
Aðrar tekjur	458 00	1857 36
Gjöld:		
Kostnaður sjóðsins	1494 00	
Eign til næsta árs	363 36	1857 36

5. Norður- Þingeyjarsýsla.

Tekjur:		
Eign frá f. á.	128 20	
Niðurjöfnun, 15 a. á hvert hundrað	336 84	565 04
Gjöld:		
Kostnaður sjóðsins	375 00	
Varið til eflingar búnaði	25 00	
Eign til næsta árs	165 04	565 04

6. Norður-Múlasýsla

Tekjur:		
Eign frá f. á.	560 19	
Niðurjöfnun, 8 a. á hvert hundrað	643 40	1203 59

125

		kr. a.	kr. a.
	Gjöld:		
	Kostnaður sjóðsins	952 20	
	Eign til næsta árs	251 39	1203 59
7. Suður- Múlasýsla.			
	Tekjur:		
	Eign frá f. á.	764 85	
	Niðurjöfnun, 20 a. á hvert hundrað	1444 80	
	Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . .	320 00	
	Aðrar tekjur	220 81	2750 46
	Gjöld:		
	Kostnaður sjóðsins	2054 40	
	Varið til eflingar búnaði	400 00	
	Eign til næsta árs	296 06	2750 46

Íslands Norður- og Austuramt.
Akureyri 19. nóvbr. 1889.
J. Havsteen.

17. des. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu*, **um styrktarsjóð Eiríks Ólafssonar.** Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður skýrt mjer frá, að eptir að sýslunefnd Strandasýslu hafi leitað sampykkis yðar á þeirri ráðstöfun hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, að stofna nautgripaábyrgðarsjóð fyrir þann hluta af styrktarsjóði Eiríks Ólafssonar, er tjeðum hreppi var ánafnaður við skiptingu Broddaneshrepps, hafið þjer í brjefi dags. 25. okt f. á. neitað sampykkis á slíku fyrirkomulagi, þar sem eigi væri heimild til að verja tjeðum sjóði öðruvísi en samkvæmt skipulagsskránni, sem er staðfest af konungi 18. apríl 1835, og enn fremur úrskurðað, að ekki beri að skipta styrktarsjóðnum milli hinna 2 hreppa, sem hinum forna Broddaneshreppi nú hefur verið skipt í, heldur eigi sjóðurinn óskiptur að koma að notum öllu því sveitarfjelagi, sem nefnt og ákveðið er í skipulagsskránni þ. e. á því svæði, er hinn forni Broddaneshreppur náði yfir áður en honum var skipt, og beri að öðru leyti viðvíkjandi stjórn sjóðsins að hlýða fyrirmælum skipulagsskrárinnar. En hlutaðeigandi hreppar hafa ekki viljað una þessum málalokum, og hafið þjer, með ofannefndu brjefi yðar 11. þ. m. sent mjer 2 brjef sýslumannsins í Strandasýslu, er flytja meðmæli sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu með þeim tilmælum hreppsnefndanna í Fellshreppi og Óspakseyrarhreppi, að jeg felli úrskurð yðar úr gildi að því er skipting sjóðsins snertir, og að því er Fellshrepp áhrærir, sampykki, að tiltölulegum hluta tjeðs hrepps af sjóðnum sje varið til þess að stofna nautgripa-ábyrgðarsjóð fyrir hreppinn.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem jeg hlýt að vera yður samdóma um það, að fylgja beri skipulagsskrá ofannefnds sjóðs, og skipulagsskránni verður eigi breytt nema ef vera skyldi með konungsúrskurði, þá geta ofannefnd tilmæli hreppsnefndanna ekki tekizt til greina; ber því eigi að skipta sjóðnum milli Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps sem öðrum eigum Broddaneshrepps, og þar sem Fellshreppi þannig ekki ber neinn sjerstakur, ákveðinn hluti, kemur eigi til greina nein sjerstök ráðstöfun af hans hálfu.

STJÓRNARTÍÐINDIN (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgángurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til: kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874 er kostar 95 aura, og árgangarnir 1886—89 er kosta 1 kr. 25 a. hver.

Stjórnartíðindin eru send kaupendum með póstum. Sje einhverju áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim. er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddvitum og póstafgreiðslumönnum er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á eigin kostnað.